

---

*GUÐLEGT*

---

*RÉTTLÆTI*

---

*Í NÁND*

---



*SHOGHI EFFENDI*

---

*Guðlegt réttlæti í nánd*

Útgáfuréttur á Íslandi ©2010

Bahá'í útgáfan – Öldugötu 2, Reykjavík

—Öll réttindi áskilin—

Umbrot og prentun: Staparent

Bókband: Bókadrekin

Bókin heitir á frummálinu: *Advent of Divine Justice*

Íslensk þýðing: Eðvarð T. Jónsson

## *Efnisyfirlit*

Formáli  
Endurteknar kreppur  
Eina höfuðvígið  
Stofnun stjórnskipulags trúarinnar  
Framtíðarmöguleikar  
Óbrigðult ljós Hans  
Óviðjafnanlegt ætlunarverk trúarinnar  
Andlegar forsendur fyrir árangri  
Mikil og yfirþyrmandi ábyrgð  
Brýnasta áskorunin  
Tvíþætt herferð  
Kennsluhliðin  
Vakning þjóða rómönsku Ameríku  
Grundvöllur varanlegra stofnana  
Hvatning til brautryðjenda  
Einstætt framlag kvenna  
Hvatning til bahá'í ungmenna  
Sérstaða Panama-lýðveldisins  
Órannsakanleg viska, alltknýjandi vilji  
Koma Guðsríkis  
Hlutskipti amerísku þjóðarinnar

## *Formáli*

Rit Shoghi Effendi, Guðlegt réttlæti í nánd, hefur sérstöðu meðal þeirra bréfa og pistla sem hann ritaði á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina. Það er að formi til pistill sem skrifaður var til til bahá'ía í Norður-Ameríku á upphafsárum Sjö ára áætlunarinnar fyrir Norður Ameríku. Sú áætlun hófst árið 1937 og var fyrsta áætlunin á mótunaröld bahá'í trúarinnar og jafnframt fyrsta skrefið sem samfélagið tók til að framkvæma fyrirmæli 'Abdu'l-Bahá í Töflum hinnar guðlegu áætlunar um útbreiðslu trúarinnar um allan heim.

Þótt ritinu Guðlegt réttlæti í nánd sé að formi til beint til amerísku átrúendanna hefur Shoghi Effendi sjálfur sagt að því „...hafi réttilega verið lýst sem stofnskrá fyrir bahá'í kennsluna.“ Í þessu riti koma einnig fram afdráttarlausar kröfur sem Vörðurinn gerir til bahá'í samfélagsins um siðferðilegu viðmiðin sem eiga að einkenna líf samfélagsins og einstaklinganna sem tilheyra því. Hann setur fram andlegar forsendur fyrir árangri á öllum sviðum í þróun og viðgangi trúarinnar og leggur áherslu á þá þætti sem tengjast andlegu lífi einstaklingsins og þeim mannlegu og félagslegu tengslum sem sérhver bahá'í ætti að rækta í daglegu lífi sínu.

Shoghi Effendi fjallar um þessar andlegu dyggðir með ítarlegum tilvitnunum í orð Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá og segir m.a.: „Grandvör breytni, sem felur í sér réttlæti, jöfnuð, sannsögli, heiðarleika, sanngirni, áreiðanleika og trúmennsku, verður að einkenna öll stig í lífi bahá'í samfélagsins... Hreint og heilagt líferni verður að vera sjálft hreyfiaflið í hegðun og framferði allra bahá'ía, bæði í samskiptum þeirra við meðlimi síns eigin samfélags, sem og í samskiptum þeirra við heiminn almennt.“

Shoghi Effendi lýkur miklu lofsorði á amerísku átrúendurna, dugnað þeirra, staðfestu og fórnir og fjallar um hlutverkið sem ameríska samfélaginu er ætlað í þróun þess nýja heimsskipulags sem Bahá'u'lláh

hefur gefið heiminum. Með mikilli ástúð en jafnframt af festu og ákveðni bregður Shoghi Effendi upp ógnvekjandi mynd af þeirri siðmenningu sem hið unga ameríska bahá'í samfélag bjó við og sem við á okkar dögum þekkjum sem vestræna siðmenningu. Hann varar við alvarlegum meinsemdum þessarar siðmenningar, öfgafullri efnishyggju, spillingu og kynþáttafordómum. Hann bendir amerísku átrúendunum á sannleika sem fáir höfðu hugleitt, að einmitt þessar meinsemdir voru leyndardómsfull ástæða þess að Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá völdu heimaland þeirra til að verða vagma nýs heimsskipulags.

Paul Haney.

# *Guðlegt réttlæti í nánd*

*Til ástvina Guðs og þjónustumeypja hins miskunnsama í Bandaríkjunum og Kanada.*

Elskuðu bræður og systur í ást Bahá'u'lláh:

1

Það myndi vissulega reynast erfitt að lýsa til fulls þeim tilfinningum innilegrar gleði og fagnaðar sem fylla hjarta mitt í hvert sinn sem ég staldra við og hugleiði stöðuga vitnisburði um kraftinn og orkuna sem einkennir staðfasta brautryðjendur heimsskipulags Bahá'u'lláh við framkvæmd þeirrar áætlunar sem þeim er falið að framfylgja. Samningurinn sem þjóðkjörnir fulltrúar ykkar skrifuðu undir og þær einstaklega uppörvandi framfarir sem lesa má um í hverri skýrslu landskennslunefndar á fætur annarri – hvorutveggja tákni um lokaáfangann í mesta verkefni sem fylgjendur trúar Bahá'u'lláh á Vesturlöndum hafa hrundið af stað – bera án nokkurs minnsta vafa vitni um tryggð ykkar, kraft og vandvirkni í ýmiskonar aðgerðum sem þróun Sjö ára áætlunarinnar hlýtur að fela í sér. Í báðum hliðum hennar og öllum smáatriðum er henni fylgt eftir af eftirbreytniverðri reglufestu og nákvæmni, af óbilandi dugnaði og með lofsverðum hraða.

2

Sú mikla ráðsnilld sem þjóðarfulltrúar amerísku átrúendanna hafa sýnt síðustu mánuðina eru, eins og aðgerðir þeirra bera með sér, í fullu samræmi við þann dygga, hiklausa og rausnarlega stuðning sem allir umbjóðendur þeirra hafa sýnt við framkvæmd heilagra skylduverka sinna á hverju tvísýnu stigi, í hverri nýrri sókn. Svo náin samskipti, svo

fullkomin samfella, svo stöðug samstilling og einhugur þeirra ýmsu aðila sem stuðla að lífrænum vexti og eru burðarstoðir sérhvers vel virks bahá'í samfélags – allt er þetta í augljósri mótsögn við upplausnina sem er sorglegt einkenni sundurleitra þátta nútíma þjóðfélags. Þar sem sérhver sýnileg prófraun sem Hinn almáttugi telur í órannsakanlegri visku sinni nauðsynlegt að leggja fyrir sitt útvalda samfélag þjónar aðeins því markmiði að sanna á nýjan leik grundvallarsamstöðu þess og treysta innri styrk þess, þá afhjúpa kreppurnar sem hver á fætur annarri skella yfir þessa spilltu öld sífellt betur eyðingaráhrifin sem draga hratt úr þreki hennar og grafa undan hnignandi stofnunum hennar.

### 3

Þeir sem samkenna sig samfélagi Hins mesta nafns verða að vera eilíflega þakklátir fyrir þessa milligöngu sívökullar forsjónar. Hvert nýtt tákni um óskeikula blessun Hans annarsvegar og prófraunir hins vegar, hlýtur að færa þeim mikla von og hugrekki. Þeir og aðrir sem á eftir koma í þessu starfi eru reiðubúnir að grípa hvert tækifæri sem örlagahjól trúarinnar býður þeim og láta ekki bugast andspænis krampakenndu umrótinu sem fyrir eða síðar verður hörmulegt hlutskipti þeirra sem neita að taka á móti ljósi trúarinnar. Þeir verða að sækja fram þangað til ferlin sem nú hafa verið sett af stað hafa gengið sér til húðar og lagt sitt af mörkum við fæðingu þess skipulags sem nú bærir á sér í kviði jóðsjúkrar aldar.

### *Endurteknar kreppur*

### 4

Það er óhjákvæmilegt að þessar síendurteknu kreppur sem með óheillavænlegri tíðni og ómótstæðilegu afli ríða yfir sífellt stærri hluta mannkyns haldi áfram að koma með einhverjum hléum og hafi að vissu marki skaðleg áhrif á heimssamfélag sem hefur kvíslast til ystu marka jarðar. Hvernig getur upphaf heimsumbrota sem leysa úr læðingi öfl sem raska með svo alvarlegum hætti þjóðfélagslegu, trúarlegu og efnahagslegu jafnvægi skipulagðs samfélags og valda

glundroða og öngþveiti pólitískra kerfa, kynþáttakenninga, þjóðfélagshugmynda, menningarlegra mælikvarða, trúfélaga og viðskiptatengsla – hvernig er annað mögulegt en að slík umbrot í svo miklum og áður óþekktum mæli hafi víðtæk áhrif á stofnanir ungrar trúar sem með kenningum sínum hefur bein og afgerandi áhrif á öll þessi svið mannlífs og mannlegrar hegðunar?

5

Þess vegna er ekki að undra þótt þeir sem halda á lofti fána svo gegnsýrandi trúar, svo ögrandi málstaðar, verði fyrir áhrifum af þessum heimsumblytandi öflum. Ekki að undra þótt þeir komist að raun um að í miðjum þessum svelg andstæðra ástríðna hafi frelsi þeirra verið skert, kenningar þeirra fordæmdar, stofnanir þeirra sætt árásum, hvatir þeirra ófrægðar, myndugleika þeirra stofnað í hættu og tilkalli þeirra hafnað.

6

Í hjarta meginlands Evrópu hefur myrkur sigið um stundarsakir yfir samfélag sem á það fyrir höndum, eins og ‘Abdu’l-Bahá spáði, að flytja geislandi ljós trúarinnar til nágrannalandanna í krafti andlegrar getu og landfræðilegrar legu. Ástæðurnar eru takmarkanir sem stjórnvöld sem haldin eru hörmulegum misskilningi á starfi sínu og hlutverki hafa kosið að leggja á þetta samfélag. Rödd þess er því miður þögnuð, stofnanir þess verið leystar upp, bókmenntir bannaðar, skjalasafn gert upptækt og fundir þess lagðir niður.

7

Í Mið-Asíu er borg sem nýtur þeirra einstæðu forréttinda að hafa verið valin af ‘Abdu’l-Bahá sem aðsetur fyrsta Mashriqu’l-Adhkár í bahá’í heiminum. Í þessari borg, bæjum og þorpum í sama héraði er langþjáð trú Bahá’u’lláh ofurseld valdhöfum sem óttast aukið afl hennar vegna þeirrar einstæðu lífsorku sem hún hefur sýnt áratugum saman sýnt og þeir hafa nú einsett sér að draga úr henni allan mátt. Musteri trúarinnar, sem þó enn er notað til bahá’í tilbeiðslu, hefur verið tekið eignarnámi,



ráð hennar og nefndir leystar upp, kennslustarfsemin brotin á bak aftur, helstu forvígismenn hennar fluttir úr landi og allmargir bestu stuðningsmanna hennar, konur og karlar, hneptir í fangelsi.

8

Í fæðingarlandi trúarinnar þar sem mikill meirihluti fylgjenda hennar býr – land með höfuðborg sem Bahá'u'lláh hyllti sem „móður heimsins“ og „fagnaðarsól mannkyns“ – hafa borgaraleg yfirvöld sem enn hafa ekki opinberlega sagt skilið við lamandi áhrif afdankaðrar, ofstækisfullrar og gjörspilltrar klerkastéttar, haldið áfram miskunnarlausri kúgunarherferð gegn fylgjendum trúar sem þeir hafa án árangurs í næstum heila öld reynt að bæla niður. Slík valdstjórn er skeytingarlaus um þann sannleika að meðlimir þessa saklausa og útskúfaða samfélags geta með réttu gert tilkall til að kallast óvilhøllustu, hæfustu og dyggustu vinir föðurlandsins. Hún er full fyrirlitningar á þeirri göfugu hugsjón heimsborgararéttar sem þeir aðhyllast – hugsjón sem talsmenn öfgafullrar og þröngrar þjóðernisstefnu geta aldrei vonast til að skilja eða meta að verðleikum. Þessi valdstjórn neitar að veita trú sem hefur innan sinna vébanda hátt í sex hundrað samfélög og fleiri fylgjendur á landsvísu en kristindómur, gyðingdómur og Sarabústratrú, nauðsynlegan rétt til að framfylgja lögum sínum, ráða ráðum sínum, reka skóla sína, halda hátíðir, dreifa rituðu efni, taka þátt í helgiathöfnum, reisa byggingar og standa vörð um eigur sínar.

9

Og nú nýlega í sjálfu landinu helga, hjarta og taugamiðstöð heimsumlykjandi trúar, hafa eldar kynþáttahators, bræðravíga og smánarlegra hermdarverka valdið uppnámi sem annars vegar hefur alvarleg áhrif á þann pílagramastraum sem er lífsblóð þessarar miðstöðvar og hins vegar ýmsum verkefnum sem stofnað var til í sambandi við varðveislu og stækkun svæðanna sem umlykja helgistaðina. Rísandi bylgja lögleysis hefur stofnað í hættu öryggi þess

litla samfélags átrúenda sem þar býr; stöðu þess sem hlutlauss og sérstæðs samfélag er óbeinlínis ógnað og frelsi þess til ákveðinna trúarathafna skert. Fjöldi morðárása og ofstækisverka, kynþáttalegs og trúarlegs eðlis, þar sem hlut eiga að máli leiðtogar og fylgjendur þriggja stærstu trúarbragðanna í því hálfsturlaða landi, hefur á stundum ógnað öllum eðlilegum samgöngum bæði innanlands og við umheiminn. Þótt ástandið hafi verið háskalegt hafa helgistaðir bahá'ía, sem njóta ástar og lotningar heimsumlykjandi trúar, notið verndar og varðveislu sem er kraftaverki líkust í ljósi þess hve margir þeir eru, hve auðvelt er að komast að þeim og hve varnarlausir þeir eru að ytri sýn.

## 10

Heimur sem er sjálfum sér sundurþykkur og í háskalegri innri upplausn horfist á þessum miklu tímamótum í augu við vaxandi giftu kornungtrar trúar – trúar sem stundum virðist ætla að sogast inn í misklíðarefni hans, flækjast í átökum hans, myrkvast af skuggalegu blikunum sem hrannast upp og gefast upp fyrir vaxandi flóði ofsafenginna ástríðna hans. Í sjálfu hjarta hennar, þar sem vagma hennar stendur, í hinu fyrsta og tígulega musteri hennar, í einni öflugustu miðstöðinni þar sem hún hefur blómgast fram til þessa, virðist trú Bahá'u'lláh, sem enn er í fjötrum, hafa hörfað fyrir aðsteðjandi öflum ofbeldis og glundroða sem í sífellu meiri mæli ógna mannkyni. Hið ytra virðast virki trúarinnar einangrast eitt af öðru, sæta árásum og falla. Þegar ljós frelsisins flöktir og slokknar, þegar háreysti deilnanna eykst með degi hverjum, þegar eldar ofstækis loga kröftugar í brjóstum manna, þegar kuldi vantrúar læsir sig miskunnarlaust um sál mannkynsins, virðast limir og líffæri í líkama trúar Bahá'u'lláh í mismiklum mæli hafa orðið þeim lamandi áhrifum að bráð sem nú halda öllum hinum siðmenntaða heimi í greipum sér.

## 11

Á hve skýran og áhrifamikinn hátt sannast ekki á þessum tímum

eftirfarandi orð ‘Abdu’l-Bahá: „Myrkur villunnar sem grúfir yfir austri og vestri á þessari völdugu öld berst við ljós guðlegrar leiðsagnar. Sverð þess og spjót eru hvöss og bitur; herafli þess afar blóðþyrstur.“ „Á þessum degi,“ segir hann á öðrum stað, „beinist kraftur allra trúarleiðtoga að því að dreifa samfélagi Hins almiskunnsama og leggja í rúst hina guðlegu byggingu. Herafli heimsins, hvort heldur efnislegur, menningarlegur eða pólitískur gerir árás á alla vegu því að málstaðurinn er mikill, afar mikill. Mikilleiki hans er á þessum degi skýr og auðsær augum manna.“

### *Eina höfuðvígið*

#### *12*

Eina höfuðvígið sem eftir stendur, sá máttugi armleggur sem enn heldur á lofti fána ósigrandi trúar, er ekkert annað en blessað samfélag fylgjenda Hins mesta nafns á meginlandi Norður- Ameríku. Með aðgerðum sínum og óskeikulli vernd almáttugrar forsjónar gerir þessi mikilsvirti meðlimur í nátengdu bahá’í samfélagi austurs og vesturs tilkall til að skoðast bæði sem vagma og vígi þess nýja heimsskipulags framtíðar sem er í senn fyrirheit og dýrð trúarkerfisins sem tengist nafni Bahá’u’lláh.

#### *13*

Hver sá sem hneigist til að gera lítið úr þeirri einstæðu stöðu sem þessu samfélagi hefur verið veitt eða draga í efa hlutverkið sem það á eftir að gegna á komandi tímum ætti að íhuga merkingu þessara þungvægu og upplýsandi orða sem ‘Abdu’l-Bahá lét falla með skírskotun til þess tíma þegar áþján og ógæfa heimsins náði hámarki í eyðileggjandi styrjöld. Þessi eru þýðingarmikil rituð orð hans: „Meginland Ameríku er í augum hins eina sanna Guðs landið þar sem ljós Hans mun opinberast, þar sem leyndardómar trúar Hans afhjúpast, þar sem hinir réttlátu munu dvelja og hinir frjálsum koma saman.“

## 14

Nú þegar hefur samfélag átrúendanna á meginlandi Norður- Ameríku – í senn frumkvöðull og mynstur þeirra samfélaga sem trú Bahá'u'lláh er ætlað að reisa upp í gjörvallri Vesturálfu í framtíðinni – sýnt að þrátt fyrir myrkrið sem grúfir yfir hefur það getu og hæfni til að verða kyndilberi þess ljóss, hirsla þeirra leyndardóma, málsvari þess réttlætis, griðastaður þess frelsis. Hvaða ljós annað geta ívitnuð orð 'Abdu'l-Bahá mögulega átt við, ef ekki ljós dýrlegrar gullaldar trúar Bahá'u'lláh? Hvaða leyndardóma gæti 'Abdu'l-Bahá haft í huga, ef ekki leyndardóma heimsskipulags á fósturstigi sem nú þróast í deiglu stjórnskipunar Hans? Hvaða réttlæti, ef ekki valdatími þeirrar réttlætisaldar sem það heimsskipulag eitt getur komið til leiðar? Hvaða frelsi, ef ekki frelsið sem yfirlýsing um full yfirráð þess mun veita í fyllingu tímans?

## 15

Samfélag skipulagðra frumkvöðla trúar Bahá'u'lláh á meginlandi Ameríku –andlegra afkomenda dagboða hetjaldar, sem með dauða sínum kunngerðu fæðingu trúarinnar – verður fyrir sitt leyti, ekki með dauða heldur lifandi fórnfýsi, að stofna til þess fyrirheitna heimsskipulags, skelinni sem áformað er að geymi ómetanlega perlu: heimsmenninguna sem trúin ein getur alið af sér. Meðan systursamfélög þess bogna undan ofsafengnum stormum sem stöðja að þeim úr öllum áttum, nýtur þetta samfélag óbifanlegrar verndar Hins alvalda og sækir stöðugan styrk í umboðið sem það fékk í töflum hinnar himnesku áætlunar. Það er önnum kafið við að leggja grunn og stuðla að vexti stofnana sem eiga að boða komu þess tíma, þegar heimsskipulag Bahá'u'lláh lítur dagsins ljós, vex og dafnar.

## 16

Samfélag sem er tiltölulega fámennt, fjarri höfuðstöðvum trúar sinnar og landinu þar sem yfirgnæfandi meirihluti trússystema þeirra býr; snautt af efnisgæðum, lítt þekkt og reynslulítið; fáfrótt um trú, hugmyndir og

venjur þeirra þjóða og kynþátta þar sem andlegir stofnendur þeirra uxu úr grasi, án nokkurrar þekkingar á þeim tungumálum sem helgirit þess voru upphaflega rituð á; með ófullkomnar þýðingar á aðeins broti af þeim bókmenntum sem geyma lög þess, kenningar og sögu; þjakað frá upphafi af grafalvarlegum prófraunum sem stundum fólu í sér liðhlaup þekktustu meðlima þess; til þess neytt frá upphafi og í vaxandi mæli að kljást við öfl spillingar, siðferðilegrar lausungar og inngróinna fordóma – slíkt samfélag hefur á innan við hálfri öld, án aðstoðar systursamfélaga sinna í austri og vestri og í krafti þess himneska valds sem allt-elskandi Meistari veitti því í ríkum mæli, gefið framsókn málstaðarins, sem það játaðist, slíkan krafti að samanlögð afrek trússystkina þeirra á Vesturlöndum komast þar ekki í samjöfnuð.

## 17

Varpa má fram þeirri einlægu spurningu, hvaða samfélag annað hafi átt þátt í að bæta mynstur og koma fyrstu hreyfingunni á þær stjórnstofnanir sem eru í fararbroddi í heimsskipulagi Bahá'u'lláh? Hvaða samfélag annað hefur með svo ákveðnum hætti getað sýnt ráðkænsku, aga, stálsettan vilja, brennandi áhuga og þolgæði, helgun og trúfesti sem eru lífsnauðsyn þegar sá burðarrámmi er byggður og stækkaður þar sem þessar nýfæddu stofnanir einar geta margfaldast og þroskast? Hvaða samfélag annað hefur sannað eldlegan áhuga sinn á svo göfugri sýn, verið fúsar til að rísa til slíkra hæða sjálfsfórnar og tilbúnar til slíkrar samstöðu að þær gátu á svo skömmum tíma og svo örlagaríkum árum reist byggingu sem vel má skoða sem merkasta og veigamesta framlag Vesturlanda til málstaðar Bahá'u'lláh? Hvaða samfélag annað getur réttilega gert tilkall til þess að hafa tekist með óstuddri viðleitni eins af sínum auðmjúku meðlimum að tryggja sjálfsprottna hollustu konungborinnar persónu við málstaðinn og fá framúrskarandi skriflegan vitnisburð um sannleika hennar? Hvaða samfélag annað hefur sýnt þá forsjálni, skipulagshæfileika, brennandi áhuga og ábyrgð að stofna og fjölga í landi sínu fyrstu skólunum sem með tímanum munu þróast í öflugar bahá'í menntastofnanir og jafnframt verða frjósamur vettvangur

fyrir nýliðun til gagns fyrir auðgun og treystingu kennsluliðs hennar? Frá hvaða samfélagi öðru hafa komið brautryðjendur sem sameina í slíkum mæli ómissandi eiginleika hugrekkis, helgunar, seiglu, sjálfsafneitunar og hiklausrar hollustu, að þeir yfirgefa heimili sín og allt sem þeir eiga, dreifa sér um alla jarðarkringluna og draga að hún sigursælan fána Bahá'u'lláh við ystu endimörk hennar?

Hverjir aðrir en meðlimir þessa samfélags hafa unnið til þess eilífa heiðurs að verða fyrstir til að hefja kallið *Yá Bahá'u'l-Abhá* í stórmikilvægum og víðfeðmum miðstöðvum og landsvæðum í hjarta Bretaveldis og Frakkaveldis, í Þýskalandi, Austurlöndum fjær, Balkanlöndum, Skandinavíu, rómönsku Ameríku, eyjum Kyrrahafsins, Suður Afríku, Ástralíu, Nýja Sjálandi og nú nýlega í Eystrasaltslöndum? Hverjir aðrir en þessir sömu brautryðjendur hafa verið reiðubúnir til að taka á sig byrðarnar, sýna þolímæðina og leggja fram fjármunina sem nauðsynlegir voru til að þýða, gefa út og dreifa helgiritunum – grunnforsendu sérhverrar vel skipulagðrar kennsluherferðar – á meira en 40 tungumálum? Hvaða samfélag annað getur gert tilkall til þess að eiga afgerandi hlutdeild í hattrænni viðleitni til að vernda og stækka þau svæði þar sem hin helgu graphýsi standa og hefja undirbúning að kaupum framtíðarsvæða fyrir alþjóðlegar stofnanir við heimsmiðstöðina? Hvaða samfélag annað getur sér til ævarandi hróss gert tilkall til að vinna að þjóðlegum og svæðisbundnum stofnskrám sínum og leggja þar með grunninn að þeim tvíburastofnskrám sem eiga að liggja til grundvallar starfsemi þeirra, skilgreina verksvið og vernda réttindi stofnana þeirra?

Hvaða samfélag annað getur hreykt sér af því að hafa samtímis fengið samþykki og lögformlega tryggingu fyrir þjóðareignum sínum og þannig rutt braut fyrir samskonar aðgerðum af hálfu svæðissamfélaga sinna? Hvaða samfélagi öðru hefur veitst sá æðsti heiður að útvega nauðsynlegt skjöl sem tryggðu viðurkenningu yfirvalda alríkisins og fylkjanna á andlegum ráðum þess og þjóðareignum, löngu áður en systursamfélög þess gerðu sér grein fyrir slíkum möguleika? Og loks, hvaða samfélag annað

hefur notið þeirra forréttinda að fá tækifæri til að hjálpa hinum þurfandi, tala málstað hinna fótumtroðnu og skerast einarðlega í leikinn til að vernda bahá'í byggingar og stofnanir í löndum eins og Persíu, Egyptalandi, Írak, Rússlandi og Þýskalandi, þar sem trússystkini þeirra þurftu á ýmsum tímum að þola áþján trúar- og kynþáttaofsókna?

## 18

Svo óviðjafnanlegur og glæsilegur þjónustuferill sem spannar hartnær 20 ára tímabil og tengist náíð hagsmunum og hlutskipti mikils hluta bahá'í heimsamfélagsins á skilið minnisverðan kafla í sögu mótunaráldar bahá'í trúarinnar. Slík ferilskrá, sem minningin um fyrri afreksverk amerísku átrúendanna styrkir og auðgar, er í sjálfu sér sannfærandi vitnisburður um hæfni þeirra til að axla ábyrgðina sem verkefni framtíðar kunna að leggja þeim á herðar. Það er nánast ómögulegt að ofmeta þýðingu þessara margvíslegu þjónustustarfa. Að meta réttilega gildi hennar og fjölyrða um kosti hennar og beinar afleiðingar er verkefni sem bahá'í sagnfræðingar framtíðar geta einir unnið svo vel sé. Ég get á þessari stundu aðeins fært til bókar þá djúpu fullvissu mína að samfélag sem getur unnið slík afrek, sýnt slíkan anda, risið til slíkra hæða, hlýtur nú þegar að búa yfir getu sem í fyllingu tímans gerir því kleift að sýna fram á rétt sinn til að teljast höfuðsmiður heimsskipulags Bahá'u'lláh.

## 19

Mikilfengleg er þessi ferilskrá og minnir að sumu leyti á afrek dagboða hetjualdar þegar trúin sjálf var borin í heim. En verkefnið sem tengist nafni þessa forréttindasamfélags er þó langt frá því lokið og rétt byrjað að koma í ljós. Það sem amerísku átrúendunum hefur tekist á næstum hálftrar aldar tímabili er smávægilegt samanborið við þau völdugu verkefni sem framundan eru. Gnýr hamfaranna sem í senn boða dauðastríð gamla skipulagsins og fæðingarhríðir hins nýja sýna að þessi verkefni, feiknleg að umfangi og einkennum, færast óðum nær.

## *Stofnun stjórnskipulags trúarinnar*

20

Fyrsta verkefnið sem þeim var falið að vinna sem skipulagt samfélag, sem ‘Abdu’l-Bahá hafði kallað til lífs með erfðaskrá sinn og fyrirmælum, var raunveruleg stofnun stjórnskipulags trúarinnar, uppbygging innviða hennar þess, mótun þeirra tækja sem það studdist við og treysting hliðarstofnana þess. Þetta fyrsta verkefni hafa þeir framkvæmt framúrskarandi fljótt og vel, af trúmennsku og krafti. Ekki fyrir höfðu þeir skapað og samræmt ýmsar nauðsynlegar deildir til að sjá um skilvirka afgreiðslu sérhvers stefnumáls sem þeir kynnu síðar að vilja hrinda í framkvæmd en þeir einbeittu sér af sama krafti og helgun að enn erfiðara verkefni – byggingu þess mannvirkis sem ‘Abdu’l-Bahá sjálfur lagði hornsteininn að. Og þegar samfélagið hafði lokið þessu afreksverki ákvað það í fullri vitund um heitar og innilegar bænir, hvatningar og fyrirheit í Töflu hinnar guðlegu áætlunar að takast á hendur annað verkefni sem að umfangi og andlegri getu lætur svo sannarlega öll önnur verkefni sem þeir hafa framkvæmt hverfa í skuggann. Með óslökkvandi áhuga og hugrekki hleyptu þeir Sjö ára áætluninni af stokkunum, fyrsta raunhæfa skrefinu í uppfyllingu þess ætlunarverks sem mælt var fyrir um í þessum tímamótatöflum. Í anda endurnýjaðrar helgunar hófu þeir tvíþætt verk sitt sem vænta má að nái fyllingu í hátíðinni sem haldin verður í tilefni aldarafmælis trúar Bahá’u’lláh. Þeir eru vel meðvitaðir um að öll framför í ytri fegrun þeirrar tignarlegu byggingar mun hafa bein áhrif á framgang kennsluherferðarinnar sem þeir hófu í Suður og Norður-Ameríku og gera sér fulla grein fyrir því að sérhver sigur sem þeir vinna á vettvangi kennslunnar mun auðvelda verkið og flýta fyrir því að byggingu musterisins ljúki. Nú sækja þeir fram með trú og hugrekki á báðum vígstöðvum til að rækja skyldur sínar við þá áætlun sem þeir hafa einsett sér að framkvæma.

21



Þeir ættu þó ekki að ímynda sér að framkvæmd Sjö ára áætlunarinnar sem fer saman við lok fyrstu aldar bahá'í tímans tákni endalok eða tímabundið hlé á verkefninu sem óskeikul hönd Hins almáttuga leggur fyrir þá. Upphaf annarrar aldar bahá'í tímans hlýtur að leiða í ljós stærri sjónarsvið, vera undanfari frekari áfanga og verða vitni að nýjum áætlunum umfangsmeiri en þeim sem þegar hafa verið settar í gang. Ef takast á að uppfylla til fulls og með sóma þær skyldur og þá ábyrgð sem höfundur hinnar guðlegu áætlunar hefur lagt þeim á herðar, verður að skoða þessa áætlun sem allt samfélag amerísku átrúendanna beinir nú athygli sinni, metnaði og auðlindum að sem aðeins upphaf, styrkleikapróf, og stiklu í átt að enn stærri herferð.

## 22

Því að lokaárangur áætlunarinnar sem nú er hafin felur í sér ekkert minna en myndun a.m.k. einnar miðstöðvar í sérhverju lýðveldi Vesturálfu. Skyldurnar sem kveðið er á um í þessum töflum kalla hins vegar á meiri útbreiðslu og gefa til kynna að miklu fleiri og hæfari meðlimir norður-ameríska bahá'í samfélagsins muni dreifa sér til allra landssvæða nýja heimsins.

Það er því ófað hlutverk amerísku átrúendanna að halda áfram á annarri öldinni því dýrlega verki sem hófst á lokaárum fyrstu aldarinnar. Þegar þeir hafa lagt sitt af mörkum til að veita starfsemi þessara nýju og einangruðu miðstöðva leiðsögn og þroskað hæfni þeirra til að hafa frumkvæði að myndun bæði svæðis- og þjóðarstofnana með sínum hætti, þá fyrst geta þeir verið vissir um að hafa á fullnægjandi hátt innt af hendi brýnar skyldur sínar samkvæmt guðlegu opinberaðri áætlun 'Abdu'l-Bahá.

## *Framtíðarmöguleikar*

## 23

EKKI heldur ættu þeir að gera sér í hugarlund eitt andartak, að lok verkefnis sem miðar að fjölgun bahá'í miðstöðva og þeirri aðstoð og leiðsögn sem nauðsynleg er til að renna stoðum undir stjórnskipulag

bahá'í trúarinnar í löndum rómönsku Ameríku, hafi til fulls gert að veruleika áætlunina sem 'Abdu'l-Bahá setti þeim fyrir sjónir. Hversu grunnfærnislega sem menn lesa töflurnar sem geyma þessa áætlun hans verður strax ljóst að umfang verksins nær langt út fyrir mörk Vesturálfu. Þegar eiginlegu verkefni þeirra og ábyrgðarstarfi innan Ameríku er lokið mun alþjóðlegt ætlunarverk þeirra komast á sitt dýrlegasta og mest afgerandi stig. 'Abdu'l-Bahá skrifaði sjálfur: „Á þeirri stund er amerísku átrúendurnir bera þessi guðlegu boð frá ströndum Ameríku og breiða þau út í Evrópu, Asíu, Afríku, Ástralasíu og til eyja Kyrrahafsins mun þetta samfélag fá tryggilega staðfestu í hásæti eilífra yferráða.“

24

Og þegar þessu feiknlega verkefni er lokið, hver veit nema þeirra bíði hlutverk enn stórkostlegra, óviðjafnanlegt í dýrð sinni og forákvarðað af Bahá'u'lláh? Slíkt ætlunarverk er svo geislandi dýrlegt, aðstæðurnar við framkvæmd þess svo fjarlægjar og atburðarás tímans þegar það nær hámarki sínu svo óviss, að allt of snemmt væri að gera tilraun til að draga upp útlínur þess af nokkurri nákvæmni. Það nægir að benda á að glundroði og þjáningar þessara „síðustu tíma“ munu skapa tækifæri sem engan hefur dreymt um. Ófyrirsjáanlegar aðstæður munu gera þeim átrúendum sem framkvæma áætlun 'Abdu'l-Bahá kleift, nei, knýja þá til að ná fullum árangri og krýna þjónustu þeirra við fótiskör Bahá'u'lláh nýjum sigursveigum í hlutverkinu sem þeir gegna í mótun nýs heimsskipulags.

25

Né skyldu þeir láta fram hjá sér fara þau margvíslegu tækifæri sem eru af allt öðrum toga og sem þróun trúarinnar sjálfrar, hvort heldur er við heimsmiðstöðina, á meginlandi Norður-Ameríku eða í fjarlægustu heimshornum, hlýtur að skapa. Þessi tækifæri eru enn ein hvatning til amerísku átrúendanna um að þeir gegni hlutverki sem ekki er síður áberandi en það sem þeir hafa áður gegnt með sameiginlegu framlagi

sínu til útbreiðslu málstaðar Bahá'u'lláh. Ég get á þessari stundu aðeins nefnt af handahófi nokkur þessara tækifæra sem helst koma upp í hugann þegar litið er til möguleika framtíðar: Kosning Allsherjarhúss réttvísinnar og stofnun þess í landinu helga, andleg og stjórnarfarsleg miðstöð bahá'í heimsins ásamt aðstoðardeildum þess og hliðarstofnunum; stigbundin bygging ýmissa hliðarstofnana fyrsta Mashriqu'l- Adhkár á Vesturlöndum, og flókin málefni sem snerta stofnun og stækkun burðarstoða bahá'í samfélagslífs; skráningu og dreifingu fyrirmælanna í Hinni helgustu bók, sem hafa í för með sér myndun löglegra og opinberlega viðurkenndra bahá'í dómstóla í vissum löndum Austurlanda; byggingu þriðja Mashriqu'l-Adhkár bahá'í heimsins í nágrenni Teheran-borgar og byggingu svipaðs tilbeiðsluhúss í landinu helga; lausn bahá'í samfélaganna úr fjöðrum rétttrúnaðar í íslömskum löndum eins og Persíu, Írak og Egyptalandi samfara viðurkenningu borgaralegra yfirvalda í þessum ríkjum á bahá'í þjóðar- og svæðisráðum; ráðstafanir til verndaraðgerða og forvarna sem grípa þarf til, samræma og framkvæma til að mæta harðvítugum og óumflýjanlegum árásum sem kirkjusamtök ýmissa trúfélaga munu óhjákvæmilega skipuleggja stig af stigi og fylgja miskunnarlaust eftir; og síðast en ekki síst þau fjölmörgu málefni sem blasa við, hindranir sem þarf að yfirstíga og ábyrgð sem þarf að axla til að gera marghrjádri trú kleift að sigrast á vanþekkingu umheimsins og kúgunaröflunum og öðlast fullkomna frelsun, sem síðan leiðir til viðurkenningar á henni sem sjálfstæðri trú sem nýtur fullkomins jafnræðis við systurtrúarbrögðin. Næsta stig er grundvöllun hennar og viðurkenning sem ríkistrúar sem aftur veitir henni þau forréttindi bahá'í ríkis sem starfar í fyllingu valds síns. Þessi áfangi mun að lokum ná hámarki í tilkomu hnattræns bahá'í samveldis sem stjórnast algjörlega af anda Bahá'u'lláh og starfar eingöngu í samræmi við lög Hans og meginreglur.

Ég er þess fullviss að amerísku átrúendurnir svari án tafar þeirri ögrun sem þessi tækifæri bjóða þeim og bregðist auk þess við kennsluákalli

‘Abdu’l-Bahá í töflum hans með gamalkunnu óttaleysi, festu og skilvirkni og þau viðbrögð staðfesti í augum alls heimsins tign þeirra og stöðu sem meistarasmiða máttugustu stofnana trúar Bahá’u’lláh.

### *Óbrigðult ljós Hans*

27

Heittelskuðu vinir! Þótt verkefnið sé tímafrekt og erfitt er umbunin sem algjöfull Gjafari hefur kosið að veita ykkur samt svo dýrmæt að hvorki tunga né pennt getur lýst því að verðleikum.

Þótt takmarkið sem þið sækid ótraud að sé fjarlægt og enn þá hulið augum manna, eru fyrirheit þess samt óafmáanlega greipt í staðfest og óumbreytanleg orð Bahá’u’lláh. Þótt sú stefna sem Hann hefur markað ykkur virðist stundum óskýr í þeim ógnvænlegu skuggum sem nú grúfa yfir þjökuðu mannkyni, er óbrigðult ljósið sem Hann lætur stöðugt lýsa ykkur samt svo bjart að enginn jarðneskur sorti getur nokkru sinni myrkvað ljóma þess. Þótt þið séuð enn fámenn og takmörkuð hvað varðar reynslu, völd og fjármuni er aflið sem gefur ætlunarverki ykkar orku takmarkalaust að umfangi og máttur þess ómælanlegur. Þótt óvinirnir sem öll velgengni í ætlunarverki ykkar hlýtur að vekja upp séu grimmir, margir og miskunnarlausir munu hinir ósýnilegu herskarar sem ykkur er heitið, ef þið sýnið þolgæði, skunda ykkur til hjálpar og gera ykkur að lokum kleift að gjörsigra þá og gera væntingar þeirra að engu. Þótt ekki sé dregin í efa sú blessun sem hlýtur að krýna fullunnið ætlunarverk ykkar og þótt þau guðlegu fyrirheit sem ykkur eru gefin séu stöðug og óafturkallanleg, hlýtur hið góða endurgjald sem hvert og eitt ykkar mun uppskera að vera háð þeirri daglegu viðleitni sem þið sýnið til að efla og flýta fyrir sigri þessa ætlunarverks.

Heittelskuðu vinir! Svo mjög sem ég ann ykkur og dáí og þótt ég sé fullviss um þá einstæðu hlutdeild sem þið getið átt og munuð án efa eiga í bahá'í starfsemi og þjónustu framtíðar, bæði á ykkar eigin meginlandi og á alþjóðavettvangi, tel ég mér að svo komnu máli skylt að mæla varnaðarorð. Því mikla lofi sem oft og verðskuldað er borið á hæfni, anda, framferði og háa stöðu amerísku átrúendanna, bæði sem einstaklinga og lifandi samfélags, má ekki undir neinum kringumstæðum rugla saman við einkenni og eðli þjóðarinnar sem þeir tilheyra og þar sem Guð hefur reist þá upp. Skýran greinarmun verður að gera á þessu samfélagi og þeirri þjóð og honum verður að halda á lofti óttalaust og af einurð, ef við viljum viðurkenna umbreytandi afl trúar Bahá'u'lláh á líf og mælikvarða þeirra sem hafa kosið að fylkja sér undir fána Hans. Að öðrum kosti munu æðstu einkenni og markmið opinberunar Hans, sem er ekki annað en að kalla fram nýjan kynstofn manna, ekki hljóta neina viðurkenningu og hverfa í skuggann.

### *Óviðjafnanlegt ætlunarverk trúarinnar*

Hversu oft hafa ekki spámenn Guðs, að Bahá'u'lláh meðtöldum, kosið að birtast og kunngera boðskap sinn í löndum og meðal þjóða og kynþátta sem voru ýmist í bráðri hnignun eða höfðu þegar sokkið í dýpstu djúp siðferðilegrar og andlegrar niðurlægingar. Sú hræðileg eymd og vesöld sem Ísraelsmenn sukku í undir niðurlægjandi harðstjórn faraóanna áður en þeir héldu á brott frá Egyptalandi undir forystu Móse; trúarleg, andleg, menningarleg og siðferðileg hnignun Gyðingaþjóðarinnar þegar Jesús Kristur kom fram á sjónarsviðið; villimannleg grimmd, gróft siðleysi og hjáguðadýrkun, sem í svo langan tíma höfðu verið ömurlegustu þættirnir í lífi arabísku ættbálkanna og kölluðu yfir þá slíka skömm þegar Múhammeð kom fram á meðal þeirra til að kunngera boðskap sinn;

ólýsanleg úrkynjun samfara spillingu, öngþveiti, umburðarleysi og kúgun í borgaralegu og trúarlegu lífi Persíu þegar Bahá'u'lláh kom með opinberun sína og sem margir fræðimenn, diplómatar og ferðamenn hafa lýst á svo eftirminnilegan hátt – allt ber þetta vitni um þessa óhjákvæmilegu grundvallarstaðreynd. Að halda því fram að meðfædd verðskuldun, hár siðgæðismælikvarði, pólitísk hæfni og félagsleg afrek einhvers kynþáttar eða þjóðar sé ástæðan fyrir því að guðlegur boðberi ljóssins birtist mitt á meðal þeirra væri fullkomin rangfærsla á sögulegum staðreyndum og fæli í sér algjöra afneitun á skýrum túlkunum og áherslum Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá.

30

Hve mikil áskorun hlýtur ekki að blasa við þeim sem tilheyra slíkum kynþáttum og þjóðum og hafa svarað kalli þessara spámanna, að viðurkenna afdráttarlaust og bera djarflega vitni þeim ótvíræða sannleika að það er ekki vegna neinna kynþáttayfirburða, pólitískrar hæfni eða andlegra dyggða kynþáttar eða þjóðar sem spámaður Guðs kys að birtast þar heldur er það bein afleiðing af knýjandi þörf, hörmulegri úrkynjun og ólæknandi öfughneigð. Spámaðurinn notar þennan kynþátt eða þjóð sem lyftistöng til að hefja allt mannkyn á hærra og göfugra stig í lífi þess og hegðun. Því það er einmitt undir slíkum kringumstæðum og með slíkum aðferðum sem spámennirnir hafa frá ómunatíð kosið, og verið færir um, að sýna endurlausnar afl sitt, hefja menn og konur af sinni eigin þjóð og kynstofni upp úr djúpum smánar og vesældar og veita þeim afl til að flytja öðrum kynþáttum og þjóðum hjálpræði, kraft og áhrif opinberunar sinnar.

31

Í ljósi þessarar grundvallareglu ætti stöðugt að hafa í huga og leggja áherslu á að helsta ástæða þess að Bábinn og Bahá'u'lláh kusu að birtast í Persíu og gera það land að frumhirslu opinberunar sinnar var sú, að af öllum þjóðum og lýðum hins siðmenntaða heims hafði þessi þjóð, eins

og ‘Abdu’l-Bahá oftlega lýsti, sokkið í slík djúp mánar og öfughneigðar að enga hliðstæðu var að finna meðal þjóða heims á þeim tíma. Því að ekkert sannaði jafn vel endurnýjunarkraft opinberana Bábsins og Bahá’u’lláh en vald þeirra til að umbreyta þjóð, sem í sannleika mátti líta á sem eina vanþróuðustu, huglausustu og öfugsnúunustu allra þjóða, í hetjukyn sem síðan varð kleift að koma til leiðar samskonar byltingu í lífi mannkynsins. Að birtast meðal kynþáttar eða þjóðar sem vegna innri verðleika og mikilla afreksverka ætti skilið þau ómetanlegu forréttindi að verða kerald slíkrar opinberunar myndi í augum vantrúaðs heims draga verulega úr virkni boðskaparins og halda aftur af sjálfstæðu og almáttugu afli hans. Andstæðurnar sem svo eftirminnilega er lýst í frásögn Nabíls milli hetjudáðanna sem gerðu líf og starf dagboðanna ódauðlegt og úrkynjunar og hugleysis þeirra sem rægðu þá og ofsóttu er í sjálfu sér áhrifamesti vitnisburðurinn um sannleika boðskapar Hans sem hafði blásið slíkum anda í brjóst lærisveina sinna.

### 32

Í ljósi þeirra voldugu vitnisburða sem Nabíl skýrir frá á svo sannfærandi hátt væri óverjandi fyrir nokkurn átrúanda af þeim kynþætti að halda því fram að ágæti þjóðar hans og rótgróið göfuglyndi væri aðalástæðan fyrir því að hún var útvalin fyrst allra þjóða til að taka á móti opinberunum Bábsins og Bahá’u’lláh.

### 33

Þótt í minna mæli sé hlýtur þessi regla af nauðsyn að eiga við um land sem hefur sannað rétt sinn til að skoðast sem vagga heimsskipulags Bahá’u’lláh. Svo háleitt starf, svo göfugt hlutverk, er ekki smærra í sniðum en hlutverkið sem þær ódauðlegu sálir gegndu sem með fullkominni sjálfsafneitun og fordæmalausum gerðum báru ábyrgð á fæðingu sjálfrar trúarinnar. Þeir sem eiga að taka svo ríkan þátt í fæðingu þeirrar heimssiðmenningar sem er skilgetið afsprengi trúar þeirra, skyldu ekki ímynda sér eitt andartak að vegna einhvers leyndardómsfulls áforms, einhverrar

meðfæddar getu eða sérstakrar verðskuldunar hafi Bahá'u'lláh valið að veita landi þeirra og þjóð svo mikinn og varanlegan heiður. Það er einmitt vegna hinna augljósu meinsemda sem öfgafull og þrækandi efnishyggja hefur því miður skapað innra með henni og þrátt fyrir önnur háleit einkenni hennar og afrek, að höfundar trúar þeirra og Miðja sáttmálans útvöldu hana sem fánabera þess nýja heimsskipulags sem rit þeirra boða. Það er með slíkum aðferðum sem Bahá'u'lláh getur best sannað fyrir gálausri kynslóð almætti sitt og vald til að reisa upp menn og konur frá þjóð sem er sokkin í haf efnishyggju, fórnarlamb hatrömmustu og langvinnustu kynþáttafordóma, illræmd fyrir pólitíska spillingu, lögleysu og siðferðilega lausung – menn og konur, sem með tímanum munu í síauknum mæli verða fordæmi þeirra ómissandi dyggða sjálfsafneitunar, siðferðilegs grandvarleika, skírlífis, vináttu án aðgreiningar, heilags aga og andlegs innsæis sem gerir þau hæf fyrir þann afgerandi hlut sem þau eiga í fæðingu nýs heimsskipulags og þeirri heimssiðmenningu sem land þeirra þarfnast svo mjög, ekki síður en mannkynið í heild sinni. Þeirra bíður sú skylda og forréttindi – fyrst sem stofnendur eins öflugasta máttarstólpans undir stofnun Allsherjarhúss réttvísinnar og síðan sem meistarasmíðir nýja heimsskipulagsins með Allsherjarhúsið sem kjarni þess og fyrirrennara – að innræta, sanna og beita þessum tveimur óhjákvæmilegu reglum guðlegs réttlætis og skipulags – reglum sem eru í svo átakanlegri mótsögn við pólitíska spillingu og siðleysi sem flekkar í auknum mæli þjóðfélag þeirra.

34

Athugasemdir á borð við þessar, hversu óþægilegar og niðurdrepanði sem þær kunna að virðast, ættu ekki á neinn hátt að blinda okkur fyrir þeim dyggðum og gáfum, æskufjöri, takmarkalaus frumkvæði og framtakssemi sem þjóðin í heild sýnir svo glöggt og sem í auknum mæli endurspeglast í samfélagi átrúendanna þar í landi. Hæfni samfélagsins til að leggja traustan



grundvöll að framtíðarhlutverki landsins með því að boða komu gullaldrar málstaðar Bahá'u'lláh hlýtur að miklu leyti að ráðast af þessum dyggðum og eiginleikum ekki síður en útrýmingu fyrrnefndra meinsemda.

### *Mikil og yfirþyrmandi ábyrgð*

35

Hve mikil og yfirþyrmandi er ekki sú ábyrgð sem þessi kynslóð amerísku átrúendanna á þessu upphafsstigi í andlegri og stjórnarfarslegri þróun þeirra verða að axla í því skyni að uppræta með öllum tiltækum ráðum þá annmarka, venjur og tilhneigingar sem þeir hafa erfð frá sinni eigin þjóð og rækta með þolinmæði og í bænarahug þá sérstöku eiginleika og einkenni sem eru svo mikilvægir fyrir virka þátttöku þeirra í völdugu endurlausnarverki trúarinnar. Þótt þeir hafi enn sem komið er ekki nein teljandi áhrif á allan þorra samlanda sinna vegna smæðar og takmarkaðra áhrifa samfélagsins ættu þeir núna að beina athyglinni að sínu eigin sjálfi, sínum eigin þörfum sem einstaklingar, persónulegum göllum og veikleikum, og minnst þess ætíð að öll aukin viðleitni af þeirra hálfu gerir þá hæfari fyrir þann tíma þegar þeir verða kvaddir til að uppræta þessar illu tilhneigingar úr lífi og hjörtum alls þorra samborgara sinna. Þeir ættu ekki heldur að horfa fram hjá þeirri staðreynd að heimsskipulagið, sem þeir í hlutverki framvarða bahá'í kynslóða framtíðarinnar í landinu reyna nú að koma á fót, verður aldrei hægt að byggja upp fyrr en og þangað til allur þorri þjóðarinnar sem þeir tilheyra hefur verið hreinsaður af þeim ýmsu meinsemdum sem nú þjaka hana í svo ríkum mæli, bæði félagslegum og pólitískum.

36

Er ég lít yfir brýnustu þarfir samfélagsins í heild og reyni að leggja mat á hvað það skortir mest til að geta innt af hendi verkefni sitt með eðli þess stærra verkefnis sem það verður að glíma við í framtíðinni ávallt í huga, tel

ég það skyldu mína að leggja sérstaka áherslu á og beina eindreginni athygli allra amerísku átrúendanna, ungra og aldinna, hvíttra og litaðra, kennara og stjórnenda, nýliða og gamalreyndra, að því sem ég tel vera höfuðforsenduna fyrir góðum árangri í þeim verkefnum sem nú krefjast óskiptrar athygli þeirra. Þótt mikilvægt sé að smíða ytri tæki og fullkomna stjórnstofnanir, sem þeir geta notað í framkvæmd hins tvíþætta verkefnis Sjö ára áætlunarinnar; þótt þær herferðir sem þeir eru að hefja séu nauðsynlegar og mikilsverðar ásamt þeim áætlunum og verkefnum sem þeir eru að leggja drög að, auk fjársafnana til gagns fyrir virka framkvæmd kennslunnar og musterisbygginguna, eru óefnislegu og andlegu þættirnir sem tengjast þeirra innra lífi og varða mannleg og félagsleg samskipti þeirra, ekki síður mikilvægir og nauðsynlegir og krefjast stöðugrar athygli, sífelldrar sjálfskoðunar og innri leitar af þeirra hálfu ef gildi þessara þátta á ekki að minnka og tilfinningin um nauðsyn þeirra að dofna eða gleymast.

### *Andlegar forsendur fyrir árangri*

37

Af þeim andlegu forsendum fyrir árangur – klettinum sem öryggi allra kennsluáætlana, musterisverkefna og fjárhagsáætlana hlýtur endanlega að hvíla á – eru eftirfarandi mikilvægastar og þýðingarmestar og meðlimir ameríska bahá'í samfélagsins gerðu rétt í að íhuga þær vel. Að því marki sem þeir viðurkenna þessar forsendur og uppfylla þær í einkalífi sínu, stjórnunarstörfum og félagslífi, í sama mæli hlýtur örlátur Eigandi alls sem skapað er að miðla af margvíslegum blessunum sínum. Þessar forsendur eru ekkert annað en háleit siðabreytni í félags- og stjórnunarstarfi, algjör hreinleiki í lífi þeirra sem einstaklinga og fullkomid fordómaleysi í samskiptum þeirra við fólk af öðrum kynþáttum, stéttum, trúarbrögðum og litarhætti.

38

Fyrstu forsendunni er sérstaklega, en þó ekki eingöngu, beint til kjörinna fulltrúa samfélagsins hvort sem þeir starfa á svæðis-,

lands- hluta- eða þjóðarvettvangi. Í starfi sínu sem verndarar og meðlimir nýfæddra stofnana trúar Bahá'u'lláh axla þeir höfuðábyrgðina á því að leggja traustan grundvöll að Allsherjarhúsi réttvísinnar sem, eins og nafnið gefur til kynna, á að verða málsvari og verndari þess guðlega réttlætis sem eitt getur tryggt öryggi og grundvallað lög og rétt í undarlega glundroðakenndum heimi. Annarri forsendunni er fyrst og fremst beint til bahá'í ungmenna sem geta lagt svo mikið af mörkum til lífsorku, hreinleika og drifkrafts í bahá'í samfélagslífi. Undir þeim er komin framtíðarstefna þess og fullkomin uppfylling þeirra möguleika sem Guð hefur gætt það. Hin þriðja ætti að vera tafarlaust, algilt og helsta viðfangsefni allra meðlima bahá'í samfélagsins, hver sem aldur þeirra, staða, reynsla, stétt eða litarháttur er. Allir án undantekningar verða að horfast í augu við þessa áskorun og enginn getur sagt, hversu mjög sem honum hefur farið fram á þessu sviði, að hann hafi axlað til fulls þá ströngu ábyrgð sem hún felur í sér.

### 39

Grandvör breytni, stöðug og óbifandi réttlætiskennnd, fullkomlega laus við þau afsiðunaráhrif sem stjórnmálalífið, þjakað af spillingu, ber svo glöggt vitni um; skírt, hreint og heilagt líferni, óflekkað af siðleysi, löstum, fölskum mælikvörðum sem meingallaðar siðareglur samþykkja, ýta undir og viðhalda; bræðralag sem er laust við það æxli kynþáttafordóma sem tærir innviði langveiklaðs þjóðfélags – þetta eru hugsjónirnar, sem amerísku átrúendurnir verða sem einstaklingar og með sameiginlegu átaki að gera að veruleika, jafnt heima sem heiman; hugsjónir, sem eru sá drifkraftur sem best getur hraðað viðgangi stofnana þeirra, áætlanu og framkvæmda; hugsjónir sem geta varðveitt heiður og flekkleysi trúarinnar og sigrast á öllum hindrunum sem kunna að verða á vegi hennar í framtíðinni.

### 40

Grandvör breytni, sem felur í sér réttlæti, jöfnuð, sannsögli, heiðarleika, sanngirni, áreiðanleika og trúmennsku, verður að einkenna öll stig í lífi bahá'í samfélagsins. „Félagar Guðs,“ hefur Bahá'u'lláh sjálfur sagt, „eru á þessum degi súrdeigið, sem sýra verður þjóðir heimsins. Þeir verða að vera svo heiðvirðir, sannsöglir og þolgóðir, svo dáðrakkir og styrkir í lund, að allt mannkynið megi hagnast af fordæmi þeirra“ „Ég sver við Hann sem er úthafið mesta!“ staðfestir Hann enn á ný, „Í sjálfum andardrætti þeirra sálna sem eru hreinar og helgaðar felst mikil geta og eiginleikar. Svo máttug er þessi geta að hún hefur áhrif á allt sem skapað er.“ Á öðrum stað ritar Hann: „Sá er sannur þjónn Guðs sem á þessum degi mundi ganga í gegnum borgir af gulli og silfri án þess að virða þær viðlits og væri í hjarta sínu hreinn og ósnortinn af öllu sem sýnilegt er í þessum heimi, hvort heldur það eru gæði hans eða fjársjóðir. Ég sver við sól sannleikans! Andardráttur slíks manns er gæddur mætti og orð hans aðdráttarafli.“ „Ég sver við Hann, sem skín yfir dagsbrún heilagleika!“ opinberar Hann af enn meiri þunga: „Þótt öll jörðin yrði að gulli og silfri gæti enginn maður sem segja mætti að stigið hafi upp til himins trúar og fullvissu virt hana viðlits, hvað þá slegið á hana eign sinni.... Þeir sem dvelja í tjaldbúð Guðs og eru staðfestir í aðsetri eilífrar dýrðar munu, jafnvel þótt hungurdaudi blasi við þeim, neita að rétta út höndina og taka með ólögmatum hætti eigur náunga síns, hversu óverðugur og lítilmótlegur sem hann kann að vera.

Tilgangur hins eina sanna Guðs með opinberun sinni er að kalla allt mannkyn til sannleiksástar og einlægni, til guðrækni og trúmennsku, til undirgefni og hlýðni við vilja Guðs, til umburðarlyndis og vináttu, til visku og heiðarleika. Áform Hans er að skrýða hvern mann kyrtli heilags lundernis og prýða hann djásnum heilagra og háleitra gerða.“ „Vér höfum áminnt alla ástvini Guðs,“ segir Hann „um að flekka ekki heilagan klæðafald Vorn með sora

ólögmætra gerða eða dusti ámælisverðrar hegðunar.“ „Hvikið ekki frá réttlætinu, ó fylgjendur Bahá! Þetta eru vissulega fyrirmælin sem Hinn rangtleikni gefur yður og hið fyrsta sem óheftur vilji Hans kýs yður öllum.. „Góð skaphöfn,“ útskýrir Hann, „er vissulega besti kyrtillinn sem Guð íklæðir mennina. Með honum skryðir Hann musteri ástvina sinna. Sem ég lifi! Ljós góðrar skaphafnar skín skærar en sólin í ljóma sínum.“ „Ein réttlát gerð,“ ritar Hann aftur, „býr yfir krafti sem getur hafið duftið yfir himin himnanna. Hún getur slitið öll bönd og hefur vald til að endurnýja kraftinn sem gengið hefur til þurrðar og eyðst.... býr yfir krafti sem getur hafið duftið yfir himin himnanna. Hún getur slitið öll bönd og hefur vald til að endurnýja kraftinn sem gengið hefur til þurrðar og eyðst.... Verið flekklausir, ó fylgjendur Guðs, verið flekklausir; verið réttvísir, verið réttvísir... Seg: Ó fylgjendur Guðs. Það sem getur tryggt sigur sannleikans eilífa, herskara Hans og fulltingismanna á jörðunni, stendur skrifað í helgum bókum og ritningum og er jafn auðljóst og sólin. Þessir herskarar eru þær réttlátu gerðir, sú hegðun og lyndiseinkunn sem er þóknanleg fyrir augliti Hans. Hver sem rís upp á þessum degi til að hjálpa málstað Vorum og kallar sér til liðs herskara lofsverðs lundernis og göfugrar breytni – áhrifin af slíkri gerð munu vissulega berast um heim allan.“ „Hægt er að bæta heiminn,“ segir Hann á öðrum stað, „með hreinum og góðum gerðum, með lofsverðu og sæmandi framferði.“ „Verið sanngjarnir við sjálfa yður og aðra svo að vitnisburður réttlætis megi birtast sakir gerða yðar meðal trúfastra þjóna Vorra.“ „Ó ‘Alí, seg ástvinum Guðs að réttlæti sé undirstaða mannlegra dyggða. Allt verður að meta á grundvelli þess.“ Og aftur, „Gætið réttlætis í dómum yðar, þér sem hafið skilningsrík hjörtu! Sá sem fellir ranglátan úrskurð er rúinn þeim auðkennum sem heyra stöðu mannsins “ „Fegrið mál yðar, ó menn, með sannsögli,“ varar Hann þá ennfremur við, „og prýðið sálir yðar djásni heiðarleika. Varist, ó menn, að fara sviksamlega að nokkrum. Verið trúnaðarmenn Guðs meðal skepna Hans og tákn

örlætis Hans meðal fólks Hans.“

„Látið auga yðar vera tært, hönd yðar tryggja, tungu sannsögla og hjarta yðar uppljómað.“ „Ver djásn á ásýnd sannleikans,“ er enn önnur hvatning Hans, „kóróna á enni trúmenskunnar, stólpi musteri réttlætisins, lífsandi líkama mannkynsins, tákn herskara réttvísinnar, skínandi hnöttur yfir sjónbaug dyggðarinnar.“ „Seg: Látið sannsögli og hæversku vera djásn yðar,“ er enn ein hvatning Hans. „Leyfið eigi að þér séuð sviptir kyrtli umburðarlyndis og réttlætis, svo að ljúf angan heilagleikans megi berast frá hjörtum yðar yfir allt sem skapað er. Seg: Varist, ó fylgjendur Bahá, að ganga vegu þeirra, sem segja annað en þeir gera. Sýnið viðleitni, að þér megið birta þjóðum jarðarinnar tákn Guðs og endurspegla boð Hans. Látið gerðir yðar verða leiðsögn öllu mannkyni, því að orð flestra manna, hárra og lágra, eru frábrugðin hegðun þeirra. Það er með gerðum yðar sem þér getið aðgreint yður frá öðrum. Með hjálp þeirra getur birtan af ljósi yðar upplýst alla jörðina. Sæll er sá sem gætir ráða minna og heldur fyrirmæli Hins alvitra og alvísa.“

#### 41

„Ó her Guðs!“ ritar ‘Abdu’l-Bahá. „Með vernd og aðstoð Hinnar blessuðu fegurðar –megi lífi mínu verða fórnað ástvinum Hans – verðið þér að hegða ykkur þannig að þér berið af geislandi eins og sólin meðal annarra sálna. Komi einhver yðar inn í borg ætti hann að verða miðdepill aðlöðunar vegna einlægni sinnar, trúfesti og ástar, heiðarleika síns og tryggðar, sannsögli og ástúðar gagnvart öllum þjóðum heims svo að íbúar þeirrar borgar hrópi: „Þessi maður er án efa bahá’íi því siðir hans, framferði, hegðun, siðferði, eðli hans og lyndiseinkunn endurspegla eigindir bahá’ía.“ „Það er ekki fyrr en þér hafið náð þessari stöðu að hægt að segja að þér hafið verið trúir sáttmála og erfðaskrá Guðs.“ „Mesta skyldan á þessum degi,“ segir hann enn fremur, „er að hreinsa skaphöfn, leiðréttu siði og bæta framferði yðar. Ástvinir Hins miskunnsama verða að sýna slíka skapfestu og breytni meðal skepna Hans, að ilmurinn af heilagleik þeirra megi berast um heim allan og vekja hina dauðu, því að tilgangur opinberunar Guðs og dagrenning takmarkalaus ljóss Hins

ósýnilega er að uppfræða sálir manna og faga skaphöfn sérhvers lifandi manns...“

„Sannsögli,“ staðhæfir hann, „er grundvöllur allra mannlegra dyggða. Án sannsögli er framför og velgengni sérhverrar sálar ómöguleg í öllum veröldum Guðs. Þegar þessi heilaga eigind hefur fest rætur í mannum mun hann einnig öðlast alla aðra guðlega eiginleika.“

42

Þessi grandvarleiki breytinnar verður að birtast æ skýrar í hverjum þeim dómi sem kjörnir fulltrúar bahá'í samfélagsins, hvaða hlutverki sem þeir gegna, kunna að verða kvaddir til að fella. Hann verður ávallt að endurspeglast í umsvifum allra meðlima þess, í heimilislífi þeirra, í öllu starfi þeirra og í hverskonar þjónustu sem þeir kunna í framtíðinni að veita þjóð sinni eða ríkisstjórn. Hann verður að koma skýrt í ljós í hegðun allra bahá'í kjósenda þegar þeir sinna heilögum störfum sínum og réttindum. Hann verður að einkenna þá afstöðu sérhvers trúfasts bahá'ía að þiggja ekki pólitísk embætti, samkenna sig ekki stjórn málaflökkum og taka ekki þátt í stjórn mála eilum né eiga aðild að stjórn mála samþökum eða kirkjustofnunum. Hann verður að birtast í skýlausri hollustu allra, ungra og aldinna, við þær ótvíræðu meginreglur sem 'Abdu'l-Bahá setur fram í ávörpun sínum og við þau lög og fyrirmæli sem Bahá'u'lláh kunngerði í helgustu bók sinni. Hann verður að birtast í óhlutrægni allra sem verja trúna gegn óvinum hennar, í sanngjarnri viðurkenningu á öllum þeim kostum sem andstæðingar þeirra kunna að vera búnir og heiðarlegri rækt þeirra skyldna sem þeir kunna að hafa gagnvart þeim. Hann verður að vera bjartasta djásnið í máli, lífi, starfi og striti sérhvers bahá'í kennara, heima og heiman, hvort sem hann er í framvarðarsveit kennslunnar eða gegnir óvirkari og ábyrgðarminni stöðu. Hann verður að vera helsta einkenni hinnar fámennu, en geysiöflugu og ábyrgu stofnunar þjóðkjörinna fulltrúa sérhvers bahá'í samfélags, stofnunar sem er burðarstoð og eina tæki hvers samfélags til að kjósa til Allsherjarhússins, en sjálft nafn þess og titill tákna, eins

og ákvarðað var af Bahá'u'lláh, þann grandvarleika breytninnar sem er æðsta markmið þess að vernda og gera að veruleika.

43

Svo mikil og ofvaxin mannlegri skynsemi er þessi meginregla guðlegs réttlætis – regla sem verður að teljast kóróna allra svæðis- og þjóðarráða í hlutverki þeirra sem fyrirrennarar Allsherjarhúss réttvísinnar – að Bahá'u'lláh beygir sjálfur persónulegar hneigðir sínar og óskir undir alltknýjandi kröfur þess og kvaðir. „Guð er Mér til vitnis,“ útskýrir Hann, „væri það ekki andstætt lögum Guðs, myndi Ég hafa kysst hönd tilvonandi morðingja Míns og arfleitt hann að jarðneskum eigum Mínum. Ég er aftur á móti háður þeim bindandi lögum sem skráð eru á Bókina og er sjálfur rúinn öllum jarðneskum eigum.“ Þýðingarmikil staðfesting Hans hljómar svo: „Vit í sannleika að þær miklu þrengingar sem komið hafa yfir heiminn eru að undirbúa hann fyrir komu hins mesta réttlætis.“ Enn segir Hann: „Seg, Hann hefur birst með því réttlæti sem mannkynið hefur verið prýtt en flestir menn eru þó enn í fastasvefni.“ „Ljós mannanna er réttlætið,“ segir Hann enn fremur, „slökk það ekki með misvindi kúgunar og harðstjórnar.

44

Tilgangur réttlætis er að eining birtist meðal manna.“ „Enginn ljómi,“ segir Hann, „getur jafnast á við ljóma réttlætisins. Skipulag heimsins og rósemi mannkyns er undir því komið.“ „Ó fólk Guðs!“ hrópar Hann, „Það sem þjálfar heiminn er réttlæti því það hvílir á tveimur stoðum, umbun og refsingu. Þessar tvær stoðir eru uppspretta lífs fyrir heiminn.“ „Réttlæti og réttisýni eru tveir verðir sem vernda manninn“ er enn önnur fullyrðing Hans. „Þeir hafa birst íklæddir máttugum og helgum nöfnum til að temja heiminum heiðarleika og vernda þjóðirnar.“ „Vaknið til dáða, ó menn, og búið yður undir daga guðdómlegs réttlætis því að stundin fyrirheitna er runnin upp. Varist að vanmeta þýðingu hennar og verða taldir til hinna villuráfandi.“ „Þó nálgast sá dagur er hinir trúföstu munu sjá sól réttlætisins skína í



fullum ljóma frá dagsbrún dýrðarinnar.“ „Sú smán sem Mér var gert að bera,“ eru þýðingarmikil orð Hans, „hefur afhjúpað dýrðina sem allri sköpuninni hefur hlotnast og sakir grimmdarverkanna sem É g hef þolað hefur sól réttlætisins runnið upp og úthellt ljóma sínum yfir mennina.“ „Heimurinn,“ ritar Hann enn, „er þjakaður af glundroða og hugir mannanna fullkomlega ráðvilltir. Vér biðjum Hinn almáttuga þess að Hann af náð sinni upplýsi þá dýrð réttlætis síns og geri þeim kleift að uppgötva það sem er þeim ætíð og undir öllum kringumstæðum til hagsbóta.“ Og enn: „Alls enginn vafi getur leikið á því að ef sól réttlætisins, sem ský harðstjórnar hafa myrkvað, úthelli ljósi sínu yfir mennina yrði gerbreyting á ásýnd jarðar.“

45

„Guði sé lof!“ hljómar kall ‘Abdu’l-Bahá, „Sól réttlætis hefur risið yfir sjónarhring Bahá’u’lláh. Því Hann hefur í töflum sínum lagt grundvöll að réttlæti sem enginn hefur gert sér í hugarlund frá upphafi sköpunarverksins.“ „Tjaldhiminn tilverunnar,“ skýrir hann frekar, „hvíli á stoð réttlætis en ekki fyrirgefningar og líf mannkynsins er háð réttlæti en ekki fyrirgefningu.“

46

Það er því engin furða, þótt Höfundur bahá’í opinberunarinnar skyldi hafa kosið að tengja nafn og titil þess Húss, sem verða á dýrlegt höfuðdjásn stjórnstofnana Hans, við réttlæti fremur en fyrirgefningu, að hafa gert réttlætið að eina grundvelli og varanlegri undirstöðu Hins mesta friðar og hafa lýst því í Huldum orðum sínum, sem „ástkærustu alls“ fyrir augliti sínu. Það er sérstaklega til amerísku átrúendanna sem mér finnst brýnt að beina þeirri eindregnu bón að hugleiða í hjarta sínu það sem felst í þessum grandvarleik breytninnar og halda á lofti af hjarta og sál án málamiðlana, bæði sem einstaklingar og samfélag, þessum æðsta mælikvarða þar sem réttlæti er svo ríkur, óumflýjanlegur og öflugur þáttur.

47

Hreint og heilagt líferni ber að skoða sem meginþáttinn sem miðla verður tilskildum skerfi til styrkingar og lífgunar bahá'í samfélagsins, en undir slíku líferni hlýtur árangur sérhverrar bahá'í áætlunar og starfsemi að vera kominn. Á þessum dögum þegar vantrúaröflin veikja siðgæðiskenndina og grafa undan burðarstöðum einstaklingssiðferðis, hlýtur skyldan til að virða skírlífi og heilagt líferni að kalla á síaukna athygli amerísku átrúendanna, bæði sem einstaklinga og sem ábyrgra aðila sem varðveita hagsmuni trúar Bahá'u'lláh. Þeir verða að skera sig úr og gegna veigamiklu hlutverki við framkvæmd slíkrar skyldu sem hefur sérstaka þýðingu vegna þeirra sérstöku kringumstæðna sem eiga rætur í öfgakenndri og lamandi efnishyggu sem nú ríkir í landi þeirra. Öll verða þau, jafnt karlar sem konur, á þessari ógnvænu stund þegar ljós trúarinnar fölna og aðhaldið sem trúin veitir dvínar jafnt og þétt, að staldra við og skoða hug sinn, gaumgæfa hegðan sína og hefjast handa með framúrskarandi einbeitni um að hreinsa líf samfélags síns af hverjum votti siðferðilegrar undanlátssemi sem flekkað gæti nafn eða vanvirt heiður svo heilagrar og dýrmætrar trúar.

48

Hreint og heilagt líferni verður að vera grundvallarreglan sem stýrir hegðun og framferði allra bahá'ía, bæði í félagslegum samskiptum þeirra við meðlimi síns eigin samfélags og í samskiptum þeirra við heiminn almennt. Slíkir lífshættir verða að prýða og efla stöðugt starf og árangursríkt erfiði þeirra sem eru í þeirri öfundsverðu aðstöðu að flytja boðskapinn og stjórna málefnum trúar Bahá'u'lláh. Þeim verður að fylgja eftir með ítrasta heiðarleika og ráðvendni á öllum sviðum í lífi þeirra sem fylla raðir trúarinnar, hvort sem þeir eru heima hjá sér, í klúbbum sínum, á ferðalögum, í samtökum, á skemmtunum, í skólum og háskólum. Þessum lífsháttum verður að gefa sérstakan gaum í stjórn félagslegrar starfsemi sérhvers bahá'í sumarskóla og við öll önnur tækifæri þar sem bahá'í samfélagslífið er skipulagt og þróað. Þessa lífshætti verður að tengja náið og stöðugt við hlutverk

bahá'í æskunnar, bæði sem þætti í lífi bahá'í samfélagsins sem og í framtíðarþróun og stefnumörkun æskunnar í hennar eigin landi.

49

Svo skírt og heilagt líferni með tilsvarendi hæversku, hreinlífi, bindindissemi, heiðarleik og flekklausu hugarfari, felur í sér ekkert minna en beitingu hófsemi í öllu því sem varðar klæðaburð, málfar, skemmtan og í allri listrænni og bókmenntalegri köllun. Það krefst daglegrar árvekni í stjórn holdlegra ástríðna og spilltra tilhneiginga. Það hvetur til fráhrarfs frá léttúðarfullu framferði með öfgakenndri ásókn í lítilmótlegar og oft afvegaleiðandi nautnir. Það krefst algjörðs bindindis á alla áfenga drykki, ópíum og önnur vanabindandi eiturlyf. Það fordæmir vændi lista og bókmennta, nektarstefnu, óvígða sambúð, ótryggð í hjúskap og hverskonar lauslæti, léttúðarfullan kunningsskap og kynferðislega lesti. Það getur ekki þolað neina málamiðlun við kenningar, venjur og öfgar spilltrar aldar. Nei, það reynir öllu fremur í krafti fordæmis síns að sýna fram á eyðingaráhrif þessara kenninga, fláræði slíks gildismats, innantómleika slíkra krafna, spillingu slíkra siða og guðlöstunareinkenni þvílíkra öfga.

50

Bahá'u'lláh ritar: „Ég sver við réttlæti Guðs! Heimurinn og hégómi hans, dýrð hans og öll þau unaðsefni sem hann hefur upp á að bjóða, eru fyrir augliti Guðs jafn lítils virði, nei, jafnvel fyrirlitlegri, en duft og aska. Ef hjörtu mannanna gætu aðeins skilið það! Hreinsið yður kostgæfilega, ó fylgjendur Bahá, af sora heimsins og öllu sem honum tilheyrir. Guð sjálfur ber Mér vitni. Jarðneskir hlutir sæma yður ekki. Látið þá eftir þeim sem kunna að ágirnast þá og festið sjónir á þessari sannhelgu og geislandi sýn.“ „Ó, ástvinir Mímir! Leyfið ekki að faldur heilagra klæða minna atist jarðneskum sora og gangið ekki eftir illum og spilltum ástríðum yðar.“ Og aftur: „Ó þér ástvinir hins eina sanna Guðs! Hverfið úr þröngu athvarfi illra og spilltra langana yðar og stígið inn í ómælisviðáttu Guðsríkis og dveljið á sléttum heilagleika og sjálfslausnar svo að ilmurinn af gerðum yðar megi leiða allt

mannkynið að úthafi ófölnandi dýrðar Guðs.“ „Leysið yður algjörlega,“ býður Hann þeim, „úr viðjum þessa heims og hégóma hans. Varist að nálgast hann svo að hann fái yður ekki til fylgja yðar eigin girndum og ágjörnum hneigðum og aftri yður frá að ganga inn á hinn beina og dýrðlega veg.“ „Forðist hvers kyns illsku,“ eru fyrimæli Hans, „því yður er það forboðið í bókinni sem enginn snertir nema þeir sem Guð hefur hreinsað af allri synd og teljast til hinna hreinu.“ Skriflegt fyrirheit Hans er svohljóðandi: „Reistur verður upp kynstofn manna með óviðjafnanlega skaphöfn sem í andlegri lausn mun yfirstíga allt á himni og jörðu og varpa hlíf heilagleikans yfir alla sem skapaðir eru af vatni og leir.“ „Siðmenningin,“ er alvarleg viðvörðun Hans, „sem lærðir skýrendur lista og vísinda hafa í hávegum mun færa mönnunum mikið böll... Verði hún öfgum að bráð, mun hún reynast jafn frjó uppspretta ills og hún var góðs þegar henni voru reistar hóflegar skorður.“ „Úr öllum heimi hefur Hann kosið sér til eignar hjöрту þjóna sinna,“ útskýrir Hann, „og gert þau að aðsetri opinberunar dýrðar sinnar. Hreinsið þau því af allri saurgun til þess að tilgangurinn með sköpun þeirra megi verða greypur á þau. Þetta er að sönnu tákn veglyndis og hylli Guðs.“ Hann segir: „Seg: Sá verður ekki talinn til fylgjenda Bahá sem fylgir veraldlegum ástríðum eða festir hjarta sitt við jarðneska hluti. Sannur fylgjandi Minn er sá sem snýr hvorki við né hikar er hann kemur í dal af skíragulli heldur gengur yfir hann þveran, fáskiptinn sem ský. Slíkur maður er vissulega af Mér. Af klæðum hans geta herskararnir á hæðum fundið angan heilagleikans... Og þótt hann mætti hinni björtustu og fegurstu meðal kvenna myndi hann alls ekki í hjarta sínu láta glepjast af þrá eftir fegurð hennar. Slíkur maður er vissulega sköpun flekklauss hreinlífis. Svo fræðir yður penni Hins aldna eins og Honum er boðið af Drottni yðar, hinum almáttuga og algjöfula.“ „Þeir sem láta leiðast af girndum sínum og spilltum hneigðum,“ hljómar enn önnur viðvörðun, „hafa villst af vegi og sólundað kröftum sínum. Þeir teljast sannlega til hinna glötuðu.“ „Það sæmir fylgjendum Bahá,“ ritar Hann einnig, „að deyja veröldinni

og öllu sem í henni er, að leysa sig svo fullkomlega úr viðjum hins jarðneska að íbúar paradísar megi finna af klæðum þeirra ljúfa angan heilagleikans.... Þeir sem flekkað hafa fagurt nafn málstaðar Guðs með því að ganga eftir ástríðum holdsins – þeir hafa ratað í augljósa villu!“ „Hreinlífi og skírlífi,“ aðvarar Hann sérstaklega, „hafa verið og eru enn mesta prýði þjónustumeypja Guðs. Guð ber mér vitni! Birtan af ljósi skírlífs uppljómar veraldir andans og ilman berst jafnvel til hinnar hæstu paradísar.“ „Guð,“ staðfestir Hann aftur, „hefur gert skírlífi að kórónu þjónustumeypja sinna. Mikil er blessun þeirrar þjónustumeypjar sem hlotið hefur svo háleitan heiður.“ Hann fullvissar þjóna síns með þessum orðum: „Vér höfum vissulega ákvarðað í bók Vorri mikið og ríkulegt endurgjald hverjum þeim sem snýr sér frá illsku og lifir hreinu og guðlegu lífi. Hann er í sannleika gjafarinn mikli, hinn algjöfali.“ „Vér höfum borið alla hörmungabyrði“ slíkur er vitnisburður Hans, „til að helga yður frá allri jarðneskri spillingu og samt eruð þér skeytingarlausir... Oss er vissulega kunnugt um gerðir yðar. Ef Vér finnum af þeim ljúfa angan hreinlífs og heilagleika munum Vér vissulega blessa yður. Þá munu tungur íbúa paradísar færa yður lof og mikla nöfn yðar á meðal þeirra sem hafa nálgast Guð.“

## 51

„Víndrykkja,“ ritar ‘Abdu’l-Bahá, „er forboðin samkvæmt texta hinnar helgustu bókar því hún veldur þrálátum sjúkdómum, veikir taugarnar og eyðir huganum.“ „Drekið, ó þjónustumeypjar Guðs,“ segir Bahá’u’lláh sjálfur, „af hinu dulúðga víni úr bikar orða minna. Varpið því næst frá yður því sem er hugum yðar viðurstyggt, því yður er það forboðið í töflum Hans og helgiritum. Varist að skipta á fljótinu, sem er lífið sjálft, fyrir það sem sálir hinna hreinhjörtuðu fyrirlíta. Ölvið yður víni Guðs ástar, en ekki því sem deyðir hugi yðar, ó þér sem vegsamið Hann! Vissulega hefur það verið bannað öllum hinum trúuðu, hvort sem þeir eru karlar eða konur. Þannig hefur sól boða Minna skinið yfir sjónarhring orða Minna svo að þær þjónustumeypjar sem á Mig trúa megi upplýsast.“

Þess verður samt að minnast, að rækt við svo háleita siðbreytni má ekki tengja eða rugla saman við meinlæti eða öfgafulla og hræsnisfulla hreinlífisstefnu. Mælikvarðinn sem settur var af Bahá'u'lláh leitast ekki á nokkurn hátt við að afneita þeim lögmæta rétti og forréttindum manna að njóta til fulls hinna ýmsu fagnaðarefna, fegurðar og gleði sem ástríkur skapari hefur af slíku örlæti gefið veröldinni. Bahá'u'lláh sjálfur fullvissar okkur um að „Óski maðurinn þess að skryða sig skarti jarðar, klæðast klæðum hennar eða eignast hlut í þeim gæðum sem hún getur gefið, getur ekkert illt komið fyrir hann leyfi hann alls engu að koma á milli sín og Guðs, því að Guð hefur fyrirhugað þeim þjónum sínum sem í sannleika trú á Hann alla góða hluti, hvort sem þeir eru skapaðir á himnum eða jörðu. Etið, ó menn, af hinu góða sem Guð hefur gefið yður og sviptið yður eigi undursamlegum gjöfum Hans. Færið Honum þakkir og lofgjörð og teljist til þeirra sem í sannleika eru þakklátir.“

### *Brýnasta áskorunin*

Á kynþáttafordóma, sem í hartnær heila öld hafa etið sig inn í innviði amerísks þjóðfélags og ráðist á allar félagslegar formgerðir þess, ber að líta sem brýnustu áskorun bahá'í samfélagsins á núverandi þróunarstigi þess. Stöðugt átak sem þetta gríðarlega mikilvæga málefni kallar á, fórnirnar sem það hlýtur að hafa í för með sér, aðgætnin og árveknin sem það útheimtir, siðferðilega hugrekkið og þrótturinn sem það þarfnast, nærgætnin og samúðin sem það krefst – allt gerir þetta málefni, sem amerísku átrúendurnir eru enn langt frá því að leysa á fullnægjandi hátt, svo knýjandi og mikilvægt að það verður með engu móti ofmetið.

Hvítir og svartir, háir og lágir, ungir og aldnir, hvort sem þeir eru nýir í trúnni eða ekki, allir sem samkenna sig málstað hennar verða, hver og einn

í samræmi við getu sína, reynslu og tækifæri, að taka þátt í og styðja það sameiginlega verkefni að uppfylla fyrirmæli ‘Abdu’l-Bahá, gera vonir hans að veruleika og fylgja fordæmi hans. Hvorugur kynþátturinn, hinn hvíti eða litaði, getur samviskusamlega sagt að hann sé undanþeginn slíkra skyldu, hafi gert þær vonir að veruleika eða fylgt því fordæmi af trúmennsku. Löng og þyrnum stráð braut, vörðuð gildrum, er framundan, bæði fyrir hvíta og svarta málsvara frelsandi trúar Bahá’u’lláh. Hvernig þeir fara þá leið og hversu langt þeir komast er háð þeim ófnislegu áhrifum sem eru bæði andlegum sigri amerísku átrúendanna og efnislegum árangri þessa nýja verkefnis lífsnauðsynleg – og það í mæli sem fáir þeirra geta gert sér í hugarlund.

54

Þeir ættu óttalaust og ákveðið að minnast fordæmis og hegðunar ‘Abdu’l-Bahá þegar hann var á meðal þeirra. Þeir ættu að minnast hugrekkis hans, ósvikinnar ástar, óformlegrar vináttu sem aldrei gerði upp á milli manna, óþolinmæði hans og andúðar á gagnrýni, tempraða af háttvísi hans og visku. Þeir ættu að endurlifa og varðveita ávallt minninguna um þá ógleymanlegu og sögulegu atburði þegar hann á svo eftirminnilegan hátt sýndi djúpa réttlætiskennnd sína, innilega samúð með hinum fótumtroðnu, stöðugan skilning og tilfinningu fyrir einingu mannkyns, yfirflóandi ást sína á mönnunum og vanþóknun á þeim sem dirfðust að virða að vettugi óskir hans, gera lítið úr aðferðum hans, ögra meginreglum hans eða ónýta verk hans.

55

Að mismuna nokkrum kynþætti á þeim forsendum að hann sé félagslega vanþróaður, pólitískt vanþroska eða í tölulegum minnihluta er smánarlegt brot gegn andanum í trú Bahá’u’lláh. Meðvitundin um hverskonar sundrung eða klofningu í röðum fylgjenda Bahá’u’lláh er framandi sjálfum tilgangi trúarinnar, meginreglum hennar og hugsjónum. Þegar meðlimir hennar hafa eitt sinn viðurkennt til fulls kröfu Höfundar hennar og játtast

skilyrðislaust þeim lögum og meginreglum, sem felast í kenningum Hans með því að samkenna sig stjórnskipulagi Hans, verða þeir sjálfkrafa að gera útlæga sérhverja mismunun á grundvelli stéttar, trúar eða hörundslitar, og slík mismunun má aldrei undir neinum kringumstæðum gera vart við sig aftur, hversu mikill sem utanaðkomandi þrýstingur atburða eða almenningsálits verður. Ef þola á einhverja mismunun, ætti það ekki að vera mismunun gegn heldur í þágu minnihlutahóps, hvort sem um er að ræða kynþátt eða eitthvað annað. Andstætt þjóðum heims í austri og vestri, hvort sem þær búa við lýðræði eða einræði, kommúnisma eða kapítalisma, hvort sem þær tilheyra gamla heiminum eða þeim nýja, þjóðum sem annað hvort virða að vettugi, fótumtroða eða útrýma minnihlutahópum innan lögsagnar sinnar vegna uppruna þeirra, trúarbragða eða stjórn mála, þá ætti sérhvert skipulagt samfélag undir fána Bahá'u'lláh að líta á það sem óhjákvæmilega frumskyldu sína að næra, örva og vernda alla minnihlutahópa, hvaða trúarbrögðum eða kynþætti, stétt eða þjóð sem þeir tilheyra. Svo mikilvæg og lífsnauðsynleg er þessi meginregla, að standi á jöfnu eftir kosningar eða fulltrúar ýmissa kynþátta, trúarbragða eða þjóðarbrotu innan samfélagsins sýni sömu hæfni til embættis, ætti hiklaust að veita fulltrúa minnihlutahópsins forgang og það til þess eins að hvetja þann hóp og örva, og gefa honum tækifæri til þess að flytja mál samfélagsins. Í ljósi þessarar meginreglu, og þegar höfð er í huga gríðarleg þýðing þess að minnihlutahópur axli ábyrgð og taki þátt í stjórnun bahá'í starfsemi, ætti það að vera skylda sérhvers bahá'í samfélags að haga málum sínum þannig, að í þeim tilvikum þegar einstaklingar úr ýmsum minnihlutahópum innan þess eru hæfir og uppfylla nauðsynleg skilyrði, ættu bahá'í fulltrúastofnanir – ráð, þing, ráðstefnur eða nefndir – að vera skipaðar eins mörgum minnihlutaaðilum og kostur er, hvort sem um er að ræða kynþætti eða annað. Upptaka slíkrar stefnu og trúlunduð fastheldni við hana



mun ekki einungis verða uppspretta innblásturs og örvunar þeim minnihlutahópum, sem eru fámennir og ekki eiga nógu marga fulltrúa, heldur sanna veröldinni í heild hversu altæk og alhliða trú Bahá'u'lláh er, og hversu óflekkaðir fylgjendur Hans eru af saurgun þeirra fordóma, sem hafa valdið slíku öngþveiti í innan- og utanríkismálum þjóðanna.

56

Lausn frá eyðileggjandi grimmd kynþáttafordóma í öllum sínum myndum ætti nú á tímum, þegar stöðugt stærri hluti mannkyns verður fórnarlamb þeirra, að verða einkunnarorð allra amerísku átrúendanna í hvaða fylki sem þeir búa, hvaða stéttaumhverfi sem þeir lifa og hrærast í, hver sem aldur þeirra er, hefðir, smekkur og venjur. Þetta fordómaleysi ætti stöðugt að sýna á öllum sviðum í starfsemi þeirra og lífi, innan bahá'í samfélagsins og utan, opinberlega og í einkalífi, formlega og óformlega, í einstaklingsbundnu jafnt sem opinberu starfi skipulagðra hópa, nefnda og ráða. Fordómaleysi ætti að rækta meðvitað daglega við ýmis tækifæri, hversu litla þýðingu sem virðist hafa, við tækifæri sem gefast á heimilum, skrifstofum, skólum og menntastofnunum, félagslegum samkomum og í tómsundastarfi, á bahá'í fundum, ráðstefnum, landsþingum, sumarskólum og ráðum. Það ætti umfram allt að verða grunnstefið í stefnu þess virta hóps sem í starfi sínu sem þjóðarfulltrúar, stjórnendur og skipuleggjendur málefna samfélagsins verður að setja fordæmi og auðvelda beitingu svo lífsnauðsynlegrar meginreglu í lífi og starfi umbjóðenda sinna og hagsmuna þeirra.

57

„Ó þér hinir skilningsríku!“ hefur Bahá'u'lláh ritað, „Vissulega eru orðin sem stigið hafa niður frá himni vilja Guðs uppspretta einingar og samstillingar fyrir heiminn. Lokið augum yðar fyrir kynþáttamismun og bjóðið alla velkomna með ljósi einingar.“ „Vér óskum veröldinni aðeins góðs og hamingju öllum þjóðum,“ segir

Hann, „...að allar þjóðir verði ein í trú og allir menn bræður; að bönd ástúðar og einingar milli manna sona styrkist; að trúarbragðaágreiningi linni og mismunun kynþátta hverfi úr sögunni.“ „Bahá’u’lláh hefur sagt,“ ritar ‘Abdu’l-Bahá, „að hinir ýmsu kynþættir mannkyns gefi heildinni samræmi og litafegurð. Því ættu allir í þessum mikla mannlega garði að vaxa og blandast innbyrðis án sundurlyndis og ósamkomulags.“ ‘Abdu’l-Bahá hefur einnig sagt: „Bahá’u’lláh líkti eitt sinn lituðu fólki við svartan augastein umlukinn hvítunni. Það er þessi svarti augasteinn sem endurspeglar það sem er fyrir framan hann. Gegnum hann skín ljós andans.“

## 58

„Guð,“ segir ‘Abdu’l-Bahá sjálfur, „gerir engan greinarmun á hvítum mönnum og svörtum. Ef hjörtun eru hrein er hvorir tveggja honum þóknanlegir. Guð virðir ekki persónu vegna litarháttar hennar eða kynþáttar. Allir litir eru Honum þóknanlegir, hvítir, svartir eða gulir. Þar sem allir eru skapaðir í mynd Guðs verðum við að gera okkur grein fyrir því að allir bera í sér guðlega möguleika.“

„Fyrir Guði,“ segir hann, „eru allir menn jafnir. Það er engin greinarmunur gerður á sálunum og engin tekin fram yfir aðra í ríki réttlætis Hans og sanngirni.“ „Guð skapaði ekki þessa sundurgreiningu,“ staðfestir hann. „Hún á sér upptök í mannum sjálfum. Þar sem hún er andstæð áætlun og tilgangi Guðs er hún fölsk og ímynduð.“ „Fyrir Guði,“ staðfestir hann aftur, „er enginn greinarmunur gerður á lit; allir eru eitt í litafegurð þjónustunnar við hann. Litarháttur er ekki mikilvægur; hjartað er mikilvægast alls. Ytra borðið skiptir ekki máli ef hjartað er hreint og hvítt að innan. Guð gerir ekki greinarmun á hörundslit. Hann lítur á hjörtun. Sá sem býr yfir lofsverðum dyggðum og siðferði er tekinn fram yfir aðra í návist Guðs; sá sem helgar sig ríki Guðs er ástkærastur. Í ríki sköpunar og tilvistar skiptir spurningin um litarhátt minnstu máli.“

„Í dýraríkinu,“ úrskýrir hann, „sjáum við ekki aðskilnað meðal dýra á grundvelli litarháttar. Þau viðurkenna einingu tegundarinnar. Ef við sjáum engan greinarmun gerðan á grundvelli litar í ríki lægri vitsmuna og skynsemi, hvernig er hægt að réttlæta hann meðal manna, sérstaklega þegar við vitum að við komum öll frá sömu uppsprettu og tilheyrum sama heimili? Hvað varðar upphaf og áform sköpunarinnar er mannkynið eitt. Greinarmunur kynþátta og litarháttar er síðari tíma uppfinning.“ „Maðurinn er gæddur yfirburða rökhæfni og skynviti“; skýrir hann enn fremur, „hann er birting guðlegra gjafa. Eiga kynþáttahugmyndir að ríkja og myrkva skapandi tilgang einingar í ríki Hans?“ „Eitt þeirra mikilvægu málefna,“ segir hann með áherslu, „sem hefur áhrif á einingu og samstöðu mannkyns er vinátta og jafnræði hvítu og lituðu kynþáttanna. Milli þessara tveggja kynþátta eru ákveðnir snertifletir samkomulags og aðgreiningar sem gefur tilefni til réttlætis og gagnkvæmrar tillitssemi. Snertifletirnir eru margir... Í þessu landi, Bandaríkjunum, er föðurlandsást sameiginleg báðum kynþáttum; allir hafa sama ríkisborgararétt, tala eitt tungumál, njóta blessunar sömu siðmenningar og fylgja boðum sömu trúar. Staðreyndin er sú að fjölmargir snertifletir vinarþels og samkomulags eru milli beggja kynþátta, en það eina sem aðgreinir er liturinn. Á að leyfa þessum mun, hinum minnsta af öllum greinarmuni, að aðskilja okkur sem kynþætti og einstaklinga?“ „Þessi fjölbreytileika forms og litar,“ segir hann með áherslu, „sem er augljós í öllum ríkjum sköpunar er í samræmi við skapandi visku og hefur guðlegan tilgang.“ „Fjölbreytileikinn í fjölskyldu mannsins,“ segir hann, „ætti að vera tilefni ástar og samstillingar eins og í tónlist þar sem margar ólíkar nótur mynda fullkominn samhljóm.“ Hvatning hans er þessi: „Ef þið hittið einhverja af öðrum kynþætti eða litarhætti vantreystið þeim ekki og dragið ykkur ekki inn í skel hins vanabundna, gleðjist öllu fremur og sýnið þeim gæsku.“ „Í verundarheimi,“ er vitnisburður hans, „nýtur sú samkoma blessunar þegar hvíti og

lituðu kynþættirnir koma saman í takmarkalausri andlegri ást og himneskri samstillingu. Þegar slíkir fundir eru haldnir og þátttakendurnir samneyta hver öðrum í fullkominni ást, einingu og gæsku, bera englar ríkisins lof á þá og fegurð Bahá'u'lláh ávarpar þá, „Blessun hvíli yfir ykkur! Blessun hvíli yfir ykkur!“

„Þegar þessir tveir kynþættir koma saman,“ segir hann einnig, „mun á samfundur laða að sér herskarana á hæðum eins og segull og staðfestingar Hinnar blessuðu fegurðar umlykja hann.“ „Reynið af hug og hjarta,“ hvetur hann aftur báða kynþætti, „og leggið yður fram af fremsta megni að öðlast þessa vináttu og tryggja þessi bönd bræðralags ykkar á milli. Slíkt verður ekki hægt nema fyrir vilja og viðleitni hvors um sig; frá öðrum þakklæti og viðurkenning; frá hinum gæska og viðurkenning á jafnræði. Hvor um sig ætti að reyna að aðstoða og leiða hinn í átt til sameiginlegs þroska... Ást og eining fær staðfestu ykkar á milli og kemur þannig til leiðar einingu mannkyns. Því að staðfesting á einingu hvítra og litaðra verður fullvissa um heimsfrið.“ Hann ávarpar meðlimi hvíta kynstofnsins þannig: „Ég vona að þið verðið þess valdandi að hinn kúgaði kynstofn verði dýrlegur og sameinist hvíta kynstofninum í þjónustu við mannheim í fullkominni einlægni, trúfesti, ást og hreinleika. Þessari andstöðu, óvináttu og fordómum meðal hvíta kynstofnsins er ekki hægt að útrýma nema með trú, fullvissu og kenningum Hinnar blessuðu fegurðar.“ „Málefnið varðandi einingu hvítra og svarta er afar mikilvægt,“ er viðvörðun hans, „því verði henni ekki komið í kring skapast mikil óvinátta áður en langt um líður með skaðlegum afleiðingum.“ „Verði engin breyting í þessum efnum,“ er enn önnur viðvörðun hans, „mun fjandskapur aukast dag frá degi, hann leiðir til þrenginga og getur endað í blóðsúthellingum.“

Mikillar viðleitni er þörf hjá báðum kynþáttum ef viðhorf þeirra, siðir og hegðun eiga að endurspeglar anda og kenningar trúar Bahá'u'lláh á þessari dimmu öld. Þeir ættu í eitt skipti fyrir öll að snúa baki við falskenningum um kynþáttayfirburði með öllum þeim meinsemdum,

glundroða og vesöld sem þeim fylgja. Þeir ættu að hvetja til og fagna blöndun kynþáttanna, rífa niður hindranir sem aðskilja þá. Hvor um sig ætti öllum stundum að leitast við að uppfylla sérstaka skyldu sína við það sameiginlega og brýna verkefni sem blasir við. Meðan hvorir tveggja reyna að leggja sitt af mörkum til lausnar þessu flókna vandamáli ættu þeir að minnast varnaðarorða ‘Abdu’l-Bahá, og setja sér fyrir hugskotssjónir meðan enn er tími þær geigvænlegu afleiðingar sem blasa við ef ekki er ráðin afdráttarlaus bót á þessu ógnvæna og hörmulega ástandi sem öll ameríska þjóðin stendur frammi fyrir.

## 60

Hinir hvítu ættu að gera sitt ítrasta til að leysa vandamálið, vísa á bug gamalgróinni og stundum ómeðvitaðri yfirburðakennd, leiðréttu tilhneigingu sína til að sýna meðlimum annars kynþáttar yfirlæti, sannfæra þá með nánnum, einlægum og óformlegum samskiptum um að vinátta þeirra og áform séu einlæg og ósvikin og vinna bug á óþolinmæði sinni vegna lítilla viðbragða fólks sem svo lengi hefur verið sært djúpum og seingrónum sárum. Hinir svörtu ættu með samskonar viðleitni af sinni hálfu að sýna eins og þeim framast er unnt hlýju í viðbrögðum sínum, að þeir séu tilbúnir að fyrirgefa hið liðna og þeim sé kleift að afmá sérhvern tortryggnisvott sem enn kann að dvelja í hjörtum þeirra og hugum. Hvorugur aðilinn skyldi ætla að lausnin á svo víðtæku og yfirgripsmiklu vandamáli komi aðeins hinum við. Hvorugur skyldi ætla að vandamálið sé fljótlegt eða auðlegt. Hvorugur skyldi ætla að þeir geti beðið í fullvissu þangað til stofnanir sem standa utan trúarinnar taka frumkvæðið eða skapa hagfældar kringumstæður til lausnar þessi vandamáli. Hvorugur skyldi ætla að eitthvað annað og minna en ósvikin ást, endalaus þolinmæði, sönn auðmýkt, fullkomin háttvísi, heilbrigt frumkvæði, þroskuð viska og meðvitund, stöðug viðleitni í bænarhug geti afmáð smánarblettinn sem þetta augljósa bölg hefur sett á fagurt nafn heimalands þeirra. Þeir ættu öllu heldur að trúa því og treysta að gagnkvæmur skilningur, vinátta og þrotlaus samvinna geti fremur en

nokkuð annað afl eða samtök sem starfa utan trúar þeirra breytt þeirri háskalegu stefnu sem vakti ‘Abdu’l-Bahá slíkan ugg, og geti stuðlað að uppfyllingu þeirra vona sem hann ól í brjósti um sameiginlegt framlag þeirra til dýrlegrar framtíðar þessa lands.

### *Tvíþætt herferð*

61

Heittelskuðu vinir! Grandvör breytni sem í öllum sínum birtingarmyndum er í fullkominni andstöðu við spillinguna og svikin sem einkenna stjórnmalalíf þjóðarinnar og þá flokka og flokksbrot sem móta það; heilagleiki og skírlífi sem eru í algjörrri mótsögn við siðferðilega lausung og hömluleysi sem er blettur á allstórum hluta íbúa hennar; félagsskapur án landamæra milli hvítra og litaðra, algjörlega laus við bölvun kynþáttafordóma sem setur smánarblett á yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar –þetta eru vopnin sem amerísku átrúendurnir geta og verða að beita í tvíþættri herferð sinni, fyrst til að endurvekja innra líf síns eigin samfélags og því næst til að ráðast gegn langvarandi meinsemdum sem hafa grafið um sig í lífi þjóðarinnar. Að fullkomna þessi vopn, virkja þau og beita þeim viturlega er áhrifameira en framkvæmd sérstakrar áætlunar, gerð ákveðins áforms eða söfnun efnislegra meðala til að undirbúa þá fyrir þann tíma þegar hönd forlaganna sýnir þeim hvernig þeir geta aðstoðað við sköpun og starf heimsskipulagsins sem nú er að þróast innra með stjórnstofnunum trúar þeirra um allan heim.

62

Við framkvæmd þessarar tvíþættu herferðar hljóta hugrakkir stríðsmenn sem berjast í nafni málstaðar Bahá’u’lláh að mæta harðvítugri andstöðu og mörgum bakslögum. Þeir verða að reikna með sínum eigin hvötum, andæfa þeim og vinna á þeim fullan sigur ekki síður en ofsa íhaldsaflanna, andstöðu hagsmunaaðila og mótmælum spilltrar og nautnasjúkrar kynslóðar. Þegar þeir skipuleggja og útfæra

varnaraðgerðir sínar vegna yfirvofandi baráttu, mega þeir búast við að á þeim dynji stormar hrakyrða og háðs, mistúlkunar og fordæmingarherferða. Trú þeirra kann brátt að sæta árásum, hvatir þeirra rangtúlkunum, markmið þeirra lítilvirðingu, háleitar vonir þeirra háði og spotti. Stofnanir þeirra kunna að sæta fyrirritningu og áhrif þeirra vanvirðingu. Vera má að grafið verði undan valdi þeirra og áhrifum og málstaður þeirra öðru hvoru yfirgefinn af fáeinum sem annaðhvort eru ófærir um að skilja og meta eðli hugsjóna þeirra eða ófúsir til að bera hitann og þungann af vaxandi gagnrýni sem örugglega mun fylgja slíkri baráttu. Meistarinn ástkæri hefur sagt fyrir um þetta: „Vegna ‘Abdu’l-Bahá munuð þið mæta mörgum prófraunum. Erfiðleikar falla ykkur í hlut og þjáningar verða á vegi ykkar.“

### 63

Ósigrandi her Bahá’u’lláh, sem á eftir að berjast í Hans nafni og fyrir Hans sakir, einni grimmilegustu og dýrlegustu baráttunni á Vesturlöndum og í einum þeirra suðupunkta sem þar er hugsanlega að finna, ætti hann samt sem áður ekki að óttast neina gagnrýni sem beinast kann að honum. Hann ætti ekki að láta neinar þær fordæmingar aftra sér sem rógberinn kann að dreifa til að gera lítið úr hvötum hans. Hann á ekki að hörfa fyrir geigvænlegri framrás ofstækisaflla, rétttrúnaðar, spillingar og fordóma sem kann að verða fylkt gegn honum. Rödd gagnrýnninnar er rödd sem óbeinlínis styrkir kynningu málstaðarins. Óvinsældir þjóna aðeins því markmiði að sýna í skýrara ljósi muninn á honum og andstæðingum hans og útskúfun er í sjálfu sér segull sem dregur að endingu til sín hina háværustu og rótgrónustu meðal óvina hans. Í landinu þar sem harðasta barátta trúarinnar hefur verið háð og skæðustu óvinir hennar búið, hefur atburðarásin, hægfare en stöðug innræting hugsjóna hennar og uppfylling spádóma hennar, ekki aðeins orðið til þess að afvopna nokkra verstu fjandmenn hennar, breyta innri skapgerð þeirra og viðhorfum heldur einnig tryggja staðfasta og skilyrðislausu hollustu við höfunda hennar. Svo fullkomin umskipti, svo mögnuð

og undraverð breyting á viðhorfi getur aðeins orðið ef það útvalda samfélag sem færa á soltnum, eirðarlausum og hirðislausum fjöldanum boðskap Bahá'u'lláh er sjálft fullkomlega hreint af þeim sora og óhreinindum sem það leitast við að fjarlægja.

64

Þess vegna vil ég brýna fyrir ykkur, ástkæru vinir mínir, ekki aðeins mikilvægi og knýjandi nauðsyn heilags verkefnis ykkar, heldur einnig þá takmarkalausú möguleika sem það býr yfir til að hefja líf og starf ykkar eigin samfélags til slíkra hæða sem og þær hvatir og mælikvarða sem stjórna ríkjandi tengslum og samskiptum þjóðar ykkar. Ég er þess fullviss að þið munuð óhrædd við geigvænlegt eðli þessa verkefnis mæta, eins og ykkur sæmir, áskorun þessara tíma, sem eru svo fullir af hættum og spillingu en jafnframt þrungnir fyrirheitum um framtíð svo ægibjarta að engin fyrri öld í annálum mannkyns getur keppt við dýrð hennar.

65

Heittelskuðu vinir! Ég hef á þessum upphafssíðum reynt að gefa hugmynd um þau dýrlegu tækifæri og þá feiknlegu ábyrgð sem vegna ofsókna á hendur útbreiddri trú Bahá'u'lláh blasir við amerísku átrúendunum á þessu tvísýna stigi í mótunaröld trúarinnar og einstæða tímáskeiði í sögu heimsins. Ég hef fjallað nægilega mikið um einkenni ætlunar verksins sem þetta samfélag verður vegna knýjandi kringumstæðna að hefjast handa um að framkvæma í ekki allt of fjarlægri framtíð. Ég hef fellt þau varnaðarorð sem ég taldi nauðsynleg til að skýra skilning og bæta framkvæmd verkefnanna sem bíða þess. Ég hef sett fram og lagt eins mikla áherslu og í mínu valdi stendur á þær upphöfnu og öfluglu dyggðir, þá háleitu mælikvarða, sem þótt erfiðir séu viðfangs eru engu að síður nauðsynleg forsenda fyrir árangri þessa verkefnis. Að minni hyggju ætti nú að segja nokkur orð um efnislega hlið þessa brýna verkefnis. Næstu áfangar í þeirri guðlegu áætlun sem 'Abdu'l-Bahá sá fyrir sér eru háðir því hvernig til tekst með þetta verkefni á tilsettum tíma og sama gildir um þá hæfni



sem þeir verða að afla sér og gera mun þeim kleift að inna af hendi í fyllingu tímans þær skyldur og ábyrgð sem hið stærra ætlunar verk útheimtir og þeirra forréttindi eru að takast á hendur.

66

Sjö ára áætlunin með sinni tvíþættu áherslu á musterisfegrun og útfærslu kennslustarfs sem nær bæði til Norður- og Suður- Ameríku er nú komin langt inn á annað árið. Þetta er gríðarlega uppörvandi fyrir alla sem hafa fylgst með þróun hennar á síðustu mánuðum og góður forboði þess að markmið hennar náist fyrir tilsettan tíma. Næstu skref sem eiga að auðvelda og ná til allra hliða starfsins við ytri skreytingu musterisins hafa að mestu leyti verið tekin. Lokaáfanginn sem á að marka farsælan endi á þessu þrjátíu ára gamla verkefni er loksins hafinn.

Upphaflegi samningurinn sem tengist aðalhlæð þessa sögulega mannvirkis hefur verið undirritaður. Sjóðurinn sem tengist nafni Hins helgasta laufs hefur verið stofnaður. Nú er tryggt að þetta lofsverða verkefni verður leitt til lykta. Sárar og dýrmætar minningar um hana sem fagnaði svo mjög þegar yfirbygging þessa helga húss var reist munu ljá lokakaflanum í framkvæmd þess slíkt afl að allar efasemdir, sem enn kunna að ríkja um hæfni byggingameistaranna til að ljúka verkinu á verðugan hátt, munu hverfa.

### *Kennsluhlið áætlunarinnar*

67

Huga verður nú að kennsluhlið áætlunarinnar. Mæta verður áskorun hennar, kanna þarfir hennar, vega þær, meta og uppfylla. Jafn stórkostleg og ómótstæðileg sem fegurð fyrsta Mashriqu'l-Adhkár – tilbeiðsluhúss – Vesturlanda er, tignarlegar víddir þess, einstæður arkitektúr og ómetanlegar þær hugsjónir og háleitu vonir sem það stendur fyrir, ætti á þessum tíma fyrst og fremst að skoðast sem tæki til virkrar útbreiðslu málstaðarins og víðari dreifingu kenninga hennar. Að þessu leyti ætti það

að skoðast í sama ljósi og stjórnstofnanir trúarinnar sem eru farvegir fyrir rétta og eðlilega útbreiðslu hugsjóna hennar, kenninga og sanninda.

68

Samfélag amerísku átrúendanna verður þess vegna héðan í frá að beina mikilli og stöðugri athygli að kennsluþörfum Sjö ára áætlunarinnar. Allt samfélagið verður að rísa upp sem einn maður til að mæta þeim. Að kenna málstað Guðs, yfirlýsa sannindi hans, verja hagsmuni hans, sanna í orði sem verki óhjákvæmileik hans, getu hans og allsherjargildi, má aldrei skoða sem sérstakt úrlausnarefni eða sérrettindi bahá'í stjórnstofnana, hvort heldur um er að ræða ráð eða nefndir. Allir verða að taka þátt, óháð uppruna, stétt og stigum, hversu takmörkuð sem reynsla þeirra er, efnahagur og menntun, hversu mikið sem amstrið og áhyggjurnar eru, hversu óhagstætt sem nánasta umhverfi þeirra er. Sjálfur hefur Bahá'u'lláh óyggjandi opinberað eftirfarandi: „Guð hefur gert hverjum og einum að skyldu að kenna málstað sinn“. „Seg,“ ritar Hann ennfremur, „Kennið málstað Guðs, ó fylgjendur Bahá, því Guð hefur ákvarðað hverjum og einum þá skyldu að kunngera boðskap Hans og metur hana framar öllum öðrum gerðum.“

69

Há og upphafin staða í röðum samfélagsins sem veitir þeim sem henni gegnir vissan rétt og forréttindi og leggur honum án nokkurs vafa á herðar ábyrgð sem hann getur ekki sómasamlega skorast undan í skyldu sinni gagnvart kennslu og útbreiðslu trúar Guðs. Hún gæti stundum, þó ekki alltaf, skapað stærri tækifæri og veitt betri aðstöðu til að útbreiða þekkingu á trúnni og vinna aðra til fylgis við stofnanir hennar. Hún felur þó ekki í sér undir neinum kringumstæðum vald til að hafa meiri áhrif á hugi og hjörtu þeirra sem trúin er kynnt. Hversu oft – og fyrsta saga trúarinnar í fæðingarlandi hennar hefur um það mörg eftirminnileg dæmi – hafa ekki lægst settu fylgjendur trúarinnar, óskólagengnir, algjörlega

reynslulausir og einskis metnir, í sumum tilfellum rúnir gáfum, getað unnið slíka sigra fyrir málstað sinn að glæstustu afrek hinna lærðu, víturu og reynslumiklu bliknuðu í samanburði.

70

„Pétur,“ segir ‘Abdu’l-Bahá, „gat samkvæmt kirkjusögunni ekki haldið tölu á vikudögunum. Þegar hann ákvað að fara út að fiska batt hann vikunestið sitt í sjö pakka og snæddi daglega. Þegar hann tók fram sjöunda pakkann vissi hann að hvíldardagurinn var kominn og hélt hann heilagan.“ Ef Mannssonurinn gat gætt einhvern sem hið ytra var svo hrjúfur og hjálparvana slíku afli að „leyndardómar visku og máls streymdu af vörum hans,“ eins og Bahá’u’lláh segir, og hafið hann yfir aðra lærisveina sína, gert hann hæfan til að verða arftaka sinn og stofnanda kirkju sinnar, hversu miklu fremur getur Faðirinn sem er Bahá’u’lláh gert smæsta og þýðingarminnsta fylgjanda sinn færan um að vinna svo undraverð afrek í þágu markmiða sinna, að þau skari jafnvel fram úr mestu afrekum þessa fyrsta postula Jesú Krists!

71

‘Abdu’l-Bahá segir: „Bábinn hefur einnig ritað: „Ef agnarsmár maur óskaði þess á þessum degi fá vald til að túlka merkingu hinna myrkustu og torræðustu ritingagreina Kóransins myndi ósk hans án efa verða uppfyllt því að leyndardómur eilífs máttar bifast í innstu verund allra skapaðra vera.“ „Ef svo hjálparlaus lífvera getur öðlast svo fíngerða hæfni hversu miklu áhrifaríkara hlýtur það afl að vera sem leyst er úr læðingi með gjöfulli úthellingu náðar Bahá’u’lláh!“

72

Vettvangurinn er að sönnu svo víður, tímarnir svo tvísýnir, málstaðurinn svo mikill, verkamennirnir svo fáir, tíminn svo naumur, forréttindin svo ómetanleg að enginn fylgjandi trúar Bahá’u’lláh sem verður er nafns Hans getur hikað eitt andartak. Aflið sem kemur frá Guði, ómótstæðilegt í yfirgripsmiklum krafti sínum, óútreiknanlegt í getu sinni, ófyrirsjáanlegt í stefnu sinni, leyndardómsfullt í starfi sínu,

lotningarvekjandi í birtingum sínum –afl sem eins og Bábinn ritar, „bærist í innsta kjarna allra skapaðra hluta,“ og sem samkvæmt Bahá’u’lláh hefur með „gagntakandi áhrifum sínum,“ „komið veröldinni úr jafnvægi og umbylt skipulögðu lífi hennar “– slíkt afl er eins og tvíeggjað sverð sem fyrir augum okkar heggur annars vegar á þau ævagömlu bönd sem öldum saman hafa haldið saman vef siðmenntaðs þjóðfélags og sundrar hins vegar þeim viðjum sem enn fjötra barnunga og ánauduga trú Bahá’u’lláh. Amerísku átrúendurnir verða nú að rísa upp og nýta djarflega og til fullnustu tækifærin sem þjóðast með áhrifum þessa afls, tækifæri sem enginn getur látið sig dreyma um.

„Heilagur veruleiki herskaranna á hæðum,“ ritar ‘Abdu’l-Bahá, „þráir á þessum degi í hinni upphöfnustu paradís að snúa aftur til þessa heims svo þeim megi auðnast að inna af hendi einhverja þjónustu við fótskör Abhá fegurðarinnar og sanna þjónustulund sína við heilaga fótskör hennar.“

### 73

Heimur þar sem óðum dimmir vegna þess að ljós trúar er að deyja út, heimur kraumandi af ofsafengnum öflum blindrar og sigrihrósandi þjóðernishyggju; sviðinn af eldum miskunnarlausra kynþátta- og trúarofsókna; blekkur af falskenningum og fræðum sem hóta að koma í stað tilbeiðslu á Guði og helgunar laga Hans; lamaður af grófri og taumlausri efnishyggju; í upplausn vegna tærandi áhrifa siðferðilegrar og andlegrar hnignunar; flæktur í viðjum efnahagslegs stjórnsýslis og deilna – slíkt er sjónarspilið sem birtist augum mannanna, afleiðing af umfangsmiklum breytingum sem þetta umbyltandi afl sem enn er á upphafsstigum sínum hefur nú á líf gjörvallrar plánetunnar.

### 74

Því fer fjarri að svo hryggilegt og átakanlegt sjónarspil, sem hlýtur að valda furðu og ráðleysi hverjum þeim áhorfanda sem ekki þekkir tilgang, spádóma og fyrirheit Bahá’u’lláh, fylli hjörtu fylgjenda Hans ótta eða lami athafnaþrek þeirra. Það getur ekki annað en dýpkað trú þeirra og aukið löngun til að rísa upp og sýna á þeim mikla vettvangi

sem penni ‘Abdu’l-Bahá markaði þeim hæfni sína til að taka þátt í því allsherjar endurlausnarstarfi sem Bahá’u’lláh boðaði. Sérhvert tæki í gangverki stjórnskipunarinnar sem þeir hafa á nokkrum árum reist með erfiði sínu verður að nýta til fulls og þjóna takmarkinu sem það var skapað fyrir. Musterið, stolt birtingarmynd þessa fágæta fórnaranda, verður líka að gegna sínu hlutverki og leggja sitt af mörkum til kennsluherferðarinnar sem ætlað er að ná til allrar Vesturálfu.

75

Tækifærin sem glundroði nútímans skapar með öllum þeim sorgarefnum sem hann færir, ótta sem hann vekur, vonbrigðum sem honum fylgja, ráðgátum sem honum er samfara, reiði sem hann framkallar, uppreisn sem hann efnir til, umkvörtunarefnum sem hann veldur, þeirri eirðarlausu andlegu leit sem af honum sprettur – þessi tækifæri verður á sama hátt að nota til þess að flytja öllum nær og fjær þekkingu á endurleysandi afli trúar Bahá’u’lláh og til nýliðunar í stöðugt vaxandi her fylgjenda Hans. Svo dýrmætt tækifæri, svo sjaldgæft samspil hagfelldra kringumstæðna gefst kannski aldrei aftur. Nú er tíminn, hinn fastráðni tími, fyrir amerísku átrúendurnar, framverði herskara Hins mesta nafns, að kunngera með tilstyrk stofnana og gegnum farvegi sérstaklega mótaðrar stjórnskipunar, að þeir eru hæfir og tilbúnir til að bjarga fallinni og sárþjáðri kynslóð sem hefur risið upp gegn Guði sínum og virt að vettugi varnaðarorð Hans og bjóða henni það fullkomna öryggi sem virkisborg trúar þeirra ein getur veitt.

76

Það er því engan veginn hægt að ofmeta hversu mikilvæg og áriðandi kennsluherferðin er sem hófst í fylkjum norður-ameríska lýðveldisins og Kanada. Henni var hrundið af stað með þeirri skapandi orku sem erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá leysti úr læðingi og breiðist yfir Vesturálfu með því knýjandi afli sem hún skapar. Hana verður, að minni hyggju, að framkvæma í samræmi við vissar meginreglur sem tryggja virka framkvæmd hennar og flýta fyrir markmiðum hennar.

Þeir sem taka þátt í henni, hvort sem þeir eru í skipulagsstarfinu eða sinna sjálfri framkvæmdinni, verða strax í upphafi skyldustarfs síns að kynna sér gaumgæfilega hinar ýmsu hliðar á sögu og kenningum trúar sinnar. Í þessu augnamiði verða þeir sjálfir að lesa og nema vandlega og samviskusamlega bókmenntir trúarinnar, sökkva sér í kenningar hennar, tileinka sér lög hennar og meginreglur, íhuga hvatningar hennar, kennisetningar og markmið, leggja á minnið vissar áminningar og bænir, ná valdi á höfuðatriðum stjórnskipunarinnar og halda sér upplýstum um samtímamálefni hennar og síðustu þróun. Þeir verða að reyna að afla sér með aðstoð viðurkenndra og hlutlægra heimilda staðgóðrar þekkingar á sögu og kenningum íslám – uppsprettu og bakgrunni trúar þeirra – og nálgast með lotningu og án allra fyrirfram mótaðra skoðana lestur og nám á Kóraninum sem er eina bókin, að undanskildum helgiritum í opinberun Bábsins og Bahá’u’lláh, sem líta má á sem fullkomlega staðfest orð Guðs. Þeir verða að gefa sérstakan gaum að rannsókn á þeim stofnunum og kringumstæðum sem eru beinlínis tengdar uppruna og fæðingu trúarinnar með stöðunni sem fyrirrennari hennar gerði tilkall til og lögunum sem Höfundur hennar opinberaði.

Þegar þeir hafa í höfuðatriðum tileinkað sér þessar forsendur árangurs á vettvangi kennslunnar verða þeir í hvert sinn sem þeir ráðgera einhverja sérstaka kennsluferð í löndum rómönsku Ameríku að reyna, hvenær sem kostur er, að ná valdi á þeim tungumálum sem íbúar hennar tala auk þekkingar á venjum þeirra, siðum og viðhorfi. „Kennararnir sem fara til þessara landa,“ segir ‘Abdu’l-Bahá í einni af töflum hinnar guðlegu áætlunar með tilvísun til lýðvelda Mið-Ameríku, „verða einnig að ná valdi á spænsku.“ „Sá sem talar tungumál þeirra...,“ segir hann í annarri töflu, „verður að beina augliti sínu að hinum þremur miklu eyjaklösum Kyrrahafsins og ferðast til

þeirra allra.“ „Kennararnir sem ferðast til hinna ýmsu svæða,“ segir hann enn fremur, „verða að kunna tungumál landsins sem þeir fara til. Sá sem til dæmis er fær í japönsku getur farið til Japans eða sá sem kann kínversku til Kína, og svo framvegis.“

79

Enginn þátttakandi í þessari kennsluherferð í Ameríku skyldi ætla að frumkvæðið að sérhverju verki sem tengist þessari starfsemi eigi eingöngu að vera á hendi þeirra stofnana sem sjá sérstaklega um að stuðla að og auðvelda framgang þessara lífsnauðsynlegu markmiða Sjö ára áætlunarinnar, hvort heldur um er að ræða ráð eða nefndir. Það er óumflýjanleg skylda hvers ameríksks átrúenda sem dyggs trúnaðarmanns guðlegrar áætlunar ‘Abdu’l-Bahá að hafa frumkvæði, styrkja og treysta, innan þeirra marka sem meginreglur stjórnskipunar trúarinnar setja, alla þá starfsemi sem hann eða hún telur stuðla að framgangi áætlunarinnar.

Hvorki hættuástandið í heiminum né nokkur tilhugsun um skort á efnislegum meðulum, andlegum útbúnaði, þekkingu eða reynslu – jafn æskilegt og allt þetta er – má hindra tilvonandi brautryðjanda og kennara frá því að rísa upp af sjálfsdáðum og koma af stað þeim öflum sem ‘Abdu’l-Bahá ítrekað fullvissaði okkur um að myndu eins og segull draga að sér fyrirheitna og óskeikula aðstoð Bahá’u’lláh, þegar þau leysast úr læðingi. Hann ætti ekki að bíða eftir neinum fyrirmælum eða búast við neinni sérstakri uppörvun frá kjörnum fulltrúum samfélags síns né láta þá steina sem ættingjar hans eða samborgarar kunna að leggja í götu hans hindra sig eða láta sig nokkru skipta aðfinnslur gagnrýnenda sinna eða óvina. „Ver frjáls sem vindurinn,“ ráðleggur Bahá’u’lláh sérhverjum tilvonandi kennara málstaðarins, „þegar þú flytur boðskap Hans sem hefur látið bjarma af degi guðdómlegrar handleiðslu. Íhuga hvernig vindurinn, trúr ákvörðun Guðs, blæs yfir öll svæði jarðar, byggð og óbyggð. Hvorki berangur né blómleg héruð geta hryggt hann né glatt. Hann blæs hvaðanæva að eins og honum er boðið af skapara sínum.“ „Og þegar hann ákveður að yfirgefa heimili sitt sakir málstaðar Guðs,“

segir Bahá'u'lláh í annarri málsgrein með vísan til slíks kennara, „ætti hann að setja allt sitt traust á Guð sem besta veganestið fyrir ferð sína og íklæðast kyrtli dyggðar... Ef hann upptendrast af eldi ástar Hans, ef hann sneiðir hjá öllum sköpuðum hlutum, munu orðin sem hann mælir tendra eld í þeim sem hlýða á hann.“

## 80

Er hann fastræður að eigin frumkvæði og án ótta við þær hindranir, sem vinir hans eða andstæðingar kunna viljandi eða óviljandi að leggja í veg hans, að rísa upp og svara kalli kennslunnar ætti hann að íhuga kostgæfilega allar þær leiðir sem honum standa opnar í persónulegri viðleitni sinni til að vekja athygli, viðhalda áhuga og dýpka trú þeirra, sem hann reynir að leiða inn í trúna. Hann ætti að kanna möguleikana, sem honum standa til boða í krafti þeirra sérstöku aðstæðna sem hann býr við, meta kosti þeirra og hefjast handa skipulega og af skynsemi að færa sér þá í nyt til að ná því marki sem hann keppir að. Enn fremur ætti hann að leitast við að þróa aðferðir, svo sem tengsl við klúbba, sýningar og félög ýmiskonar, fyrirlestrarhald um efni sem tengist kenningum og hugsjónum trúarinnar, svo sem bindindi, siðgæðismál, þjóðfélagslega velferð, umburðarlyndi í trúarefnum og samskiptum kynþátta, samvinnu á sviði efnahagsmála, íslam og samanburðarguðfræði; eða þátttöku í félagastarfsemi og framkvæmdum á sviði félagsmála, menningarmála, mannúðar- og góðgerðarstarfsemi, menntamála og annarri starfsemi, sem getur opnað honum fjölda leiða og tækifæra til að vinna með góðum árangri til liðs við trúna samkennd, stuðning og loks hollustu þeirra, sem hann kemst í snertingu við. Er hann stofnar til slíkra tengsla, verður hann að hafa í huga þær kröfur sem trú hans gerir ávallt til hans um varðveislu flekkleysis hennar og stöðu; að hann standi vörð um heiður laga hennar og meginreglna, sanni víðfeðmi hennar og allsherjargildi og verji ótrauður hin mörgu og brýnu hagsmunamál hennar. Hann ætti að ganga úr skugga um næmleik áheyranda sinna



og ákvarða með sjálfum sér hvort heppilegra sé að nota beinu eða óbeinu aðferðina við kennsluna þar sem hann geti gert leitandanum grein fyrir mikilvægi hins guðlega boðskapar og talið hann á að skipa sér í flokk með þeim, sem þegar hafa gengið til liðs við hann. Hann ætti að muna það fordæmi sem ‘Abdu’l-Bahá setti og stöðuga hvatningu hans þess efnis, að leitandanum skuli sýnd slík góðsemi og að andi kenninganna, sem hann vonast til að miðla leitandanum, verði svo augljós í lífi hans að leitandinn sjái sig beinlínis knúinn til að samkenna sig málstað sem geymir slíkar kenningar. Hann ætti frá upphafi að varast að hamra á þeim lögum og fyrirmælum sem reynt gætu um of á nývaknaða trú leitandans og leitast við að leiða hann til fulls þroska af þolinmæði og mikilli hógværð en þó festulega, og hjálpa honum að lýsa yfir skilyrðislausu fylgi sínu við hvaðeina sem Bahá’u’lláh hefur ákvarðað. Er þessu stigi hefur verið náð ætti hann að kynna hann fyrir trússysteminum sínum og reyna með óbrigðulli vináttu og virkri þátttöku í svæðisstarfsemi samfélagsins að gera honum kleift að leggja fram sinn skerf til auðgunar lífs þess, eflingu starfs þess, treystingu hagsmuna og samræmingu verkefna þess og systursamfélaganna. Hann skyldi ekki láta staðar numið fyrir en hann hefur innblásið andlegu barni sínu djúpri þrá sem knýr það til að rísa upp á eigin spýtur og helga krafta sína endurlífgun annarra sálna og verndun þeirra laga og meginreglna, sem hin nýja trú hans setur fram.

## 81

Sérhver þátttakandi í herferðinni sem amerísku átrúendurnir hafa hafið og sem nær til alls meginlandsins, sérstaklega þeir sem starfa sem brautryðjendur á nýjum svæðum, ætti að hafa í huga nauðsyn þess að halda nánú og stöðugu sambandi við þær ábyrgu stofnanir sem eiga að stjórna, samræma og auðvelda kennslustarf alls samfélagsins, hvort heldur um er að ræða ráð kjörinna þjóðarfulltrúa þeirra, eða helstu aðstoðarstofnun þess, landskennslunefndina eða undirnefndir hennar, svæðiskennslunefndirnar, eða andleg svæðisráð

og kennslunefndir þeirra. Allir sem vinna að útbreiðslu málstaðar Bahá'u'lláh ættu að tryggja skjóta og góða virkni kennslutækja stjórnskipulagsins með því að skiptast stöðugt á hugmyndum í bréfum, fréttabréfum, skýrslum, fréttatilkynningum og öðrum samskiptum við þessar stofnanir sem þjóna útbreiðslu trúarinnar. Þannig er hægt að forðast glundroða, tafir, tvíverknað og sóun á kröftum. Máttug úthelling náðar Bahá'u'lláh, sem streymir örlátlega og án minnstu hindrana um þessa nauðsynlegu farvegi, mun flæða í slíkum mæli yfir hjörtu og sálir manna að þeim verður kleift að ná inn uppskerunni sem 'Abdu'lBahá sagði fyrir um.

82

Á sérhverjum þátttakanda í þessari samstilltu viðleitni, sem á sér engin fordæmi í annálum ameríska bahá'í samfélagsins, hvílir sú andlega skylda að gera umboðið til kennslunnar, svo bindandi sem það er fyrir alla, að höfuðmáli í lífi sínu. Í daglegu starfi sínu og samböndum, á öllum ferðum sínum, hvort sem þær eru viðskiptalegs eðlis eða ekki, í sumarleyfum og skemmtiferðum, og í hvaða ferð sem hann kann að vera kvaddur til að takast á hendur ætti hver og einn sem flytur boðskap Bahá'u'lláh að líta á það bæði sem skyldu og forréttindi að dreifa víða vegu fræjum trúar sinnar og gera sér að góðu þá varanlegu vissu að hver sem bein viðbrögð við þeim boðskap eru, og hversu vanmáttugur sá var sem flutti hann, mun vald Höfundar hans koma því til vegar eins og Honum þykir hlýða að þau fræ spíri og auðgi uppskeruna sem erfiði fylgjenda hans gefur af sér undir kringumstæðum sem enginn getur séð fyrir. Ef hann er meðlimur í andlegu ráði ætti hann að hvetja ráð sitt til að helga ákveðinn tíma á hverjum fundi til íhugunar í alvöru og bænarhug á þeim aðferðum og leiðum sem gætu gagnað kennsluherferðinni eða veitt þau efnislegu úrræði sem tiltæk eru til að efla hana, útfæra og treysta. Ef hann sækir sumarskóla – og allir án undantekninga eru hvattir til þess að nýta sér slík tækifæri – ætti hann að líta á það sem velkomið og dýrmætt tækifæri til að bæta þekkingu sína á grundvallaratriðum trúarinnar með

fyrirlestrum, námi og umræðum og verða þannig fær um að flytja með meiri fullvissu og á virkari hátt boðskapinn sem honum hefur verið treyst fyrir. Auk þess ætti hann með heimsóknum til annarra samfélaga að örva áhugann á kennslunni og sanna utanaðkomandi brennandi áhuga og árvekni kennara málstaðarins og lífræna einingu stofnana hans.

83

Í þessari herferð, sem nær til allra kynþátta, lýðvelda, stétta og safnaða í Vesturálfu, ætti sérhver þátttakandi sem finnur sig knúinn til að rísa upp og, ef kringumstæður leyfa, gefa sérstakan gaum að blökkumönnum, frumbyggjum Ameríku, inúítum og gyðingum og vinna óskorað fylgi þeirra við trú sína. Engin þjónusta við málstað Guðs er lofsverðari og þakkarverðari á þessum tímum en árangursríkar tilraunir til að auka fjölbreytileikann innan ameríska bahá'í samfélagsins með því að fjölga skráðum meðlimum af þessum kynþáttum í röðum trúarinnar. Blöndun þessara mjög svo ólíku þátta mannkyns er vissulega afrek sem hlýtur að hrífa sérhvern bahá'ía og hlýja honum um hjartaræturnar, blöndun sem er ofin á samræmdan hátt í vef alltumfaðmandi bahá'í bræðralags og samlöguð því með öflugum ferlum guðlega áformaðs stjórnskipulags þar sem hver og einn leggur sitt af mörkum til auðgunar og dýrðar bahá'í samfélagslífsins. „Íhugið blóm í einum garði,“ ritar 'Abdu'l-Bahá, „þótt þau séu ólík hvað varðar lit, form og sköpulag eru þau endurnærð af vatni úr einni uppsprettu, endurlífguð af andblæ sama vinds, fjörguð af geislum einnar sólar og þannig eykur þessi fjölbreytileiki á töfra þeirra og fegurð. Lítið myndi það gleðja augað ef öll blóm og plöntur, lauf og blómstur, ávextir, greinar og tré í þeim garði væru eins að lögun og lit! Fjölbreytileiki lita, forms og sköpulags auðgar og prýðir garðinn og eykur áhrif hans. Þannig verður einnig fegurð og dýrð mannlegrar fullkomnunar opinberuð og öllum ljós þegar ýmiskonar hugblær, skapferli og lyndiseinkunnir eru færð undir eitt vald og lúta áhrifum

eins miðlægs áhrifavalds. Ekkert nema himneskt vald orðs Guðs sem öllu stjórnar og er ofar skilningi alls veruleika getur samræmt ólíkar hugsanir, skoðanir, hugmyndir og sannfæringar mannanna barna.“ „Ég vona,“ segir ‘Abdu’l-Bahá, „að þið megið verða þess valdandi að þessi kúgaði kynþáttur (svartir) verði dýrlegur og sameinist hvíta kynþættinum í þjónustu við mannheim í fullkominni einlægni, tryggð, ást og hreinleika.“

„Ein þeirra mikilvægu spurninga,“ ritar hann einnig, „sem hefur áhrif á einingu og samstöðu mannkyns er vinátta og jafnræði hvíta kynstofnsins og hinna lituðu.“ „Þið verðið að líta á indíána, frumbyggja Ameríku, sem afar mikilvæga,“ ritar ‘Abdu’l-Bahá í töflum hinnar guðlegu áætlunar, „Því þessum sálum má líkja við forna íbúa Arabíuskagans sem fyrir opinberun Múhammeds voru eins og villimenn. Þegar ljós Múhammeds skein mitt á meðal þeirra urðu þeir svo upptendraðir að þeir lýstu upp heiminn. Sama gildir um frumbyggjana – fái þeir menntun og rétta leiðsögn er enginn vafi á að með hinum guðlegu kenningum munu þeir öðlast slíkan trúarlegan skilning að öll jörðin verður uppljómuð.“ ‘Abdu’l-Bahá ritar: „Sendið kennara ef unnt er til annarra svæða í Kanada; sendið einnig kennara til Grænlands og heimila inúítanna.“ „Ef Guð lofar,“ skrifar hann enn fremur í þessum sömu töflum, „mun kall ríkisins berast inúítum til eyrna... Ef þið sýnið viðleitni þannig að ilmur Guðs berist meðal inúíta munu áhrifin verða afar mikil og afdrifarík.“ „Lof sé Guði,“ ritar ‘Abdu’l-Bahá, „að allt sem tilkynnt hefur verið í hinum blessuðu töflum til Ísraelsmanna og það sem skýrt stendur skrifað í bréfum ‘Abdu’l-Bahá er að rætast. Sumt er þegar komið fram; annað verður opinberað í framtíðinni. Hin aldna fegurð hefur í heilögum töflum sínum skrifað skýrum stöfum að niðurlægingardagur þeirra sé liðinn. Hylli hans mun yfirskyggja þá og þessi kynþáttur taka framförum dag frá degi og leysast frá aldagömlu myrkri og niðurlægingu.“

eða kennslunefnda sem starfa á Þjóðar-, landshluta- og svæðissviði þurfa stöðugt að hafa í huga brýna nauðsyn þess að tryggja á eins skömmum tíma og hægt er myndun hópa í þeim fáu fylkjum norðurameríska lýðveldisins, sem eru eftir, og Kanada, hversu litlir og ófullkomnir þeir kunna að vera, og veita þessum nýmynduðu kjörnum allan þann stuðning sem þeir geta svo þeir þróist fljótt og vel á heilbrigðan hátt og verði vel starfandi, sjálfstæð og viðurkennd ráð. Til að leggja slíkan grundvöll og reisa slíkar útvarðarstöðvar – sem vissulega er erfitt verk en afar brýnt og hvetjandi – verða einstakir meðlimir ameríska bahá'í samfélagsins að veita óskoraðan, stöðugan og áhugasaman stuðning. Þótt þær ráðstafanir sem kjörnir fulltrúar þeirra kunna að gera séu viturlegar og áætlanir þeirra raunhæfar og vel grundaðar, munu slíkar ráðstafanir aldrei bera fullnægjandi árangur nema nægilegur fjöldi brautryðjenda ákveði að færa nauðsynlegar fórnir og bjóðist til að framkvæma þessi verkefni. Ég trúi því staðfastlega að þegar merki Bahá'u'lláh hefur verið reist í eitt skipti fyrir öll í hjarta þessara nýju og ónumdu svæða, grunnur lagður að stjórnskipulaginu í bæjum þeirra og borgum og stofnanir þess náð varanlegri fötfestu í huga og hjörtum íbúa þeirra sé það til merkis um fyrsta og þýðingarmesta skrefið í röð áfanga sem kennsluherferðin sem hófst í Sjö ára áætluninni hlýtur að leggja að baki. Ytri fegrun Mashriqu'l-Adhkár í þessari sömu áætlun er nú á lokastigi en kennsluherferðin er aftur á móti enn á upphafsstigi og fjarri því að hafa áhrif á þessum ónumdu svæðum eða lýðveldum Suður-Ameríku. Mikillar viðleitni er þörf, aðstæðurnar fyrir þessar undirbúningsstofnanir eru oft óaðlaðandi og óhagstæðar, starfskraftarnir, sem geta tekist á hendur slíkt verkefni, takmarkaðir, efnin lítil og ófullnægjandi. En hversu oft hefur ekki penni Bahá'u'lláh fullvissað okkur um að „rísi maður upp einn síns liðs í nafni Bahá og klæðist brynju ástar Hans – mun Hinn almáttugi gera hann sigursælan þótt öfl himins og jarðar fylki sér gegn honum.“ Hefur Hann ekki ritað: „Ég sver við Guð, enginn er Guð nema Hann!

Rísi einhver upp til að vinna sigur fyrir málstað Vorn mun Guð gera hann sigursælan jafnvel þótt tugir þúsunda óvina fylki sér gegn honum. Og ef ást hans til Mín eykst mun Guð staðfesta yferráð hans yfir öflum himins og jarðar.“ „Lítið á verk fyrri kynslóða,“ ritar ‘Abdu’l-Bahá. „Á dögum Jesú Krists voru hinar trúu og staðföstu sálir fáar en svo ríkulegar himneskar blessanir stigu niður að á nokkrum árum safnaðist ógrynni sálna saman í skugga guðspjallsins. Guð hefur í Kóraninum sagt þessi orð: „Eitt korn verður að sjö bundinum og í sérhverju bundini eru hundrað korn.“ Með öðrum orðum, eitt korn verður að sjö hundruð; og ef Guði þóknast mun hann einnig tvöfalda þetta. Oft hefur það gerst að ein blessuð sál hefur orðið þess valdandi að heil þjóð hlaut leiðsögn. Nú megum við ekki horfa á hæfni okkar og getu, nei á þessum degi verðum við öllu fremur að festa sjónir á hylli og gjöfum Guðs, sem hefur gert dropann að úthafi og öreindina að sól.“

Þeir sem einsetja sér að verða hinir fyrstu til að hefja upp fána slíks málstaðar undir slíkum kringumstæðum og á slíkum landsvæðum ættu að næra sálir sínar á styrkjandi krafti þessara orða og „klæðast brynju ástar hans,“ ástar sem verður að aukast þegar þeir þreyja í einmanalegu verkefni sínu. Þeir ættu að rísa upp til að prýða björtustu síðurnar sem nokkru sinni hafa verið skrifaðar í andlegri sögu heimalands þeirra með frásögnum um dáðir sínar.

85

Í töflum hinnar guðlegu áætlunar hefur ‘Abdu’l-Bahá ritað: „Þótt ilmi Guðs, lof sé Honum, hafi verið dreift í flestum fylkjum og borgum Bandaríkjanna og ótalinn fjöldi sálna beini andliti sínum að ríki Guðs og stefni þangað, hefur fáni einingar ekki enn verið hafinn á loft í sumum fylkjum né hafa leyndardómar helgra bóka eins og biblíunnar, guðspjallsins og Kóransins verið afhjúpaðir. Með samræmdri viðleitni allra vinanna verður gunnfáni einingar að blakta við hún í þessum fylkjum og hinar guðlegu kenningar kynntar til þess að þessi fylki fái einnig sinn skerf af himneskum gjöfum og hlutdeild í hinni mestu

leiðsögn.“ „Kanada,“ segir hann í annarri töflu hinnar guðlegu áætlunar, „á sér mjög mikla framtíð og atburðirnir sem landinu tengjast eru óendanlega dýrlegir. Augu ástúðar Guðs munu beinast að því og það verður birtingmynd hylli hins aldýrlega.“ „Ég endurtek,“ segir hann er hann ítrekar fyrri staðhæfingu sína í sömu töflu, „að framtíð Kanada, bæði efnisleg og andleg, er afar björt.“

### *Vakning þjóða rómönsku Ameríku*

86

Ekki fyrir hefur þetta fyrsta skref verið tekið með myndun að minnsta kosti eins kjarna í þessum nýju og ónumdu fylkjum og héruðum á meginlandi Norður-Ameríku en skipulegt starf sem miðar að gífurlegri aukningu samræmds bahá'í starfs verður að hefjast í þeim tilgangi að styrkja göfugt átak fáeinna einangraðra einstaklinga til að vekja þjóðir rómönsku Ameríku með ákalli Bahá'u'lláh. Ekki er hægt að líta svo á að áætlunin sjálf hafi náð afgerandi stigi í þróun sinni fyrir en þessi annar áfangi kennsluherferðarinnar í Sjö ára áætluninni er hafinn. Svo öflug verður úthelling guðlegrar náðar yfir hugrakkt samfélag sem nú þegar hefur reist höfuðmannvirki sitt í allri ytri dýrð sinni á stjórnarfarslega sviðinu og fána trúar sinnar í hverju fylki og héraði á meginlandi Norður-Ameríku á vettvangi kennslunnar – svo mikil verður þessi úthelling að meðlimir þess verða agndofa af vitnisburðinum um endurskapandi afl hennar.

87

Sam-ameríska nefndin verður þegar hér er komið, nei, jafnvel áður en þessum áfanga er náð, að grípa tækifærið og sýna kraft, helgun og dirfsku í samræmi við þá ábyrgð sem hún hefur axlað. Ekki má gleyma því eitt andartak að í Mið- og Suður-Ameríku eru ekki færri en tuttugu sjálfstæðar þjóðir, um það bil þriðjungur af öllum fullvalda ríkjum heims, og þeim er ætlað að gegna mikilvægu hlutverki í mótun framtíðar mannkynsins. Þar sem heimurinn er að skreppa saman í eitt þorp og örlög kynþátta hans, þjóða og kynkvísla svo samofin er

fjarlægðin milli þessara ríkja og Vesturálfu hverfandi og möguleikarnir sem leynast í hverju og einu þeirra verða sífellt augljósari.

88

Þegar þessum öðrum áfanga í stigvaxandi verkefnum og starfsemi í Sjö ára áætluninni er náð og gangverk hans fer að starfa, verða amerísku átrúendurnir, hugdjarfir brautryðjendur þessarar miklu hreyfingar, leiddir af óbrigðulu ljósi Bahá'u'lláh og í ströngu samræmi við áætlunina sem 'Abdu'l-Bahá gerði, undir stjórn þjóðarráðs síns og í fullri vissu um aðstoð sam-amerísku nefndarinnar að ráðast gegn öflum myrkurs, spillingar og fáfræði allt til syðsta enda meginlandsins í suðri og allra þeirra tuttugu þjóða sem þar búa.

89

Á þessari stundu ættu nokkrir átrúendur að gyrða lendar viðleitni sinnar, flýja heimabæi sína, borgir og fylki, yfirgefa land sitt og „setja allt sitt traust á Guð sem besta veganestið fyrir ferð sína,“ beina augliti sínu og för til þessara fjarlægðu landa, þessa ónumda vettvangs, þessara ósigruðu borga, og einbeita sér að því að sigrast á borgvirki mannshjartans – hjartans sem „herskarar opinberunar og máls geta sigrað“ eins og Bahá'u'lláh hefur ritað. Þeir ættu ekki að biða þangað til samverkamenn þeirra hafa náð fyrsta áfanga kennsluherferðarinnar heldur ættu þeir frá og með þessari stundu að rísa upp til að hefja þá ferð sem litið verður á sem dýrlegasta kaflann í alþjóðlegri sögu trúar þeirra. Þeir ættu strax frá upphafi, „að kenna sínu eigin sjálfi til þess að orð þeirra megi laða að sér hjörtu áheyrenda þeirra.“ Þeir ættu að líta á sigur trúar sinnar sem „æðsta markmið“ sitt. Þeir ættu ekki að „líta á stærð eða smæð keraldsins“ sem inniheldur þann skerf náðar sem Guð hefur veitt á þessari öld. Þeir ættu „að leysa sig frá öllu sem bindur þá þessum heimi og hégóma hans,“ og í þeim anda andlegrar lausnar sem sækir fyrirmynd sína til 'Abdu'l-Bahá og sem hann vildi að þeir líktu eftir, vekja þessar ólíku þjóðir og lönd til minningar um Guð og æðsta opinberanda Hans. Ást hans ætti að vera „hirsla fjársjóðar fyrir sálir þeirra,“ á þeim degi „þegar sérhver undirstaða



bifast, þegar hrollur fer um sjálft hörund mannanna, þegar öll augu stara upp í skelfingu.“ Sálir þeirra ættu að „tindra svo af loga þessa ódeyjandi elds sem brennur í miðju hjarta heimsins að vötn alheimsins geti ekki kælt hita hans.“ Þeir ætti að vera „frjálsir sem vindurinn“ sem „hvorki berangur né blómleg héruð geta hryggt eða glatt.“ Þeir ættu að „hefja upp rödd sína og kunngera stöðugt málstað Hans.“ Þeir ættu „að kunngera það sem Hinn mesti andi innblæs þeim í þjónustu við málstað Drottins þeirra.“ Þeir ættu að „varast að deila við nokkurn mann, nei, reyna að koma honum í skilning um sannleikann með vingjarnlegu viðmóti og sannfærandi hvatningu.“ Þeir ættu „að kunngera boðskap Guðs eingöngu sakir Hans og sætta sig í sama anda við hver þau viðbrögð sem orð þeirra kunna að vekja í áheyrendum þeirra.“ „Þeir ættu ekki eitt andartak að gleyma því að „hinn trúfasti andi mun styrkja þá með valdi sínu,“ og að „flokkur útvalinna engla Hans mun fara með þeim eins og Hann býður sem er Hinn almáttugi og alvitri.“ Þeir ættu ávallt að hafa í huga „hversu mikil sú blessun er sem bíður þeirra sem hafa fengið þann heiður að þjóna Hinum almáttuga,“ og muna að „slík þjónusta er að sönnu höfðingi allra göfugra gerða og djásn sérhverrar dáðar.“

## 90

Og að lokum þegar þeir halda sína leið um þvert og endilangt meginland Suður-Ameríku ættu þeir stöðugt að hafa þessi sálarvekjandi orð Bahá'u'lláh á vörnum, gera þau að huggun hjartans, ljósi á vegi sínum, féлага í einsemdinni og daglega næringu á ferðum sínum: „Ó vegfarandi á vegi Guðs! Tak skerf þinn úr hafi náðar Hans og svipt þig ekki því sem dylst í djúpum þess.... Ef örsmáum dropa úr því hafi væri dreift yfir alla sem er á himnum og jörðu, nægði hann til þess að auðga þá af veglyndi Guðs, hins almáttuga og alvitra, hins alvísa. Fyllið hendur sjálfsafneitunar lífgefandi vötnum þess og dreifið yfir allt sem skapað er, að það megi hreinsast af öllum mannlegum takmörkunum og nálgast máttugt aðsetur Guðs, þennan helgaða og skínandi reit.

Ver eigi hryggur þótt þú framkvæmir það einn þíns liðs. Lát Guð nægja þér í öllu.... Kunnger málstað Drottins þíns öllum sem eru á himnum og jörðu. Svari einhver kalli þínu, fær honum vísdómsperlur Drottins, Guðs þíns, sem andi Hans hefur sent niður til þín og fyll flokk þeirra sem trúa í sannleika. Og hafni einhver boði þínu, snú frá honum og set alla von þína og traust á Drottin, Guð þinn, Drottin allra veraldanna.“

91

Þessi orð ‘Abdu’l-Bahá úr töflum hinnar guðlegu áætlunar ættu að hljóma í eyrum þeirra þegar þeir halda af stað til að vinna ætlunarverk sitt, fullvissir og óttalausir: „Ó þér postular Bahá’u’lláh! Megi lífi mínu verða fórnað ykkur!... Sjáið hliðin sem Bahá’u’lláh hefur opnað yður! Íhugið hversu háleit og göfug staða er ætluð yður; hversu einstæð hyllin er sem ykkur hefur fallið í skaut.“

„Hugsanir mínar beinast að ykkur og hjartað slær hraðar í brjósti mér þegar ykkar er getið. Ef þið aðeins vissuð hve sál mín brennur af ást til ykkar myndi slík hamingja fylla hjörtu ykkar að þið yrðuð hugfangin hvert af öðru.“ „Fullur mælir árangurs yðar er ekki enn kominn í ljós og þýðing hans ekki ráðin. Áður en langt um líður munuð þið sjá með eigin augum hve geislandi sérhver ykkar tindrar eins og skínandi stjarna af ljósi guðlegrar leiðsagnar á festingu heimalands yðar, veitandi þjóð yðar dýrð eilífs lífs.“ „Ég vona heitt og innilega að í nálægri framtíð muni öll jörðin bifast vegna afreka ykkar.“ „Hinn almáttugi mun án efa hjálpa ykkur með náð sinni, veita ykkur tákni máttar síns og gefa sálum ykkar af endurnærandi afli síns heilaga anda.“ „Leiðið ekki hugann að því hversu fámenn þið eruð, og látið ekki vantrúa veröld og manngrúa hennar á ykkur fá ... Leggið ykkur öll fram; ætlunarverk ykkar er ómælanlega dýrlegt. Krýni árangur verk yðar mun Ameríka vissulega verða miðstöð þaðan sem berast bylgjur andlegs valds og háseti ríkis Guðs verður tryggilega staðfest í fyllingu tignar sinnar og dýrðar.“

92

Þess ætti að minnast varðandi kennslustarfið að framkvæmd Sjö ára áætlunarinnar felur í sér ekkert minna en myndun að minnsta kosti einnar miðstöðvar í öllum lýðveldum Mið- og Suður-Ameríku. Á aldarafmæli fæðingar trúar Bahá'u'lláh ætti, ef núverandi áætlun miðar vel áfram, að vera búið að leggja grundvöll í hverju þessara landa hversu ófullkominn sem hann kann að vera, grundvöll sem komandi kynslóð amerísku átrúendanna geta byggt á þegar fyrstu ár annarrar aldar bahá'í tímatalesins fara í hönd. Þeirra bíður það verkefni á næstu áratugum að víkka og styrkja þennan grundvöll og veita nauðsynlega leiðsögn, aðstoð og uppörvun sem geri dreifðum hópi átrúenda í þessum löndum kleift að stofna sjálfstæð og rétt myндуð svæðisráðs og byggja þannig upp stjórnskipulag trúar sinnar. Slík uppbygging er fyrst og fremst á ábyrgð þeirra sem samfélag norður-amerísku átrúendanna hafa snúið til fylgis við hinn guðlega boðskap. Að undanskilinni þeirri brýnu skyldu að gera hverjum hópi kleift að þróast í svæðisráð verður þetta verkefni að fela í sér uppsetningu allra þátta stjórnskipulagsins í samræmi við andlegar og stjórnarfarslegar meginreglur sem stýra lífi og starfi sérhvers bahá'í samfélag sem stofnað er í heiminum. Ekki má undir neinum kringumstæðum þola fráhrarf frá þessum skýru grundvallarreglum sem varðveittar eru í bahá'í stofnskrám fyrir svæði og þjóðir og eru sameiginlegar öllum bahá'í samfélögum. Þetta er þó verkefni sem varðar þá sem síðar meir munu rísa upp til að efla starfsemi sem í öllum meginatriðum er ekki hafin enn.

### *Grundvöllur varanlegra stofnana*

93

Verkefni sem brátt mun krefjast einbeittrar athygli þeirra sem vinna að Sjö ára áætluninni er að vinna kerfisbundið að því að leggja traustan grundvöll að slíkum varanlegum þjóðar- og

svæðisstofnunum. Um leið og þeir hafa uppfyllt brýna skyldu sína og opnað þau fáu svæði sem eftir eru í Bandaríkjunum og Kanada ættu þeir að gera vel yfirvegaða áætlun um hvernig leggja skal slíkan grundvöll. Eins og áður hefur komið fram eru ráðstafanir fyrir þessi miklu undirbúningsverkefni sem ná verða til allrar Mið- og Suður Ameríku sjálfur kjarninn sem endanlega mun ráða úrslitum um kennsluherferð Sjö ára áætlunarinnar.

Undir þessari herferð er ekki aðeins komin virk framkvæmd þeirra helgu skyldna sem inntar eru af hendi í tengslum við núverandi áætlun heldur einnig stighækkandi afhjúpun næstu áfanga sem nauðsynlegir eru til að gera að veruleika sýn ‘Abdu’l-Bahá á hlutverkinu sem amerísku átrúendurnir eiga að gegna í heimsvíðri útbreiðslu málstaðarins.

94

Þessar ráðstafanir, undirbúningur að kappfullu og skipulögðu starfi sem verður að einkenna kynslóðir átrúenda framtíðarinnar í rómönsku löndunum, útheimta að sínu leyti að andlega þjóðarráðin, landskennslunefnd og sam-ameríska nefndin beiti sér tafarlaust fyrir nákvæmum könnunum áður en sendir eru brautryðjendur og ferðakennarar sem njóta þeirra forréttinda að hefja upp kall nýs dags á nýju meginlandi.

95

Í löngun minni til að verða þeim að liði sem eiga að taka á sig svo feiknlega ábyrgð og þola slíka sjálfsafneitun, get ég aðeins reynt að setja fram nokkrar gagnlegar tillögur sem ég treysti að muni auðvelda árangur af því mikla starfi sem vinna þarf í mjög náinni framtíð. Orku alls samfélagsins verður að helga einarðlega þessu starfi sem verður þýðingarmikið sögulegt kennileiti þegar því lýkur. Fjöldi bahá’í kennara, hvort heldur þeir eru brautryðjendur eða ferðamenn, verður að auka verulega. Fjárhagslegan stuðning sem ætti að standa þeim til boða verður að stórauka og hafa undir góðri stjórn. Bókmenntir og lesefni sem þeir verða að hafa þarf að auka til mikilla muna. Auka ætti almennar

kynningar sem gætu komið þeim að gagni við dreifingu slíkra bókmennta, skipuleggja þær miðlægt og stjórna af þrótti. Próa ætti kerfisbundið möguleikana sem fyrir hendi eru í þessum löndum og nýta þá ötullega. Ýmsar hindranir sem stafa af mjög mismunandi pólitískum og þjóðfélagslegum aðstæðum þarf að kanna vandlega og þeim ætti að ryðja með afgerandi hætti úr vegi. Í stuttu máli ætti ekki að vanrækja nein tækifæri og ekki láta deigan síga þegar lagður er eins breiður og traustur grundvöllur og hægt er að þróun og framförum mesta kennsluframtaks sem ameríska bahá'í samfélagið hefur nokkru sinni hleypt af stokkunum.

96

Góð þýðing mikilvægra bahá'í rita sem tengjast sögu, kenningum eða stjórnskipulagi trúarinnar, mikil og kerfisbundin dreifing þeirra í miklu magni í eins mörgum þessara lýðvelda og mögulegt er og á þeim tungumálum sem best hæfa og mest þörf er á, virðist helsta og brýnasta ráðstöfunin sem grípa þarf til samhliða komu brautryðjenda á þessum svæðum. „Bækur og bæklingar,“ ritar ‘Abdu’l-Bahá í einni af töflum hinnar guðlegu áætlunar, „verður annaðhvort að þýða eða semja á tungumálum þessara landa og eyja og dreifa hvarvetna.“ Í löndum þar sem engin fyrirstaða er af hálfu stjórnvalda eða áhrifahópa ætti að styrkja þessa ráðstöfun með því að birta í ýmsum prentmiðlum vel orðaðar greinar eða bréf sem þjóna því markmiði að beina athygli almennings að ákveðnum almennum þáttum í sálarvekjandi sögu trúarinnar og víðfeðmum kenningum hennar.

97

Sérhver verkmaður á þessum vettvangi, hvort sem hann er ferðakennari eða brautryðjandi, ætti að minni hyggju að gera það að helsta áhugamáli sínu að blanda geði í alúð og vinsemd við alla íbúana án tillits til stéttar, trúar, þjóðernis, eða litarháttar; kynna sér hugmyndir þeirra, smekk og venjur, kanna ítarlega hvernig best er að nálgast þá, einbeita sér með hógværð og þolinmæði að fáeinum sem sýna sérstaka hæfni og næmleik

og reyna af fyllstu gæsku að gróðursetja í hjörtum þeirra þá ást, hollustu og hugsjónaeld, sem gerir þeim að sínu leyti kleift að verða sjálfum sér nógir og hefja sjálfstæða kennslu trúarinnar, hver á sínu svæði. Bahá'u'lláh hvetur okkur með þessum orðum: „Samneytið öllum mönnum, ó fylgjendur Bahá, í anda vináttu og bróðernis. Ef þér kunnið skil á tilteknum sannindum, ef þér eigið í fórum yðar gersemi sem aðrir hafa farið á mis við, veitið þeim þá hlutdeild í henni með innilegri góðvild og vináttuorðum. Sé henni veitt viðtaka, þjóni hún hlutverki sínu, er tilgangi yðar náð. Hafni einhver henni, látið hann þá einan og biðjið Guð að leiðbeina honum. Varist að sýna honum óvinsemd. Góðviljuð tunga orkar sem segull á hjörtu mannanna. Hún er brauð andans og íklæðir orðin merkingu; hún er uppspretta ljóss visku og skilnings.“

98

Auk þess ættu ekki aðeins bahá'í ráð og nefndir, heldur einnig tilvonandi kennarar og aðrir átrúendur sem ekki geta notið þeirra forréttinda að heimsækja eða setjast að á þessu meginlandi, að grípa hvert tækifæri sem gefst til að kynnast og vekja ósvikinn áhuga þeirra sem annaðhvort eru borgarar þessara ríkja eða tengdir þeim á einhvern hátt, hver sem áhugamál þeirra eða atvinna eru. Með vináttunni sem þeim er sýnd, þeim bókmenntum og lesefni sem þeim er gefið og hverskonar tengslum sem þeir stofna til við þá, geta amerísku átrúendurnir sáð fræjum í hjörtu þeirra sem gætu í framtíðinni spírað og borið óvæntasta árangur. Þess ber þó ætíð að gæta að í ákafa sínum að efla alþjóðlega hagsmuni trúarinnar skaði þeir ekki áform sín og snúi þeim á braut sem þeir vilja vinna til fylgis við málstað sinn með einhverri gerð sem hægt væri að mistúlka sem tilraun til fá þá til að skipta um trú og leggja þannig á þá of mikinn þrýsting.

*Hvatning til brautryðjenda*

99

Ég vil sérstaklega beina hvatningu minni til þeirra amerísku átrúenda, önnum kafnir sem þeir eru af margvíslegum, brýnum og sífellt umfangsmeiri málefnum sem að þeim snúa á þessari stundu, sem hefðu á því möguleika, hver sem köllun þeirra eða atvinna er, hvort heldur þeir eru kaupsýslumenn, skólakennarar, lögfræðingar, lækningar, rithöfundar, skrifstofufólk eða annað þessháttar, að stofna til varanlegrar búsetu í þeim löndum sem gætu boðið þeim skynsamlegt lífsviðurværi. Þannig munu þeir léttu sívaxandi þrýstingi á kennslusjóðinn sem á sinn takmarkaða hátt verður að standa undir ferðakostnaði og öðrum kostnaði sem til fellur í sambandi við þetta umfangsmikla verkefni þegar ekki er um aðra kosti að ræða. Ef þeir geta ekki fært sér í nyt svo sjaldgæf og heilög forréttindi, ættu þeir með hliðsjón af orðum Bahá'u'lláh, að einsetja sér hver og einn í samræmi við efni sín og aðstæður að tilnefna fulltrúa sem mun hefjast handa og framkvæma þetta göfuga verk af hálfu þess átrúanda.

„Beinið kröftum yðar,“ segir Bahá'u'lláh, „að því að vinna trú Guðs fylgi. Hver sem verðskuldar svo háa köllun rísi upp og starfi að eflingu hennar. Þeim sem ekki getur það ber skylda til að tilnefna þann sem kunngerir þessa opinberun í hans stað. Vald hennar hefur bifað undirstöðum máttugustu mannvirkja, sundurmolað sérhvert fjall og gert það að dufti og lostið allar sálir furðu.“

## 100

Hvað þá varðar sem hafa getað yfirgefið heimili sín og þjónað á þessum svæðum, hvort heldur er tímabundið eða varanlega – á þeim hvílir sérstök skylda sem ætíð verður að hafa í huga. Það ætti að vera eitt helsta markmið þeirra að vera annars vegar í stöðugu sambandi við þá þjóðnefnd sem sérstaklega hefur verið treyst fyrir eflingu starfsins sem þeir eru að vinna, og hins vegar að hafa samvinnu, með öllum úrræðum sem þeim standa til boða og í sem mestri einingu, við trúsystkini sín í þessum löndum, á hvaða vettvangi sem þau vinna og hver sem staða þeirra, hæfni eða reynsla er. Með því að rækja fyrri skyldu sína fá þeir nauðsynlega örvun og hljóta nauðsynlega leiðsögn sem gerir þeim kleift

að sinna ætlunarverki sínu á virkan hátt. Með reglulegum skýrslum til þeirrar þjóðnefndar fær allt samfélagi trússystema þeirra fréttir af síðustu framvindu í starfi þeirra. Með því að uppfylla síðari skyldu sína tryggja þeir snurðulausar aðgerðir, auðvelda framfarir og forðast hverskyns óheppilega atburði sem gætu tafið eða tálmað þróun sameiginlegs verkefnis þeirra. Náin tengsl og samstillt samskipti milli sam-amerísku nefndarinnar, sem treyst er fyrir þeirri brýnu ábyrgð að skipuleggja svo gríðarstórt verkefni, og þeirra brautryðjenda sem fá þau forréttindi að vinna að verkefninu og auka áhrif þess á allan hátt, sem og á milli brautryðjendanna sjálfra, myndi, auk hins beina hagræðis sem af því hlýst, setja verðugt og hvetjandi fordæmi óbornum kynslóðir sem eiga að halda áfram verkinu sem nú er að hefja sitt nýja og margbrotna ferli.

## 101

Það væri vissulega mjög þýðingarmikið og dýrmætt, ef einhverjir átrúendanna með tekjur sem gerðu þá fjárhagslega sjálfstæða, hversu rýrar sem þær kunna að vera, reyndu að haga málum sínum þannig að þeir gætu dvalið í þessum löndum um ótakmarkaðan tíma, sérstaklega nú um stundir þegar ýmsar takmarkanir í löndunum gera töluverðum fjölda bahá'í brautryðjenda erfitt um vik að fá fasta búsetu og afla lífsviðurværis í þessum ríkjum. Án efa kallar þetta á miklar fórnir, hugrekki, trú og þolinmæði. En gildi þess verður ekki metið réttilega á þessum tímum og aldrei hægt að lýsa til fulls því takmarkalaus endurgjaldi sem bíður þeirra sem taka þetta skref.

„Þeir sem hafa yfirgefið ættland sitt,“ segir Bahá'u'lláh sjálfur, „í þeim tilgangi að kenna málstað Vorn, þá mun hinn trúfasti andi styrkja með mætti sínum... Ég sver við líf mitt! Ekkert verk, hversu mikilsvert sem það er, getur jafnast á við það að undanskildum þeim gerðum sem Guð, hinn alvaldi og máttugi, hefur áformað. Slík þjónusta er að sönnu höfðingi allra veglegra verka og skart sérhverrar göfugrar gerðar.“ Þess ber að gæta að á slíkt endurgjald ber ekki að líta sem hreina blessun sem einskorðast eingöngu við næsta líf heldur felur það líka í sér áþreifanleg gæði sem hugrekki, trú og þolgæði af þessu tagi ein geta veitt í þessum



efnislega heimi.

Traust afrek, andleg jafnt sem stjórnarfarsleg, sem átrúendur frá bæði Bandaríkjunum og Kanada hafa unnið í fjarlægri Eyjaálfu og nú nýlega í Búlgaríu sýna svo ekki verður um villst eðli þess endurgjalds sem ósvikum hetjuskap af þessu tagi hlýtur að falla í skaut, jafnvel í þessum heimi. Bahá'u'lláh segir í eftirminnilegri málsgrein þar sem Hann ber lof á þá ástvini sína sem „hafa ferðast um löndin í nafni Hans og Honum til vegsemdar: „Hver sá sem nær fundi þeirra mun gleðjast og hreykja sér af þeim fundi og allir sem dvelja í því landi munu uppljómast af minningu þeirra.“

### *Einstætt framlag kvenna*

102

Ég finn mig til þess knúinn þegar hér er komið sögu, að minnst þess starfs sem þjónustumeypjar Bahá'u'lláh hafa unnið allt frá því trúin kom til Vesturlanda, og í enn meira mæli en karlmenn, að því að opna upp á eigin spýtur svo mörg og fjölbreytileg lönd um allan hinn byggða heim. Ég vil ekki aðeins hylla þann postullega ákafa sem sannarlega minnir á þær hetjur sem voru ábyrgar fyrir fæðingu trúar Bahá'u'lláh, heldur einnig leggja áherslu á það mikla og einstæða framlag sem konur á Vesturlöndum hafa átt, og eiga enn, í stofnun trúar Hans um allan heim. ‘Abdu'l-Bahá segir sjálfur „Meðal kraftaverkanna sem einkenna þetta heilaga trúarkerfi er að konur hafa sýnt meiri dirfsku en karlmenn þegar þær gengu í raðir trúarinnar.“ Svo mikill og glæstur vitnisburður á sérstaklega við um Vesturlönd og þótt hann hafi verið ríkulega staðfestur allt fram til þessa dags hlýtur hann að styrkjast enn frekar með tímanum þegar amerísku átrúendurnir hefja dýrlegasta áfanga kennsluverkefna sinna í Sjö ára áætluninni. Ekki má draga úr „dirfskunni“ sem með orðum ‘Abdu'l-Bahá hefur einkennt afrek þeirra í fortíðinni þegar þær standa á þröskuldi enn stærri og göfugri afreka. Nei, öllu fremur verða þær hún með tímanum

og á gervöllum víðáttumiklum, ónumdum landssvæðum rómönsku Ameríku að vinna enn glæstari sigra fyrir ástkæran málstað sinn en nokkurn tíma fyrr.

### *Hvatning til bahá'í ungmenna*

103

Ég vil beina orðum mínum sérstaklega til bahá'í ungmenna í Ameríku þegar ég hugleiði möguleikana sem svo gríðarlega umfangsmikil herferð hefur upp á að bjóða og þann mikla og framtakssama anda sem einkennir þau í öflugri þjónustu við málstað Bahá'u'lláh. Þótt þau skorti reynslu og efnin séu ónóg gerir ævintýraþrá þeirra, krafturinn, árveknin, og bjartsýnin sem þau hafa ætíð sýnt fram til þessa, þau hæf til að tryggja sér hollustu jafnaldra sinna í þessum löndum. Ekki er hægt að færa íbúum beggja meginlanda meiri sönnur á æskufjóri, lífsorku og geislandi afli sem einkennir líf og stofnanir nýfæddrar trúar en greindarleg, stöðug og virk þátttaka bahá'í ungmenna af öllum kynþáttum, þjóðernum og stéttum í kennslu og stjórnun bahá'í starfsemi.

Með slíkri þátttöku má best fullvissa gagnrýnendur og óvini trúarinnar, sem fylgjast með mismiklum efasemdum og vanþóknun með proskafferli málstaðar Guðs og stofnana Hans, um þann óhrekjandi sannleika að slíkur málstaður er fullur lífsorku, heilsteyptur í kjarna sínum og framtíð hans er í öruggum höndum. Ég vona og bið þess reyndar að slík þátttaka megi ekki aðeins stuðla að heiðri, valdi og orðstír trúarinnar heldur hafi einnig svo öflug áhrif á andlegt líf og veki til athafna svo unga meðlima bahá'í samfélagsins að þeim verði kleift að sýna meðfædda hæfni sína í enn ríkari mæli og klífa hærri hæðir í andlegri þróun sinni í skugganum af trú Bahá'u'lláh.

### *Sérstaða Panama-lýðveldisins*

104

Trúr þeim fyrirmælum stofnskrárinnar sem staðfest var af penna ‘Abdu’l-Bahá tel ég mér skylt að vekja sérstaka athygli þeirra, sem treyst hefur verið fyrir framkvæmd hennar, á brýnum þörfum og sérstöðu Panama-lýðveldisins bæði vegna þess að það er tiltölulega nálægt hjarta og miðstöð trúarinnar í Norður- Ameríku og vegna landfræðilegrar legu sinnar sem tengiliður tveggja meginlanda. „Öll framantalin lönd,“ ritar ‘Abdu’l-Bahá með vísan til rómönsku ríkjanna í einni af Töflum hinnar guðlegu áætlunar, „eru mikilvæg en þó einkum Panama þar sem Panama-skurðurinn tengir Atlantshafið og Kyrrahafið. Hann er miðdepill fyrir ferðir og siglingar frá Ameríku til annarra meginlanda heims og verður afar mikilvægur í framtíðinni.“ „Sömuleiðis,“ ritar hann aftur, „verðið þið að veita Panama lýðveldinu mikla athygli því þar sameinast vestrið og austrið í Panama-skurðinum sem einnig liggur milli tveggja völdugra úthafa. Þessi staður verður mjög mikilvægur í framtíðinni. Þegar kenningarnar hafa skotið þar rótum munu þær sameina austur og vestur, norður og suður.“

Slík forréttindastaða krefst vissulega sérstakrar og brýnnar athygli ameríska bahá’í samfélagsins. Þar sem Mexíkó hefur þegar verið opnað fyrir trúnni og andlegt ráð lögformlega myndað í höfuðborg landsins er sókn trúar Bahá’u’lláh til nágrennlandsins í suðri aðeins eðlilegt og rökrétt framhald og ætti því vonandi ekki að verða erfiðleikum háð. Ekki ætti að spara neina krafta og engin fórn er of mikil fyrir stofnun hóps, jafnvel þótt lítill sé, í lýðveldi sem andlega og landfræðilega hefur svo þýðingarmikla stöðu – hóps sem með hliðsjón af aflinu sem orð ‘Abdu’l-Bahá hafa þegar lagt honum til getur ekki annað en dregið til sín úthellingu náðar frá Abhá ríkinu jafnskjótt og hann er myndaður og þróast með svo undursamlegum hraða að vekja mun furðu og aðdáun jafnvel þeirra sem nú þegar hafa orðið vitni að sálarvekjandi vitnisburði um kraft og vald trúar Bahá’u’lláh. Allir væntanlegir brautryðjendur sem og meðlimir sam-amerísku nefndarinnar ættu án efa að láta andlegar þarfir þessa forréttinda lýðveldis hafa forgang þótt jafnframt ætti að gera

allt til að kynna trúna, þótt aðeins sé til skamms tíma í Gvatemala, Hondúras, El Salvador, Níkaragúa, og Kosta Ríka. Slíkt myndi tengja Panama-lýðveldið í órofa keðju við móðurráðin á meginlandi Norður-Ameríku. Sigrast verður á hindrunum, hversu miklar sem þær eru, bahá'í sjóðinn ætti að nota óspart í þágu þessa lands, hæfustu og dýrmætustu kraftana ætti að helga vakningu þess. Ég er sannfærður um að bygging annars útvarðar trúarinnar í hjarta þessa lands verður kennileiti í sögu mótunaráldar trúar Bahá'u'lláh í nýja heiminum. Hún mun einnig skapa takmarkalaus tækifæri, styrkja átakið, hleypa endurnýjuðum lífsþrótti í þá sem hafa unnið þetta afrek og færa hjörtum einangraðra hópa og einstaklinga í nágrannalýðveldum og fjarlægari löndum mikið hugrekki og endalaus gleði. Hún mun hafa óáþreifanleg en samt öflug andleg áhrif á líf og framtíðarþróun þjóðar þeirra.

### *Órannsakanleg víska, alltknjandi vilji*

105

Heittelskuðu vinir. Þetta er sjónarsviðið sem blasir við augum og gerir írustu kröfur til auðlinda og mannafla ameríska bahá'í samfélagsins á þessum lokaárum fyrstu aldar bahá'í tímans. Þetta eru eiginleikarnir og hæfnin sem þeir þurfa að sýna til að geta axlað ábyrgð og rækt skyldur sínar með eðlilegu móti. Þetta eru kröfurnar, möguleikarnir og markmiðin í áætlun sem kallar á óskipta athygli þeirra og orku. Hver veit nema þessi fáu hraðfleygu ár beri í sér svo feiknlega atburði að við getum ekki gert okkur þá í hugarlund, með meiri eldraunum en mannkynið hefur áður séð, með meiri tortímingu og eyðileggingu en það áður hefur upplifað. Hættur, hversu skelfilegar sem þær eru, mega þó aldrei myrkva ljóma nýfæddrar trúar þeirra. Deilur og glundroði, hversu mikilli truflun sem þær valda, mega aldrei skyggja á sýn þeirra. Þrengingar, hversu þjáningarfullar sem þær eru, mega aldrei draga úr einbeitni þeirra. Fordæmingar, hversu háværar sem þær eru, mega aldrei draga út

hollustu þeirra. Umbrot, hversu ægileg sem þau eru í eyðileggingarkrafti sínum, mega aldrei verða til þess að breyta stefnu þeirra. Núverandi áætlun sem felur í sér nýjar vonir Meistarans heitins verður að framfylgja hvað sem það kostar, hvað sem koma mun fyrir þá í framtíðinni, hversu truflandi sem umrótið er sem veldur uppnámi í landi þeirra eða í heiminum. Þeir ættu aldrei að gefa eftir í ásetningi sínum eða láta verkefni sín falla í gleymsku.

### 106

Hversu mjög sem kringumstæðurnar kreppa að þeim ættu þeir aldrei að gleyma því að það er í sjálfu sér verk forsjónarinnar að svo umbyltandi heimskreppa fari saman við aukinn vöxt og uppfyllingu guðlega ákvarðaðs verks, að það er tákni um órannsakanlega visku og áform alltknýjandi vilja – þess vilja sem stjórnar á sinn eigin leyndardómsfulla hátt framtíð trúarinnar og örlögum manna. Slíkir samtímaferlar upphafs og hruns, sameiningar og upplausnar, skipulags og glundroða með stöðugum og gagnkvæmum víxlverkunum eru aðeins hliðar á stærri áætlun, sem er ein og ósundurgreinanleg. Uppspretta hennar er Guð, höfundur hennar er Bahá'u'lláh, leiksviðið er öll plánetan og endanlega takmarkið er eining mannkyns og friður á jörð.

### 107

Hugleiðingar sem þessar ættu að stálsetja allt bahá'í samfélagið, bægja frá illum forboðum og fá það til að helga sig á ný öllum fyrirmælum í þeirri guðlegu stofnskrá sem penni 'Abdu'l-Bahá hefur lagt fram fyrir það. Eins og áður var nefnt er Sjö ára áætlunin aðeins á upphafsstigi, stiklusteinn að uppfyllingu alls sem í þeirri stofnskrá felst. Hvötin sem hreyfing þess penna skapaði upphaflega og sem knýr nú af vaxandi þunga gangverk Sjö ára áætlunarinnar verður á fyrstu árum næstu aldar að efla og knýja ameríska bahá'í samfélagið til að leggja aftur á brattann við framkvæmd enn frekari áfanga í uppfyllingu hinnar guðlegu áætlunar, áfanga sem eiga eftir að bera það langt frá ströndum

Norðurálfu til landa og þjóða þar sem þetta samfélag á eftir að vinna sínar göfugustu hetjudáðir.

### *Koma Guðsríkis*

108

Hver sá sem efast um stefnuna sem þessu öfundsverða samfélagi er áformað að fylgja ætti að lesa og íhuga þessi orð ‘Abdu’l-Bahá, sem varðveitt eru um alla framtíð í Töflum hinnar guðlegu áætlunar og beint er til alls samfélags átrúendanna í Bandaríkjunum og Kanada:

„Árangurinn af starfi ykkar er enn ekki kominn í ljós til fulls og þýðing þess er ekki ráðin. Áður en langt um líður munið þið sjá með eigin augum hve skært sérhvert ykkar stafar ljósi guðlegrar leiðsagnar líkt og tindrandi stjarna á festingu heimalandsins, færandi þjóð ykkar dýrð eilífs lífs.... Umfang þeirra afreka sem þið vinnið í framtíðinni er enn á huldu. Ég vona heitt og innilega að í nálægri framtíð muni öll jörðin bifast vegna afreka ykkar. Vonin sem ‘Abdu’l-Bahá elur í brjósti hvað ykkur varðar er að sigrarnir sem þið unnuð í Ameríku megi krýna starf ykkar og viðleitni í öðrum heimshlutum til þess að orðstír málstaðar Guðs megi fyrir ykkar tilstuðlan ná til austurs og vesturs og tilkoma ríkis Drottins herskaranna verði kunngerð á öllum fimm meginlöndum jarðar.“

Þetta eru mjög þungvæg orð hans: „Á þeirri stund sem amerísku átrúendurnir flytja þennan guðlega boðskap frá ströndum Ameríku og breiða hann út í Evrópu, Afríku, Ástralasíu og allt til eyja Kyrrahafsins mun þetta samfélag fá tryggilega staðfestu í hásæti eilífra yfirráða. Þá munu allar þjóðir heims sjá að þetta samfélag er andlega upplýst og nýtur guðlegrar handleiðslu. Þá mun öll jörðin enduróma af lofsöng um dýrð þess og mikilleika.“

109

Enginn lesandi þessara orða, sem eru þrungin slíkum fyrirheitum sem ekki einu sinni sigursæll lokaáfangi Sjö ára áætlunarinnar getur uppfyllt, getur

vænst þess að samfélag sem hafið er í slíkar hæðir fær svo ríkulega heimanfylgju, geti látið sér nægja þá sigra sem það mun vinna í nánustu framtíð. Að gera sér slíka sigra að góðu myndi jafngilda svikum við það traust sem ‘Abdu’l-Bahá bar til samfélagsins. Að rjúfa þá keðju sigurvinninga, sem eiga að leiða það til þess æðsta sigurs sem „mun skekja undirstöður jarðar“ í krafti þeirra afreka sem það vinnur, myndi gera vonir hans að engu. Að hika, að láta undir höfuð leggjast að „flytja þennan guðlega boðskap frá ströndum Ameríku og breiða hann út í Evrópu, Afríku, Ástralasíu og allt til eyja Kyrrahafsins“ – boðskap sem það hefur flutt á svo framúrskarandi hátt á meginlandi Ameríku – myndi svipta það þeim forréttindum að fá „trygga staðfestu í hásæti eilífra yfirráða.“ Að láta sér úr höndum sleppa sá heiður að boða „komu Drottins herskaranna í öllum fimm heimsálfum“ myndi þagga niður í „lofsöngnum um dýrd þess og mikilleika“ sem annars myndi enduróma um „alla jörðina.“

### 110

Ég er þess fullviss að amerísku átrúendurnir, sendiherrar trúar Bahá’u’lláh, myndu aldrei leyfa sér slíkt hik eða vanrækslu. Slíkum trúnaði má aldrei bregðast, þær vonir aldrei glatast, slíkum forréttindum aldrei varpa á glæ né heldur mun slíkur lofsöngur þagna. Nei, öllu fremur mun þessi kynslóð þessa blessaða og margblessaða samfélags eflast stig af stigi og þegar fyrstu öldinni lýkur mun hún afhenda síðari kynslóðum kyndil guðlegrar leiðsagnar, sem logar enn þrátt fyrir ofsafengna storma sem um hann hljóta að blása svo að þeir megi í tryggð sinni við óskir og umboðsvald ‘Abdu’l-Bahá flytja þann kyndil af sama krafti, trúfesti og eldmóði til dimmstu og fjarlægustu afkima jarðar.

### 111

Heittelskuðu vinir! Í löngun minni til að veita ykkur öllum þá aðstoð sem í mínu valdi stendur til að ykkur verði kleift að framkvæma með enn virkari hætti guðlega ákvörðuð og sífellt fleiri skyldustörf get ég á þessari úrslitastundu ekki annað en vakið sérstaka athygli ykkar á þessum ódauðlegu orðum sem tekin eru að hluta til úr miklu safni

óbirtra og óþýddra ritninga Bahá'u'lláh. Hvort sem Hann opinberar stöðu og starfssvið ástvina sinna eða lofsyngur mikilleika málstaðarins eða leggur áherslu á kennsluskylduna sem mikilvægustu allra skyldna, eða fjallar um hættur sem Hann sér fyrir, veitir ráð, mælir varnaðarorð, afhjúpar sjónarsvið, veitir fullvissu og gefur fyrirheit, geta þessi öflug og einkennandi útdrættir úr undursamlegum orðum Bahá'u'lláh, sem hver um sig snertir beinlínis þau verkefni sem eru framundan eða blasa við ameríska bahá'í samfélaginu, ekki annað en vakið svo sterk viðbrögð í huga og hjörtum sérhvers meðlims, sem nálgast þau með tilhlýðilegri auðmýkt og andlegri lausn, að öll verund hans uppljómist og öflug dagleg viðleitni hans stóraukist.

## 112

„Ó vinir! Verið ekki skeytingarlausir um dyggðirnar sem yður voru lagðar í brjóst né hirðulausir um háleit forlög yðar.... Þér eruð stjórnur á himni skilnings, andvari morgunsins, lygnstreym vötn sem allt mannlíf þarfnast, bókstafir greyptir á heilagt bókfell Hans.“ „Ó fylgjendur Bahá! Þér eruð vorblærinn sem berst yfir heiminn. Með yðar fulltingi höfum Vér skrytt heim verundar skarti þekkingar á Hinum almiskunnsama. Með yðar fulltingi hefur ásýnd heimsins ljómað og ljós Hans skinið. Takið fast um haldreipi staðfestunnar þannig að allar hégómlegar ímyndanir geti horfið að fullu og öllu. Hraðið yður frá sjónarbaug máttarins í nafni Drottins yðar, hins óhefta, og berið þjónum Hans af visku og málsnilld tíðindin um þennan málstað sem hefur stafað ljóma sínum yfir heiminn. Varist að eitthvað aftri yður frá að fylgja því sem Penni dýrðarinnar hefur ráðlagt yður þegar hann hreyfist ár töflu Hans með mætti og mikilli tign.

Mikil er blessun þess sem hefur hlýtt á hvella rödd hans þegar hann var hafinn á loft með valdi sannleikans frammi fyrir öllum sem eru á himni og jörðu... Ó fylgjendur Bahá! Fljótið sem er lífið sjálft hefur streymt yðar vegna. Drekkið í mínu nafni þrátt fyrir þá sem ekki hafa trúað á Guð, Drottin opinberunar. Vér höfum gert yður að höndum málstaðar míns. Færið sigur þessum Rangleikna sem þjáðst hefur í



höndum ójafnaðarmannanna. Hann mun vissulega hjálpa öllum sem hjálpa Honum og minnst allra sem minnst Hans. Þessu ber vitni þessi tafla sem skín af dýrð og ástríki Drottins yðar, hins aldýrlega og alknýjandi.“

„Blessaðir eru fylgjendur Bahá! Guð ber mér vitni! Þeir eru augnfró allrar sköpunar. Með þeirra fulltingi hafa alheimarnir verið skryðdir og hin varðveitta tafla fegruð. Það eru þeir sem siglt hafa í örð fullkomins sjálfstæðis og snúið ásjónum sínum að dagsbrún fegurðar. Mikil er blessun þeirra því að þeir hafa öðlast það sem Drottni þeirra, hinn alvitri, hinn alvísi, þóknaðist. Fyrir birtu þeirra hafa himnarnir prýðst og andlit þeirra ljómað sem hafa nálgast Hann.“ „Ég sver við þau sorgarefni sem hrjá fegurð Hins aldýrlega! Slík er staðan sem fyrirhuguð er hinum sanna átrúanda að yrði dýrð hennar opinberuð mannkyni, jafnvel í minna mæli en nálarauga, myndi sérhver áhorfandi tærast upp í löngun sinni til að hljóta hana. Af þessum sökum hefur verið ákveðið að dylja slíkum átrúanda fullan mæli þeirrar dýrlegu stöðu sem hann hlýtur.“ „Yrði blæjunni svipt frá til að opinbera dýrlega stöðu þeirra, sem hafa snúið sér til Guðs og hafnað heiminum í ást sinni, myndi öll sköpunin verða lostin furðu.“

### 113

„Sannlega segi ég! Enginn hefur skilið rætur þessa málstaðar. Öllum ber til þess skylda á þessum degi að sjá með auga Guðs og heyra með eyra Hans. Sá sem hefur litið Mig öðru auga en Mínu eigin auga getur aldrei þekkt Mig. Enginn fyrri opinberandi Guðs hefur nokkru sinni skilið til fulls eðli þessarar opinberunar nema í ákveðnum mæli.“ „Ég ber vitni frammi fyrir Guði um mikilleik, ómælanlegan mikilleik þessarar opinberunar. Vér höfum aftur og aftur borið þessum sannleika vitni í flestum töflum Vorum svo að mannkynið megi vakna af gáleysi sínu.“ „Hversu mikill er ekki þessi málstaður og hve ofurþung byrðin af boðskap hans!“ „Í þessari máttugustu opinberun hafa öll trúarkerfi fortíðarinnar náð hæstu og æðstu fyllingu sinni.“ „Það sem birt hefur verið í þessari ágætustu, þessari

upphöfnustu opinberun er án fordæma í annálum fortíðar og framtíðin mun ekki sjá hennar líka.“ „Áformið að baki allri sköpuninni er opinberun þessa æðsta, þessa ginnhelga, dagsins sem í bókum og ritningum Guðs er nefndur Dagur Guðs – dagsins sem allir spámennirnir, hinir útvöldu og heilögu, hafa þráð að verða vitni að.“

„Innsti veigur og fullkornasta tjáning alls sem menn sögðu eða rituðu til forna hefur með þessari völdugustu opinberun stigið niður frá himni vilja Hans sem er eigandi alls, hins ævarandi Drottins.“ „Þetta er dagurinn, þegar ágætustu gjöfum Guðs hefur rignt yfir mennina, dagurinn þegar máttugasta miskunn Hans veitist öllu sem skapað er.“ „Þetta er dagurinn, dagurinn þegar hafdjúp náðar Guðs hafa opinberast mönnum og sól ástúðar Hans og gæsku vafið þá geislum sínum, dagurinn þegar ský gjafmildi Hans yfirskyggja allt mannkynið.“ „Ég sver við réttlæti Míns eigin sjálfs! Mikill, ómælanlega mikill er þessi málstaður! Máttugur, óumræðilega máttugur er þessi dagur!“ „Sérhver spámaður hefur boðað komu þessa dags og sérhver boðberi kveinað af þrá eftir þessari opinberun – opinberun sem er þess eðlis að jafnskjótt og hún var opinberuð hrópaði allt sem skapað er: „Jörðin er Guðs, hins upphafnasta, hins hæsta!“ „Hinn fyrirheitni dagur er runninn upp og Hann sem er Hinn fyrirheitni kallar hátt frammi fyrir öllum sem eru á himni og öllum á jörðu: „Sannlega er enginn Guð nema Hann, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi!“ Ég sver við Guð! Það sem um eilífð var varðveitt í þekkingu Guðs, Hans sem þekkir hið séða og óséða, hefur opinberast. Sælt er augað sem sér og ásýndin sem beinist að augliti Guðs, Drottni allrar verundar.“ „Mikill er þessi dagur að sönnu! Skírskotanir allra helgiritanna til hans sem dags Guðs staðfesta mikilleik hans. Sál sérhvers spámanns, sérhvers guðdómlegs boðbera, hefur þyrst eftir þessum undursamlega degi. Allar ættkvíslir jarðarinnar hafa einnig þráð að upplifa hann.“ „Á þessum degi opnast dyr sem eru víðari en bæði himinn og jörð... Auga miskunnar Hans sem er þrá og eftirlöngun veraldanna beinist að öllum mönnum. Ein gerð, hversu óendanlega lítil sem hún er, er völdugri en fjall í spegli þekkingar Guðs. Sérhver dropi sem gefinn er á vegi Hans er sem úthaf í þeim spegli. Því að

Þetta er dagurinn sem hinn eini sanni Guð, dýrð sé Honum, hefur kunnbert spámönnum sínum og boðberum í öllum bókum sínum.“ „Slík er þessi opinberun að leggi maður í sölnar einn blóðdropa sakir hennar verða ógrynni úthafa endurgjald hans.“ „Eitt andartak á þessum degi er ágætara öldum liðinna tíma... Hvorki sól né máni hafa orðið vitni að slíkum degi sem þessum.“ „Þetta er dagurinn þegar heimurinn ósýnilegi hrópar: Mikil er blessun þín, ó jörð, því þú hefur verið gerð að fótskör Drottins þíns og útvalin sem völdugt háseti Hans.“

„Heimur verundar skín á þessum degi af ljóma þessarar guðlegu opinberunar. Allt sem skapað er vegsamar hjálpraði Hans og syngur Honum lof. Alheimurinn er gagntekinn sælu gleði og fagnaðar. Helgirit fyrir trúarkerfa gleðjast yfir þeirri miklu hátíð sem hlýtur að fagna þessum almesta degi Guðs. Heill þeim sem hefur lifað til að sjá þennan dag og borið kennsl á stöðu hans.“ „Á þessum degi hefur önnur sól risið og annar himinn prýðst stjörnum hans og plánetum. Heimurinn er annar heimur og málstaðurinn annað málstaður.“ „Þetta er dagurinn sem liðnir tímar og aldir komast aldrei í samjöfnuð við. Vit þetta og tilheyr ekki hinum fáfróðu.“ „Þetta er dagurinn þegar eyru mannsins fá þau forréttindi að heyra það sem Hann, sem ræddi við Guð [Móses], heyrði á Sinaí; það sem Hann sem er vinur Guðs [Múhamed] heyrði þegar Hann var hafinn upp til Hans; það sem Hann sem er andi Guðs [Jesús] heyrði þegar Hann steig upp til Hans sem hjálpar í nauðum, hins sjálfumnóga.“ „Þessi dagur er dagur Guðs og þetta er málstaður Hans. Sæll er sá sem hefur afneitað heiminum og haldið fast við Hann sem er dagsbrún opinberunar Guðs.“ „Þetta er konungur allra daga, dagurinn sem orðið hefur vitni að komu Hins ástfólgnasta, Hans sem um alla eilífð hefur verið hylltur sem þrá heimsins.“ „Þetta er yfirbjóðandi allra daga og konungur þeirra. Mikil er blessun hans sem fyrir ljúfa ilman þessara daga hefur öðlast eilíft líf og hafist handa af óhaggandi staðfestu um að hjálpa málstað Hans, sem er konungur nafna. Slíkur maður er sem auga í líkama mannkyns.“ „Óviðjafnanlegur er þessi dagur því að hann er sem auga fyrir liðnar aldir og ljós í myrkri tímana.“ „Þessi dagur er frábrugðinn öðrum dögum og

Þessi málstaður frábrugðinn öðrum málstöðum. Biðjið hinn eina sanna Guð þess að Hann muni ekki svipta mennina sýn á táknum Hans né láta eyru þeirra daufheyrast við hvellri raust Penna dýrðarinnar.“

114

„Þessir dagar eru dagar Guðs og liðnar aldir geta aldrei komist í samjöfnuð við eitt andartak þeirra. Á þessum dögum er öreindin sem sólin og dropinn sem úthaf. Eitt andartak í ást Guðs og þjónustu við Hann skráir penni dýrðarinnar sem göfuga gerð. Ef greint væri frá dyggðum þessa dags myndu allir verða lostnir furðu nema þeir sem Drottinn hefur undanskilið.“ „Ég sver við réttlæti Guðs! Þessir eru þeir dagar þegar Guð hefur reynt hjörtu allra boðbera sinna og spámanna og auk þeirra þá sem standa vörð um heilagan og ólýtanlega griðastað Hans, íbúa hinnar himnesku hallar og þá sem dvelja í tjaldbúð dýrðarinnar.“ „Ef mikilleiki þessa dags opinberaðist í fyllingu sinni myndi sérhver maður fórna aragrúa lífa í löngun til að eignast hlutdeild í mikilli dýrð Hans þótt ekki væri nema eitt andartak – hversu þá miklu fremur heiminum og fallvöltu ríkidæmi hans!“ „Guð, hinn sanni, ber Mér vitni! Þetta er dagurinn þegar öllum sem sjá ber skylda til að horfa, og öllum sem heyra að hlusta, og öllum skilningsríkum hjörtum að skynja, og öllum talandi tungum að kunngera öllum sem eru á himnum og jörðu þetta heilaga, þetta upphafna og alhæsta nafn.“ „Seg, ó menn! Óviðjafnanlegur er þessi dagur. Óviðjafnanleg verður einnig að vera tungan sem lofsyngur Hann, þrá og eftirlöngun allra þjóða, og óviðjafnanleg sú gerð sem vill öðlast velþóknun fyrir augliti Hans. Öll mannsins ætt hefur þráð þennan dag til þess að hún megi uppfylla það sem sæmir stöðu hennar og er verðugt hlutskipti hennar.“

115

„Með hreyfingu penna Vors höfum Vér að boði Hans sem öllu ræður blásið nýju lífi í sérhvern líkama og gætt sérhvert orð nýrri hæfni. Allt sem skapað er vottar þessa heimsumlykjandi endurnýjun.“ „Ó menn! Ég sver við hinn eina sanna Guð! Þetta er úthafið þaðan sem öll höf eru komin og þangað sem þau öll hverfa aftur. Frá Honum hafa allar

sólir risið og til Hans munu þær allar hníga aftur. Fyrir mátt Hans hafa tré guðlegrar opinberunar borið ávexti sína, sérhvert þeirra sent niður í mynd opinberanda sem flytur boðskap skepnum Guðs í öllum veröldunum sem Guð einn í alltumlykjandi þekkingu sinni getur talið. Þetta hefur Honum tekist með atbeina aðeins eins bókstafs í orði sínu, opinberuðu af pennanum sem fingur Hans stýra – fingur sem fá afl sitt frá sannleika Guðs. „Við réttlæti hins eina sanna Guðs! Hafi örsmár gimsteinn týnst og grafist undir grjótskriðu og liggi falinn handan hafanna sjö, mun hönd hins Alvalda vissulega opinbera hann á þessum degi, hreinan og flekklausan.“

„Sérhver bókstafur sem útgengur af munni Vorum er gæddur slíkum endursköpunarmætti að hann getur kallað til lífs nýja sköpun sem að stærð og umfangi er órannsakanleg öllum nema Guði. Hann hefur vissulega þekkingu á öllum hlutum.“ „Það er á Voru valdi, ef Vér óskuðum þess, að láta svífandi rykögn fæða af sér á einu augabragði óteljandi og óumræðilega bjartar og geislandi sólar, að gera einn daggardropa að aragrúa víðáttumikilla úthafa og gæða sérhvern bókstaf slíku afli að hann geti afhjúpað alla þekkingu liðinna og ókominna alda.“ „Vér erum gæddir slíku valdi að kæmi það fram í dagsljósið myndi það breyta banvænasta eitri í óbrigðult græðilyf.“

## 116

„Dagarnir líða að lokum og samt eru þjóðir jarðar alteknað hörmulegu gáleysi og hafa ratað í augljósa villu.“ „Mikill, mikill er málstaðurinn! Stundin nálgast þegar umbrotin mestu munu eiga sér stað. Ég sver við Hann sem er sannleikurinn! Þau munu þjaka alla með aðskilnaði, jafnvel þá sem hverfast um Mig.“

„Seg: Ó hersing gálausra! Ég sver við Guð! Hinn fyrirheitni dagur er kominn þegar kvalafullar raunir munu ólga yfir höfðum yðar og undir fótum yðar, mælandi þessi orð: Smakkið það sem hendur yðar hafa gert!“ „Stundin er runnin upp þegar eyðing heimsins og þjóða hans fer í hönd. Hann sem er hinn eilífi er kominn svo Hann megi veita eilíft líf og ævarandi vernd og færa það sem stuðlar að sönnu lífi.“ „Sá dagur fer í

hönd þegar logar hennar (siðmenningarinnar) munu eyða borgunum og Tungu

tignarinnar kunngera: Ríkið er Guðs, hins almáttuga og altignaða.“

„Ó þér skilningslausir! Mikil ógæfa fer á hæla yður og mun skyndilega hremma yður. Vaknið svo að hún megi líða hjá og ekki vinna yður miska.“ „Ó þér þjóðir heimsins! Vitið í sannleika, að ófyrirsjáanleg ógæfa fer á hæla yður og hörmulegt endurgjald bíður yðar. Haldið ekki að þær gerðir sem þér hafið framið hafi gleymst fyrir augliti Mínú.“ „Ó þér gálausir! Þótt undur miskunnar Minnar hafi umlukið allt sem skapað er, sýnilegt og ósýnilegt, og þótt opinberanir náðar Minnar og mildi hafi gegnsýrt sérhverja öreind í alheiminum, þá er fleinninn sárbeittur sem ég hirti illgerðarmennina með og heift reiði Minnar í gegn þeim ægileg.“

„Lát ekki þá hryggja þig sem eru uppteknir af jarðneskum hlutum og hafa gleymt að minnast Guðs, hins æðsta. Ég sver við Hann sem er sannleikurinn eilífi! Sá dagur nálgast þegar heiftarreiði Hins almáttuga mun hremma þá. Hann er vissulega hinn alvaldi og alltsigrandi, hinn voldugasti. Hann mun hreinsa jörðina af saurgun spillingar þeirra og gefa hana að arfleifð þeim þjónum sínum sem eru Honum nálægir.“

„Brátt mun hrópið, „Já, hér er ég, hér er ég!“ gjalla frá sérhverju landi. Því aldrei hefur verið og aldrei mun verða neitt annað athvarf sem nokkur maður getur flúið til.“ „Og þegar hin tiltekna stund rennur upp, birtist það skyndilega sem fær limu mannkynsins til að skjálfa. Þá, og aðeins þá, verður hinn himneski sigurfáni dreginn að hún og næturgali paradísar syngur söngljóð sitt.“

117

„Upphafi hverrar opinberunar fylgir mótlæti sem síðar snýst í mikla hagsæld.“ „Seg: Ó fylgjendur Guðs! Varist að láta valdhafa jarðar skelfa yður eða mátt þjóðanna veikja yður eða uppnám hinna deilugjörnu aftra yður eða málsvara jarðneskrar dýrðar hryggja yður. Verið sem fjallið í málstað Drottins yðar, hins almáttuga, aldýrlega og óhefta.“ „Seg: Varist, ó fylgjendur Bahá, að hinir sterku á jörðinni ræni yður styrk og að þeir sem

stjórna heiminum fylli yður ótta. Setjið traust yðar á Guð og felið málefni yðar umsjá Hans. Hann mun vissulega gera yður sigursæla með afli sannleikans og Hann hefur vissulega vald til að gera það sem Honum líst, og í greip Hans eru stjórntaumar máttar og alveldis.“

„Ég sver við Mitt eigið líf! Ekkert mun koma fyrir Mína elskuðu nema það sem gagnar þeim. Þessu ber vitni penni Guðs, hins völdugasta, hins aldýrlega og ástsælasta.“ „Látið ekki atburði heimsins hryggja yður. Ég sver við Guð! Úthaf gleðinnar þráir að ná fundi yðar því að allt hið góða var skapað fyrir yður og verður birt yður í samræmi við þarfir tímanna.“ „Ó þjónar mínir! Hryggist eigi ef á þessum dögum og á þessu jarðneska sviði hafi það sem gengur í gegn óskum yðar verið ákvarðað og birt af Guði því að dagar sæluríks fagnaðar, himnesks unaðar, bíða yðar vissulega. Veraldir, sem eru heilagar og andlega dýrlegar, munu verða birtar augum yðar. Yður er fyrirhugað af Honum, í þessum heimi og þeim sem kemur, að öðlast hlutdeild í gæðum þeirra, taka þátt í fögnuði þeirra og fá skerf af endurnærandi náð þeirra. Til þeirra allra munuð þér án efa komast.“

## 118

„Á þessum degi á maðurinn að tala. Fylgjendum Bahá er skylt að reyna að leiða þjóðir jarðar með ítrustu þolinmæði og umburðarlyndi til hins hæsta sjónarhrings. Sérhver líkami hrópar hátt á sál. Himneskar sálir verða að lífga hina dauðu með andanum í orði Guðs. Í sérhverju orði er fölginn nýr andi. Sæll er sá sem öðlast hann og rís upp til að kenna málstað Hans, sem er konungur eilífðar.“ „Seg: Ó þjónar! Sigur þessa málstaður er og verður ætíð háður birtingu heilagra sálna, göfugum gerðum og opinberun orða fullkominnar visku.“ „Beinið kröftum yðar að því að vinna trú Guðs fylgi. Hver sem verðskuldar svo háa köllun rísi upp og starfi að eflingu hennar. Þeim sem ekki getur það ber skylda til að tilnefna þann sem kunngerir þessa opinberun í hans stað. Vald hennar hefur bifað undirstöðum máttugustu mannvirkja, sundurmolað sérhvert fjall og gert það að dufti og lostið allar sálir

furðu.“ „Látið það vera fremsta markmið yðar að bjarga hinum fallna frá feni yfirvofandi útslokknunar og hjálpa honum að umfaðma aldna trú Guðs. Hegðun yðar gagnvart náunga yðar ætti að vera með þeim hætti, að hún sýni glögg tákningu hins eina sanna Guðs því þér eruð hin fyrstu sem andi Hans endurskapar, sem tilbiðja Hann og knékrjúpa Honum, hinir fyrstu sem hringsóla um hásaeti dýrðar Hans.“ „Ó ástvinir Guðs! Hvílist ekki á hægum sessi, nei, hefjist handa um leið og þér berið kennsl á Drottin yðar, skaparann, og heyrið um hlutskipti Hans og komið Honum strax til aðstoðar. Hefjið upp rödd yðar og kunngerðið stöðugt málstað hans. Betra er þetta fyrir yður en allir fjársjóðir fortíðar og framtíðar, ef þér teljist til þeirra sem skilja þennan sannleika.“ „Ég sver við Hann sem er sannleikurinn! Áður en langt um líður mun Guð þrýða upphafið á bók tilverunnar með nöfnum ástvina sinna sem þoldu þrengingar á vegi Hans og fóru um löndin í Hans nafni og Honum til vegsemdar. Hver sem kemst í návist þeirra mun gleðjast og stæra sig af þeim fundi og allir sem dvelja í þeim löndum upplýsast af ljósi minningar um þá.“ „Keppið hvert við annað í þjónustu við Guð og málstað Hans. Þetta er vissulega það sem kemur yður að haldi í þessum heimi og þeim sem kemur. Drottinn yðar, Guð miskunnar, er sá sem allt þekkir og allt veit. Látið það sem þér sjáið á þessum degi ekki hryggja yður. Sá dagur mun koma þegar þjóðirnar hrópa: „Jörðin er Guðs, hins almáttuga og einstæða, hins óviðjafnanlega og alvísa!“

„Blessaður er staðurinn og húsið og svæðið og borgin og hjartað og fjallið og athvarfið og hellirinn og dalurinn og landið og hafið og eyjan og sléttan þar sem Guðs hefur verið minnst og lofgjörð Hans vegsömuð.“ „Sjálfr hreyfingin frá einum stað til annars, þegar hún á sér stað sakir Guðs, hefur alltaf haft sín áhrif og getur enn haft áhrif í heiminum. Í helgiritum fyrri tíma hefur staða þeirra sem ferðast hafa nær og fjær til að leiðbeina þjónum Guðs verið skráð og útskýrð.“ „Ég sver við Guð! Vegsemdin sem fyrirhuguð er hinum staðföstu er slík að væri afhjúpuð svo mikið sem



nálarauga af henni myndu allir á himni og jörðu verða furðu lostnir nema þeir sem Drottinn hefur undanskilið.“ „Ég sver við Guð! Það sem er áformað er honum sem hjálpar málstað mínum er ágætara öllum fjársjóðum jarðarinnar.“ „Ég sver við réttlæti Guðs! Sá sem á þessum degi lýkur upp munni sínum og nefnir nafn Drottins síns – herskarar guðlegs innblásturs munu stíga niður yfir hann frá himni nafns Míns, hins alvitra og alvísa. Yfir hann munu einnig stíga herskarar himinsins, sérhver haldandi á lofti kaleik af skínandi ljósi. Slík er forákvörðunin í ríki opinberunar Guðs að boði Hins aldyrlega og voldugasta.“ „Ég sver við réttlæti Hans sem á þessum degi hrópar í innsta hjarta alls sem skapað er: „Guð, enginn er Guð nema Ég!“ Rísi einhver rís upp og verji í ritum sínum málstað Guðs gegn árásarmönnum hans, hlotnast honum, hversu óverulegt sem framlag hans er, slíkur heiður í næstu veröld að herskarar himinsins munu sjá ofsjónum yfir dýrð hans. Enginn penni getur lýst upphafinni stöðu hans né nokkur tunga tjáð ljóma hennar.“ „Guð gefi að yður auðnist að framkvæma vilja Guðs og fá sakir náðar Hans styrk til að meta að verðleikum tignarstöðuna sem veitist þeim ástvinum Hans, sem hefjast handa um að þjóna Honum og mikla nafn Hans. Yfir þeim hvíli dýrð Guðs, dýrð allra sem eru á himni og jörðu og dýrð íbúa hinnar upphöfnustu paradísar, himins himnanna.“ „Ó fylgjendur Bahá! Að enginn getur keppt við yður er táknið um miskunn. Drekkið vín ódauðleikans af bikar hyllinnar þrátt fyrir þá sem hafa afneitað Guði, Drottinni nafnanna og skapað himnanna.“

## 119

„Ég sver við hinn eina sanna Guð! Þetta er dagur þeirra sem hafa skilið að baki allt nema Hann, dagur þeirra sem viðurkenna einingu Hans, dagurinn þegar Guð skapar með höndum valds síns guðdómlegar verur og óförgengilegar verundir sem hver og ein mun varpa frá sér heiminum og öllu sem honum tilheyrir og verða svo staðfastir í málstað Guðs að sérhver viturt og skilningsríkt hjarta undrast.“ „Hulinn hinni helgu blæju og reiðubúinn til þjónustu við Guð var liðsflokkur Hans útvöldu sem verða birtir mönnum. Þeir munu rísa upp frammi fyrir

augliti allra á jörðu og himnum og kunngera hárrí raust nafn Hins alvalda og stefna manna börnum inn á vegu Guðs, hins aldyrlega og altignaða.“ „Sá dagur nálgast þegar Guð mun með atbeina vilja síns reisa upp kynstofn manna sem í eðli sínu er órannsakanlegur öllum nema Guði, hinum almáttuga og sjálfumnóga.“ „Áður en langt um líður mun Hann kalla fram úr skauti valds hendur máttar og yfirráða – hendur sem munu rísa upp og vinna sigra fyrir þennan Æskumann og hreinsa mannkynið af saurgun úrhraksins og hinna óguðlegu. Þessar hendur munu gyrða lendur sínar og berjast fyrir trú Guðs og yfirbuga þjóðir og kynkvíslir jarðar í Mínu nafni, hins sjálfumnóga, hins máttuga. Þeir munu ganga inn í borgirnar og blása ótta í brjóst öllum íbúum þeirra. Slíkir eru vitnisburðir máttar Guðs, hve ógnþrunginn, hve ofsafenginn er ekki máttur Hans!“

## 120

Fáein orð að lokum. Meðal þýðingarmestu og hugstæðustu yfirlýsinganna sem ‘Abdu’l-Bahá lét frá sér fara á tímamótaferðum sínum um meginland Norður-Ameríku er þessi: „Megi þetta ameríska lýðveldi verða fyrsta þjóðin sem leggur grunninn að alþjóðlegu samkomulagi. Megi hún verða fyrsta þjóðin sem lýsir yfir einingu mannkyns. Megi hún verða hin fyrsta til að draga fána hins mesta friðar að hún.“ Og aftur: „Ameríska þjóðin er vissulega þess verð að reisa tjaldbúð hins mesta friðar og lýsa yfir einingu mannkyns... Því að Ameríka hefur þróað með sér afl og hæfileika sem eru meiri og undursamlegri en fallið hefur öðrum þjóðum í skaut... Ameríska þjóðin hefur kraft og hæfni til að ljúka því verki sem mun prýða spjöld sögunnar, verða öfundarefni heimsins og njóta blessunar bæði í austri og vestri vegna sigurs þjóðarinnar. ...Meginland Ameríku sýnir tákni og ummerki afar mikilla framfara. Framtíð hennar er jafnvel enn bjartari því að áhrif hennar eru víðtæk og upplýsing hennar mikil. Hún mun leiða allar þjóðir andlega.“

## *Hlutskipti amerísku þjóðarinnar*

121

Sú skapandi orka sem mótaðist á leyndardómsfullan hátt, þegar ófullþroska heimsskipulag Bahá'u'lláh bærði fyrst á sér, gæddi þjóðina, sem átti að verða vagma þess og frumkvöðull, verðleikum og eðliskostum jafnskjótt og hún var leyst þar úr læðingi. Hún færði henni afl og hæfni og undirbjó hana andlega fyrir hlutverkið sem boðað var með þeim spámannlegu orðum sem vitnað var til hér að ofan. Styrkurinn sem þetta guðlega fyrirhugaða ætlunarverk hefur blásið þjóðinni í brjóst er annars vegar byrjaður að gera vart við sig í meðvitaðri viðleitni og árangri sem náðst hefur um allt landið, bæði í kennslunni og á stjórnsviðum þessa skipulagða samfélags fylgjenda Bahá'u'lláh á meginlandi NorðurAmeríku. Þessir sömu kraftar, aðskildir en þó samfara þessari viðleitni og afrekum, eru hins vegar með næstum ómerkjanlegum hætti að móta framtíð þjóðarinnar með árekstri pólitískra og efnahagslegra afla heimsins og þeir hafa áhrif á líf og störf þjóðarinnar og stjórnvalda hennar.

122

Ég hef hér að framan vísað ítrekað til viðleitni og afreka þeirra, sem nú starfa á þessu meginlandi í fullri vitund um opinberun Bahá'u'lláh, og til stefnunnar sem starfsemin tekur í nútíð og framtíð. Fáein orð ætti að segja um stefnu þjóðarinnar sem heildar og um tilhneiginguna í málefnum hennar til þess að fá réttan skilning á forlögum amerísku þjóðarinnar í heild sinni. Því hversu fáfróð sem hún er um uppsprettu þessa stjórnandi krafts og hversu hægfara og erfitt sem ferlið er, kemur æ betur í ljós að þjóðin er sem heild vegna áhrifa, sem hún hvorki skilur né hefur stjórn á, að dragast í átt að þesskonar bandalögum og stefnumörkunum þar sem sönn forlög hennar hljóta að bíða, eins og 'Abdu'l-Bahá gefur til kynna – hvort sem það gerist fyrir tilstilli stjórnvalda eða einhvers annars. Samfélag amerísku átrúendanna, sem eru sér meðvitaðir um þessa uppsprettu, og mikill þorri samlanda þeirra

sem ekki hafa enn borið kennsl á Höndina sem stýrir forlögum þeirra, leggja sitt af mörkum, hver með sínum hætti, til þess að uppfylla fyrirheitin og gera þær vonir að veruleika sem ‘Abdu’l-Bahá gaf í ofangreindum orðum sínum.

### 123

Veröldin heldur sína leið. Atburðirnir sem eiga sér stað í henni eru óheillavænlegir og gerast furðu hratt. Hvirfilbylur ástríðna hennar er ofsafenginn og ber fljótt yfir. Nýi heimurinn sogast ómerkjanlega inn í hringiðu hans. Möguleg stormsvæði jarðar varpa nú þegar skugga á strendur hans. Ófyrirsjáanlegar hættur steðja að, innan frá og utan. Ríkisstjórnir og þjóðir festast hægt og sígandi í viðjum endurtekkinna heimskreppa og heiftugra deilna Með örri framþóun í vísindum eru Atlantshafið og Kyrrahafið að skreppa saman í þröng sund. Hið mikla lýðveldi Vesturálfu sogast sérstaklega og í vaxandi mæli inn í atburðarrásina. Fjarlægjar þrumur bergmála á ógnþrungin hátt í uppnámi þjóðarinnar. Sitt hvoru megin við hana eru möguleg stormsvæði að myndast á meginlandi Evrópu og í Austurlöndum fjær. Á sjónarhringum í suðri leynast hugsanlega önnur hættusvæði.

Heimurinn er að skreppa saman í þorp. Ameríka verður hvort sem henni líkar betur eða verr að horfast í augu við þessar nýju aðstæður og takast á við þær. Vegna þjóðaröryggis, að ekki sé minnst á mannúðarástæður, verður hún að axla þær skyldur sem þetta nýja heimsþorp leggur henni á herðar. Þótt það kunni að virðast þversagnakennt er eina von hennar um lausn frá aðsteðjandi hættum sú, að verða hluti af þeim alþjóðlega bandalagsvef sem hönd órannsakanlegrar forsjónar er að vefa. Ráð sem ‘Abdu’l-Bahá gaf háttsettum embættismanni stjórnarinnar kemur upp í hugann og eru sérlega kröftug og viðeigandi: Þú getur best þjónað landi þínu ef þú reynir sem heimsborgari að hjálpa til að beita þeirri meginreglu sambandsstjórnar, sem er grundvöllur stjórnarfars í þínu eigin landi, á tengslin sem nú ríkja milli þjóða og landa heims. Penni ‘Abdu’l-Bahá lýsti þeim hugsjónum, sem hleyptu kappi í

sorglega vanmetinn forseta Ameríku, sem tákni um dögum hins mesta friðar. Háleitir hugsjónir þessa forseta voru lítilsvirtar af kynslóð sem hafði enga framtíðarsýn. Þær liggja nú í duftinu og álasa gálausri kynslóð beisklega fyrir að hafa varpað þeim frá sér af slíkri grimmd. Enginn athugull áhorfandi getur með nokkru móti neitað því að hættur steðja að heiminum úr öllum áttum, að þær aukast og ógna í raun og veru amerísku þjóðinni. Jörðinni hefur verið breytt í vopnaðar herbúðir. Allt að fimmtíu milljónir manna eru annaðhvort undir vopnum eða í varaliðum. Á einu ári hefur ekki minna en þremur milljörðum punda verið eytt í vopnabúnað. Ljós trúarinnar hafa myrkvast og siðferðilegur myndugleiki er í upplausn. Þjóðir heims hafa að mestu leyti orðið fórnarlömb stríðandi hugmyndakerfa sem ógna sjálfum grundvelli pólitískrar og dýrkeyptrar einingar þeirra. Óánægjan kraumar í æstum manngrúa þessara landa; hann er grár fyrir járnnum, ryðst um í ótta, stynur undan oki þrenginga sem eiga sér upptök í pólitískum deilum, kynþáttaofstæki, hatri milli þjóða og trúarlegum fjandskap. „Því er miður,“ segir Bahá’u’lláh ótvírætt, „vindar örvæntingar blása úr öllum áttum og deilurnar sem þjaka og aðskilja mannkynið magnast dag frá degi. Tákn aðsteðjandi hamfara má nú þegar greina...“ ‘Abdu’l-Bahá lét þessi spámannlegu orð falla fyrir meira en tveimur áratugum: „Meinsemdirnar sem nú þjaka heiminn munu margfaldast; myrkrið sem grúfir yfir honum á eftir að sortna. Balkanlöndin verða áfram í uppnámi. Eirðarleysi þeirra mun vaxa. Sigrúðu veldin halda áfram að efna til æsinga. Þau neyta allra ráða til kveikja aftur stríðsbálið. Nýjar hreyfingar sem teygja sig um allan heim munu gera sitt ítrasta til að koma fyrirætlunum sínum í verk. Vinstri hreyfingin verður afar mikilvæg og áhrif hennar fara vaxandi.“ Hvað varðar amerísku þjóðina sjálfa varar sjálfur forseti hennar skýrt og ákveðið við stóraukinni hættu á árás á landið með þróun í flugvélasmiði og öðrum þáttum. Utanríkisráðherra hennar sem nýlega ávarpaði ráðstefnu fulltrúa frá öllum lýðveldum

Ameríku lét frá sér fara ekki síður óheillavænlega viðvörun. „Uppreisnaröflin bíða ógnandi á lengdar um allan heim – geigvænlegur skuggi þeirra fellur á okkar eigin heimsálfu.“ Fjölmíðlar hennar slá á sömu viðvörunarnótur um yfirvofandi háaska. „Við verðum að búa okkur undir að verjast árásum sem koma jafnt að innan sem utan... Varnarlandamæri okkar eru löng. Þau ná frá Point Barrow í Alaska til Hornhöfða, frá Atlantshafi til Kyrrahafsins. Enginn veit hvenær eða hvar árásaröflin í Evrópu eða Asíu láta til skarar skriða. Það gæti gerst hvar og hvenær sem er. Eini möguleikinn er að við hervæðumst sjálf... Við verðum að standa dyggan vörð um Vesturálfu.“

124

Leiðin sem ameríska þjóðin hefur lagt að baki frá því hún hafnaði hugsjónum Wilsons forseta formlega og afdráttarlaust, breytingarnar sem óvænt hafa orðið á högum hennar á síðustu árum, stefnan sem atburðarásin í heiminum tekur með óhjákvæmilegum áhrifum á stefnumál og efnahag þjóðarinnar – allt er þetta afar þýðingarmikið, einstaklega lærdómsríkt og uppörvandi fyrir sérhvern bahá'í áhorfanda sem skoðar þróunina á alþjóðavettvangi í ljósi spádóma Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá.

Ekki er mögulegt að rekja nákvæmlega stefnuna sem þjóðin tekur á þessum erfiðu og örlagaríku tímum. Við getum aðeins með hliðsjón af málefnaströðu hennar á þessari stundu gert ráð fyrir stefnunni sem hún er líklegust til að taka í tengslum sínum við lýðveldin á meginlandi Ameríku og lönd í öðrum heimsálfum.

125

Nánari tengsl við þessi lýðveldi annars vegar og aukin þátttaka hins vegar á ýmsum stigum í málefnum alls heimsins sem afleiðing af endurteknum alþjóðakreppum virðist líklegasta þróunin sem framtíðin ber í skauti sér fyrir þessa þjóð. Tafir eru óhjákvæmilegar, afturkiptir verða þegar þjóðin þróast í átt að sínu endanlega hlutskipti. Ekkert getur

þó breytt stefnunni sem óskeikull penni ‘Abdu’l-Bahá markaði henni. Eining sambandsríkjanna er nú þegar staðreynd og innri stofnanir þeirra hafa verið treystar í sessi. Sá áfangi markar þroska þjóðarinnar sem pólitískrar heildar. Frekari þróun hennar sem meðlimur í fjölskyldu þjóðanna hlýtur að eiga sér stað undir kringumstæðum sem enn er ekki hægt að ráða í. Slík þróun varir án efa við allt til þess tíma þegar störf og kraftar þjóðarinnar, sem framúrskarandi samstarfsaðili í sambandsríki heimsins, fá notið sín til fulls með því afgerandi hlutverki sem hún mun gegna í skipulagningu og friðsamlegri sáttagerð í málefnum mannkyns.

126

Nánasta framtíð þessarar þjóðar verður dimm og þrúgandi þegar hún sogast stöðugt, hægt og óumflýjanlega, inn í þær margvíslegu erfiðleika og úrræðaleysi sem hrjáir mannkynið. Heimsumbyltandi eldraunir sem Bahá’u’lláh sagði skýrt og ótvírætt fyrir um, eins og fram kom í tilvitnunum hér á undan, gætu sogað hana inn í hringiðu þeirra í áður óþekktum mæli. Ólíkt því sem gerðist eftir síðustu heimsátök mun þjóðin sennilega komast frá þessum eldraunum í þeim meðvitaða ásetning að grípa tækifærið og beita öllum áhrifum sínum á þau risavöxnu vandamál sem hljóta að koma í kjölfar slíkra eldrauna og ásamt systurþjóðum sínum í austri og vestri gera útlæga um alla eilífð mestu bölvunina sem hefur þjakað og smánað mannkynið frá því að sögur hófust.

127

Þá og aðeins þá mun ameríska þjóðin, mótuð og skírð í deiglu sameiginlegrar styrjaldar, stælt af hörku hennar og öguð af lærdómi hennar, vera í aðstöðu til að hefja upp raust sína á þingi þjóðanna, leggja sjálf hornstein að varanlegum allsherjarfriði, kunngera samstöðu, einingu og fullþroska mannkyns og aðstoða við stofnun hins fyrirheitna ríkis réttlætis á jörðu. Þá og aðeins þá mun ameríska þjóðin, á sama tíma og samfélag amerísku átrúendanna í hjarta hennar er að fullkomna guðlega áformað ætlunarverk sitt, geta gengið til móts við þá óumræðilega dýrlegu framtíð sem Hinn almáttugi hefur ætlað henni og skráð er ódauðlegum

stöfum í ritum ‘Abdu’l-Bahá. Þá og aðeins þá mun ameríska þjóðin afreka það „sem prýða mun spjöld sögunnar“ og „verða öfundarefni heimsins og blessuð bæði í austri og vestri.“

SHOGHI

25. desember, 1938



## GUDLEGT RÉTTLÆTI Í NÁND

*hefur sérstöðu meðal rita Shoghi Effendi.*

*Bókin er pistill til bahá'ía í Norður-Ameríku og hefur verið lýst „sem stofnskrá fyrir bahá'í kennsluna.“ Þar koma fram afdráttarlausar kröfur Varðarins til bahá'í samfélagsins um þau siðferðilegu viðmið sem eiga að einkenna líf þess og einstaklinganna sem tilheyra því.*

*Hann lýkur lofsorði á amerísku átrúendurna, en bregður einnig upp ógnvekjandi mynd af meinsemdum amerískrar og vestrænnar siðmenningar. Hann varar við öfgafullri efnishyggju, spillingu, trúar- og kynþáttafordómum og bendir á að einnitt þessar meinsemdir voru leyndardómsfull ástæða þess að Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá völdu*

*Norður-Ameríku til að verða vagga nýs heimsskipulags.*

*Bahá'í útgáfan*

*Öldugötu 2, 101 Reykjavík*